

**SKOÐUN** Sif Sigmarsdóttir skrifar um svívirðingaregn yfir Hetju ársins að mati lesenda DV. 15



**MENNING** Jólasýning Borgarleikhússins, Mýs og menn, fær fjórar stjörnur í leikdómi. 28



**SPORT** Spjótkastskonan Ásdís Hjálmsdóttir hefur fundið sér nýjan þjálfara í Sviss. 32


Námskeið
- innifalin í áskrift -
www.badhusid.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
2. janúar 2013
1. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Fannfergi fyrir vestan

Unnið var að viðgerð á raflínum á Vestfjörðum í gær. Íbúar í Árneshreppi voru án rafmagns í nær fjóra sólarhringa. 2

**Ómögulegt frumvarp** Forseti Íslands gagnrýnir stjórnarskrárfrumvarpið harðlega og segir að með því yrði stjórnkerfi landsins kollvarpað. 4

**Hugur í Abe** Nýr forsætisráðherra Japans ætlar að hefja kjarnorkuvinnslu af fullum krafti til að ná efnahagslífinu á strik og standa uppi í hárinu á Kínverjum. 6

**Samkomulag á nýársnótt** Demókratar og repúblikanar náðu saman um ný skattalög á síðustu stundu. 6




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | NA | 5 |
| Akureyri | 0° | | SSV | 3 |
| Egilsstaðir | 1° | | SA | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 1° | | SSA | 3 |
| Reykjavík | 3° | | SV | 4 |

**Minnkandi úrkoma** og vindur en bætir aftur í úrkomu og vind síðdegis eða í kvöld. Hlýnandi. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Fólk | Heilsuhótel Íslands









# Stærstu manngerðu ísgöng heims áætluð í Langjökli

Umhverfisstofnun er jákvæð í garð 300 metra langra ísganga og hella í Langjökli. Heilbrigðiseftirlit hefur áhyggjur af mengun. Á að laða að 20 þúsund gesti á ári, en þó lítið umfram þá sem fara á jökulinn.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fyrirhuguð 300 metra löng ísgöng í Langjökli yrðu stærstu manngerðu ísgöng í heimi, verði af framkvæmdinni. Verkfræðistofan Efla hefur unnið að verkefninu ásamt nokkrum ferðaþjónustuaðilum frá 2010. Umhverfisstofnun telur framkvæmdina ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og hún sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í tilkynningu Eflu til Skipulagsstofnunar kemur fram að með verkefninu eigi að gera Langjökul aðgengilegan ferðamönnum og vísindasamfélaginu á nýjan hátt, þar sem hægt verði að ganga ofan í jökulinn.

„Inni í göngunum mun fólk sjá hvernig jökullinn er að innan, hvernig snjór sem fellur á jökulinn verður að hjarni og loks að þéttum ís. Ætlunin er að inni í göngunum verði einnig settur fram fróðleikur um jöklana og áhrif hlýnunar andrúmsloftsins,“ segir í skýrslunni. Þá mætti einnig móta listaverk í ísinn.

Ferðaþjónustuaðilar á svæðinu eru hvatamenn að hugmyndinni, en líklega yrðu þetta fyrstu göng í hveljökli í heiminum sem yrðu opin almenningi. Í grófri rekstraráætlun kemur fram að áætlað sé að um tuttugu þúsund gestir sæki göngin heim á ári, en allt að áttatíu prósent þeirra heimsæki jökulinn hvort eð er. Aukningin væri því um 4.000 manns.

Stærstur hluti gesta mun koma upp á jökulinn við fjallaskálann Jaka á Geitlandi, en göngin yrðu staðsett í 1.250 metra hæð.

„Gert er ráð fyrir að fyrst verði grafin út um 300 m löng göng í ísinn. Innsti hluti þeirra verður þá á um 30 metra dýpi í jöklinum, í þéttum jökulís, og þar er gert ráð fyrir að útbúnir verði eins konar hellar þar sem tekið verður á móti ferðamönnum,“ segir í skýrslu Eflu.

- kóp

### ➜ Heilbrigðiseftirlit óttast slæma umgengni

Við undirbúning verkefnisins hefur hugsanleg mengun á Langjökli verið borin saman við mengun á Bláfjallasvæðinu. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) telur að það sé ekki sambærilegt án betri gagna og að of margir óvissuþættir séu til staðar við verkefnið sem kanna þurfi nánar.

Heilbrigðiseftirlitið vísar í starfsemi sem starfrækt var í fjallaskálanum Jaka í Geitlandi við Langjökul, þar sem boðið var upp á afþreyingu fyrir ferðamenn ásamt takmörkuðum veitingum. Snyrtiaðstaða var fyrir gesti. Jökullinn hefur nú hopað svo mikið að mannvirkin standa nokkur hundruð metrum utan við hann.

„Á þessum stað var umgengni það slæm 2008 að HeV varð að beita sérstökum úrræðum. Þar var olíumengun í jarðvegi utan jökulsins. Hvað hefði gerst ef viðkomandi mannvirki hefðu verið inni í jöklinum?“ segir í umsögn eftirlitsins.



**LÁNSAMUR** Auga Baldurs skaddaðist nokkuð þegar hann fékk aflmikinn flugeld í andlitið á gamlárskvöld. Hann áttaði sig á því strax og huldi áverkann fyrir börnunum í kring. Einnig er hann illa kinnbeinsbrotinn en segir hlífðargleraugun hafa bjargað lífi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fékk öflugan skoteld í andlitið þegar kveikt var á risatertu á gamlárskvöld:

# Gleraugun björguðu lífi Baldurs

**SLYS** „Hefði ég ekki verið með gleraugu hefði flugeldurinn farið inn í augntóftina og hreinlega rifið af mér höfuðið – ég hefði aldrei lifað það af,“ segir Baldur Sigurðarson sem slasaðist þó nokkuð þegar hann fékk skoteld í andlitið á gamlárskvöld. „Gleraugun björguðu lífi mínu.“

Baldur telur tertuna hafa verið gallaða því hann hafi ekki náð að standa upp áður en hún skaut. „Þetta var svona terta á stærð við Yaris, sú allra stærsta frá björgunarsveitunum.“

Hann segist hafa stillt skottertunni upp, kveikt á þræðinum og búist við að tertan myndi byrja að skjóta á hinu horninu. „Ég var varla risinn upp þegar hún skaut úr sama horni og kveikurinn var á. Hún var greinilega biluð.“ Hin skotin flugu ekki hátt og sprungu á jörðinni.

Spurður hvort hann sé mikið slasaður segir hann að það fari eftir því hvernig á það sé litið. Hann sé heppinn að vera á lífi. „Það er álíka afl í þessu og í haglabyssu og hún skaut mig á tveggja metra færi beint í hausinn,“ segir Baldur. Hann hafi fundið strax að hægra augað var ekki lagi. Hann hélt því fyrir augað svo börnin í kring sæju ekki hversu slasaður hann var.

Augnlæknir á Landspítalanum hefur sagt Baldri að hann muni sjá þrátt fyrir slysið. Baldur er hress og ánægður með að vera á lífi. „Þér að segja þá er ég í besta skapi lífs míns.“

- bþh

> **Það er álíka afl í þessu og í haglabyssu og hún skaut mig á tveggja metra færi beint í hausinn.**

Ófrjósamur og hjálpfús:

## Nýtir erfiða reynslu til góðs

**FÓLK** „Eftir að viðtalið birtist við mig í Íslandi í dag fór gjörsamlega allt af stað,“ segir Andri Hrafn Agnarsson, sem greindist ófrjór í haust og hefur einsett sér að hjálpa fólki í sömu sporum.



**ANDRI HRAFN AGNARSSON**

„Fyrir utan stuðning frá fjölskyldu og vinum þá hefur þvílíkur fjöldi fólks sem við þekkjum og sem við þekkjum ekki neitt skrifað mér og Söru á Facebook, og meira að segja fékk ég símtal frá manni utan af landi sem ég þekki ekkert,“ segir Andri.

- þeb / sjá síðu 10



Póstsending skilar sér:

## Fengu 63 ára gamalt dagatal

**BANDARÍKIN, AP** Dagblað í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum fékk póstsent dagatal frá lestarfyrirtæki fyrir áramót. Gallinn var sá að dagatalið var fyrir árið 1950.

Dagatalið var póstsent fyrir áramótin 1949 og 1950 til ritstjóra Scranton Times. Sá lést hins vegar áður en árið 1950 gekk í garð. Engar vísbendingar eru þó um hvar dagatalið hefur verið í þessi 63 ár.

- bþh

## SPURNING DAGSINS



Elvar Árni, skýtur þetta ekki svolítið skökku við?

**„Við skjótum nágrannaþjóðum okkar ref fyrir rass.“**

Elvar Árni Lund er formaður Skotveiðifélags Íslands en Ísland er í 15. sæti heimslistans yfir byssueign á hvern íbúa.

Biskup Íslands segir vegið að heilbrigðisöryggi þjóðarinnar og boðar söfnun á vegum kirkjunnar:

# Forstjóri LSH fagnar boðaðri landssöfnun

**ÞJÓÐKIRKJAN** Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, fagnar því að kirkjan vilji leiða landssöfnun til tækjakaupa á spítalanum. Agnes M. Sigurðardóttur biskup boðaði slíka söfnun í nýársprédikun sinni í Dómkirkjunni í gær.

„Undanfarið hefur verið vegið að öryggi landsmanna í heilbrigðismálum, bæði hér í höfuðborginni og eins úti um landið. Á eina háskólasjúkrahúsi landsins, þar sem einkunnarorðin eru umhyggja, fagmennska, öryggi og framþróun, er tækjakostur það bágborinn og úr sér genginn að til vandræða er,“ sagði Agnes.

„Það er nauðsynlegt að finna leiðir til úrbóta því öll viljum við búa við öryggi á hvaða aldri sem við erum og hvar sem við búum. Landspítali er fyrir okkur öll sem búum í þessu landi,“ bætti hún við. Það væri Þjóðkirkjan líka.

„Þess vegna vill kirkjan taka þeirri áskorun að vera leiðandi í söfnun til tækjakaupa á Landspítalanum í samráði við stjórnendur spítalans. Samtakamáttur þjóðarinnar hefur einatt skilað miklum árangri.“

„Við höfum ekki rætt þetta, en ég var búinn að heyra óm af þessu frá kirkjunnar mönnum,“ segir Björn Zoëga. „Auðvitað líst okkur alltaf vel á það þegar svona stórt og sterkt afl vill styðja við starfsemina því að það er engin launung að við höfum að miklu leyti þurft að styðjast við gjafir við endurnýjun á vissum tækjum.“ **- sh**



**AGNES SIGURÐARDÓTTIR**



**BJÖRN ZOËGA**

Fékk glas í andlitið:

# Réðst á sjúkraflutningamenn

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður réðst á sjúkraflutningamenn og sló lögreglukonu í Árbæjarhverfi um eittleytið á nýársnótt. Sjúkrabíllinn hafði verið sendur í Árbæjarhverfið þar sem talið var að maður væri veikur. Þegar lögregla og sjúkralið komu á staðinn lét maðurinn til skarar skríða. Hann var umsvifalaust handtekinn og vistaður í fangaklefa.

Þá skarst tvítug stúlka í andliti eftir að glasi hafði verið hent í hana á veitingastað um fjögurleytið á nýársnótt. Atvikið átti sér stað á bar við Hafnarstræti. Vitað er hver árásarmaðurinn er, hann hafði sig á brott áður en lögregla kom á staðinn. Stúlkan var flutt með sjúkrabifreið á slysadeild. **- jhh**

# Arnór Hannibalsson látinn

Arnór K. Hannibalsson, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, andaðist að heimili sínu, Hreggnasa í Kjós, föstudaginn 28. desember síðastliðinn, 78 ára að aldri.



Hann var kvæntur Nínu Sæunni Sveinsdóttur, fædd árið 1935, en þau skildu árið 1995. Börn þeirra eru Ari, Kjartan, Auðunn, Hrafn og Þóra.

Arnór fæddist að Strandseljum í Ögurhreppi þann 24. mars 1934. Foreldrar hans voru Hannibal Valdimarsson, verkalýðsleiðtogi, þingmaður og ráðherra, og Sólveig Ólafsdóttir.



**FÆRRI KAUPA FLUGELDA** Svo virðist sem veðrið hafi sett strik í reikninginn hjá flugeldasölunum þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Veðrið setti strik í reikning

# Flugeldasala dregst saman

**VERSLUN** Mun minna seldist af flugeldum um þessi áramót en í fyrra. Veðrið virðist hafa sett strik í reikninginn víða á landinu, en á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri var sala svipuð milli ára, enda voru veðuraðstæður þar góðar miðað við annars staðar á landinu.

Hörður Már Harðarson, formaður Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, sagði í samtali við Stöð 2 í gærkvöld að sala hafi gengið illa þar sem veðurófærð spillti samgöngum. Menn hafi rétt náð að selja fyrir kostnaði á flugeldunum, en ekki meira en það. Hörður bendir á að sölustaðir verði opnir fyrir þrettándann, svo enn sé ekki öll nótt úti. **- sv**

23 létust af slysförum 2012:

# Flestir létu lífið í umferðinni

**SLYS** Alls létust 23 einstaklingar af slysförum á nýliðnu ári. Er þetta fjölgun um þrjá frá árinu 2011.

Tæpur helmingur lést í bílslysi, eða tíu manns, en heima- og frítímaslysum fjölgaði á milli áranna 2010 og 2012, úr tveimur í sex. Flest banaslysin voru í mars og desember eða fimm einstaklingar í hvorum mánuði.

Þó virðist sem banaslysum hafi fækkað jafnt og þétt síðustu ár, en svo dæmi séu tekin létust 36 árið 2003 og fimmtíu árið 2006. **- sv**

# Voru án rafmagns í nær fjóra sólarhringa

Íbúar í Árneshreppi á Vestfjörðum voru án rafmagns í nær fjóra sólarhringa eftir óveðrið. Allt of langur tími, segir orkubússtjóri. Nauðsynlegt að leggja línur í jörð þótt þær séu dýrar og standi ekki undir sér. Unnið að viðgerðum í allan gærdag.

**VESTFIRÐIR** Íbúar í Árneshreppi voru án rafmagns í nær fjóra sólarhringa, eða frá aðfaranótt síðastliðins laugardags. Víðtæk bilun varð á rafmagnskerfi á Vestfjörðum eftir að óveðrið skall þar á fyrir helgi, en viðgerðarmenn frá Orkubúi Vestfjarða unnu hörðum höndum að viðgerðum eftir að veðrinu slotaði. Vonast var til að rafmagn yrði komið á alls staðar á svæðinu eftir viðgerðir gærdagsins.

Kristján Haraldsson orkubússtjóri segir þetta vera allt of langan tíma fyrir fólk að vera í rafmagnsleysi, þó svo að það sé ekki óalgengt á svæðinu að rafmagn fari af.

„Nú förum við yfir málin og skoðum afleiðingarnar af þessu veðri,“ segir Kristján. „Við erum að setja línur í jörð á þessum svæðum hægt og rólega, en það er bara svo geypilega dýrt. Ef við tökum bara Árneshreppinn sem dæmi út frá markaðssjónarmiði, þá stendur aldrei undir sér að setja línur í jörð þar vegna þess að íbúarnir eru svo fáir. En út frá samfélagslegum sjónarmiðum verður að gera þetta.“

Að sögn Kristjáns kostar á bilinu 400 til 500 milljónir að leggja rafmagnslínur í jörð í Árneshreppi einum. Rúmlega fimmtíu manns eiga lögheimili í hreppnum, en hann er sá fámennasti á landinu öllu. Landsvæðið er þó töluvert stórt, eða um 724 ferkílómetrar.

Unnið var að viðgerð á Norðurlínu á Trékyllisheiði, Tálknafjarðarlínu og Breiðdalslínu upp af Kjaranstaðadal í gær. Á gamlárskvöld tókst að koma á spennu frá Mjólká til Önundarfjarðar eftir að starfsmenn í Mjólkárvirkjun höfðu lagfært Hrafnseyrarlínu. Dísilkeyrslu lauk á Flateyri og Þingeyri á tíunda tímanum. Ekki tókst að koma á spennu frá Breiðadal til Ísafjarðar og Bolungarvíkurlínu og er enn þá keyrt þar á varaafli og dísilvélar eru keyrðar í Súðavík og á Suðureyri.

**sunna@frettabladid.is**



**ALLT Á KAFI** Íbúar á Ísafirði stóðu í ströngu í gær við að moka bíla sína úr snjóköflum. Spáð er hlýnandi veðri næstu daga. MYND HAFÞÓR

## Áhyggjur af hlýnandi veðri

„Aðaláhyggjuefnið er hlýnandi veður sem getur skapað enn frekari snjóflóðahættu,“ segir Harpa Grímsdóttir, forstöðukona Snjóflóðaseturs á Ísafirði. Ákveðið var að aflétta rýmingu í Súðavík og Hnífsdal um miðjan dag í gær, og íbúum í tveimur húsum við Seljalandsveg á Ísafirði verður leyft að fara heim aftur.

Síðustu daga hafa sjö íbúðarhús á Vestfjörðum staðið tóm vegna hættu á snjóflóðum, en sama hættustig er nú og undanfarna daga. Að sögn Hörpu er mesta hættan í dæmigerðum giljum ofan við bæi þar sem snjór er mikill. Tugir flóða hafa fallið á svæðinu undanfarna daga.


# BRIDS SKÓLINN



Bridsskólinn heldur námskeið á fjórum stigum:

1) BYRJENDUR 2) KERFIÐ 3) ÚRSPILIÐ 4) VÖRNIN

Á vorönn er boðið upp á námskeið á stigum 1, 3 og 4.

**STIG 1** hefst **21. janúar** átta mánudagskvöld frá 20-23
**STIG 3** hefst **23. janúar** átta miðvikudagskvöld frá 20-23
**STIG 4** hefst **20. mars** fimm miðvikudagskvöld frá 20-23

Nánari upplýsingar og **innritun**
í síma **898-5427** milli kl. 13 og 18 daglega.
Ennfremur á Netinu á vef **bridge.is** (undir „fræðsla“).

♤ ♡ ◊ ♧

Námskeiðin fara fram í húsnæði Bridgesambands Íslands,
**Síðumúla 37** í Reykjavík.


Vel sköpuð stúlka frá Hvolsvelli er fyrsta barn ársins 2013:

# Beið þar til nýtt ár gekk í garð

**FÓLK** „Við áttum von á því að hún kæmi yfir hátíðarnar, en þetta fór eins og við vonuðum og hún ákvað að bíða fram í janúar,“ segir Einar Viðar Viðarsson, nýbakaður og stoltur faðir fyrsta barns ársins 2013. „Það er að vissu leyti betra að fæðast snemma á árinu, upp á skóla og svona, en þetta er auðvitað alltaf dásamlegt, sama hvenær þau koma.“

Einar og kona hans, Berglind Hákonardóttir, eiga fyrir tvö börn; Hákon átta ára og Védísi fjögurra ára. Þau systkinin eiga afmæli í október og desember.

Litla stúlkan kom í heiminn klukkan 5.34 og gekk fæðingin vel, að sögn Einars.

„Við vorum komin á kvennadeild LSH klukkan tvö eftir að hafa keyrt frá Hvolsvelli,“ segir hann. „Þetta gekk bara mjög vel í alla staði.“

Nýársbarnið var 14 merkur og 49,5 sentimetrar að lengd. Litla stúlkan er enn ekki komin með nafn. „Nú fer maður bara í það að hugsa,“ segir Einar, sem var á leið á Selfoss með nýstækkaðri fjölskyldunni þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Þar ætla hjónin að hvílast á sjúkrahúsi með dótturina eina nótt áður en þau halda heim á Hvolsvöll. **- sv**



**MEÐ NÝÁRSBARNIÐ** Einar Viðar Viðarsson og Berglind Hákonardóttir með nýfædda dóttur sína. MYND/STÖÐ 2



0 kr. Nova í Nova: Ekkert mánaðargjald í frelsi en 690 kr. í áskrift.

## GENGIÐ
28.12.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,68 | 129,30 |
| Sterlingspund | 206,99 | 207,99 |
| Evra | 169,45 | 170,39 |
| Dönsk króna | 22,710 | 22,842 |
| Norsk króna | 22,995 | 23,131 |
| Sænsk króna | 19,729 | 19,845 |
| Japanskt jen | 1,4914 | 1,5002 |
| SDR | 197,55 | 198,73 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
232,8427

Jóhanna Sigurðardóttir hvetur aðila vinnumarkaðarins til að halda friðinn í komandi kjarasamningum:

# Endurmeta þarf láglauna- og kvennastörf

**STJÓRNMÁL** Endurmeta þarf störf láglaunastétta og fjölmennra kvennastétta í komandi kjarasamningum. Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í áramótaávarpi sínu í sjónvarpinu á gamlárskvöld.

Hún hvatti aðila á vinnumarkaði til að halda friðinn og sættast á bætt kjör þeirra sem lakast standa.

Jóhanna vék einnig að endurskoðun stjórnarskrárinnar og sagði að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar í október hefðu verið afgerandi.

„Þjóðin kallar eftir breytingum á grunnreglum samfélagsins. Málið er nú í höndum Alþingis og ábyrgð þess gagnvart almenningi er mikil. Það er einlæg von mín að alþingismönnum auðnist nú að ná saman um breytingar á stjórnskipan landsins fyrir komandi alþingiskosningar.“

Jóhanna áréttaði að hún teldi landið á réttri leið þrátt fyrir deilur og átök.

„Þó sumum finnist á stundum að firringin frá 2007 sé aftur farin að skjóta upp kollinum er það mikilsverður árangur, að slík ógn við heiðarleg og sanngjörn samfélagsleg gildi á erfiðara uppdráttar og mun færri bandamenn en á árunum fyrir hrun.“ - sh



**KALLAÐ EFTIR BREYTINGUM** 2007-ógnin á færri bandamenn nú, segir Jóhanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðfríður Lilja hættir:

## Ólafur Þór tekur sætið

**ALÞINGI** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lét af þingmennsku um áramótin.



**GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR**

Ólafur Þór Gunnarsson, læknir og bæjarfulltrúi í Kópavogi, tekur sæti Guðfríðar.

Guðfríður sagði formlega af sér þingmennsku á gamlársdag með bréfi til forseta Alþingis.



**ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON**

Hún hefur verið formaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá haustdögum 2011 en var áður formaður þingflokks VG og formaður félags- og tryggingamálanefndar þingsins.

Óskarsakademían í vanda:

## Gat ekki kosið

**BANDARÍKIN** Tæknilegir örðuleikar urðu til þess að frestur til að kjósa um kvikmyndir ársins til Óskarsverðlaunanna var framlengdur um einn sólarhring.

Þetta var í fyrsta sinn sem hin svokallaða Akademía gat kosið um myndirnar á netinu, en sumir virtust ekki geta skráð sig inn á síðuna og mörgum fannst kerfið flókið, að sögn BBC. Að öllu óbreyttu verður tilkynnt um tilnefningarnar hinn 10. janúar næstkomandi.

Alls eru sex þúsund meðlimir í Akademíunni. Meðalaldur félaga er 62 ár og um 14 prósent eru yngri en fimmtíu ára. - sv

Sérsveitin tók haglabyssu:

## Afvopnaður í Hafnarfirði

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit ríkislögreglustjóra var kölluð að heimahúsi í Hafnarfirði árla á nýársmorgun vegna vopnaðs manns.

Tilkynnt hafði verið um slagsmál og þegar lögregla mætti á staðinn kom á daginn að maður í húsinu var vopnaður haglabyssu. Sérsveitin handtók manninn og var hann vistaður í fangageymslu. Haglabyssan reyndist óhlaðin, en á staðnum fannst einnig riffill og eru bæði vopnin nú í vörslu lögreglu. - sh

Þrjár síður um Margréti:

## Drottning varar við Facebook

**DANMÖRK** Margrét Þórhildur Danadrottning gerði samskiptasíðuna Facebook að umfjöllunarefni í nýársávarpi sínu í gær. Drottningin varaði við notkun síðunnar, þá sérstaklega hjá ungu fólki, þar sem því hætti til að reyna að búa sér til „fullkomið líf“ á síðunum og hætti þá að sýna sitt rétta andlit.



**MARGRÉT ÞÓRHILDUR**

Þetta ræddi Margrét í ljósi þess að mannleg samskipti eru í auknum mæli að færast yfir á netið og sagði að með því yrðu þau yfirborðslegri og ekki eins raunveruleg.

Þess má geta að þrjár Facebook-síður eru tileinkaðar Margréti Þórhildi: Ein aðdáendasíða, einn hópur og ein persónuleg í hennar nafni sem stofnuð var í mars síðastliðnum. - sv

# Óttast að við förum úr öskunni í eldinn

Forseti Íslands gagnrýnir frumvarp að nýrri stjórnarskrá harðlega og segir að hún yrði „tilraun um stjórnkerfi sem ætti sér engan líka á Vesturlöndum“. Hrunið hafi átt að kenna okkur að hlusta á viðvaranir fræðimanna. Afgreiða þurfi málið í sátt.

**STJÓRNARSKRÁ** Frumvarpið að nýrri stjórnarskrá felur í sér umbyltingu á stjórnkerfi landsins, að mati Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands. Hann telur að djúpstæðar deilur um efni þess séu ekki vænlegar til árangurs og ná þurfi sátt um mikilvægustu atriðin. „Ella yrði farið úr öskunni í eldinn,“ sagði forsetinn í nýársávarpi sínu í gær.

Ólafur varði nálega helmingi ávarpsins í umfjöllun um stjórnarskrármálið. „Því er miður að nú um áramótin blasir við að umræðan um nýja stjórnarskrá er á ýmsan hátt komin í öngstræti,“ sagði hann.

„Lítil sem engin umræða hefur orðið um hið nýja stjórnkerfi sem tillögurnar fela í sér, hvernig samspili Alþingis, ríkisstjórnar og forseta yrði háttað.“

Forsetinn sagði að með því að leggja niður ríkisráð hefði þjóðhöfðinginn og ríkisstjórn engan formlegan samráðsvettvang lengur, ráðherrar sem hlotið hefðu brautargengi í kosningum til þings yrðu sviptir málfrelsi á Alþingi, „einstaklingum yrði auðveldað að ná þingsetu í krafti fjölmiðlafrægðar“, dregið yrði úr áhrifum flokka og hlutur landsbyggðar rýrður.

Þá gagnrýndi hann mjög að frumvarpið gerði ráð fyrir stórauknum völdum forseta og forsætisráðherra. „Forsætisráðherra fengi agavald yfir ráðherrum annarra flokka og gæti einn rekið þá alla; virðist sem tillögumenn telji að helsti galli íslenskrar stjórnskipunar á undanförnum áratugum hafi verið að forsætisráðherrar – og reyndar forseti líka – hefðu þurft enn meiri völd.“

Þetta sagði hann að „yrði tilraun um stjórnkerfi sem ætti sér engan líka á Vesturlöndum.“

Ólafur Ragnar sagði að nú væri reynt að gera mikla gagnrýni fræðimanna á frumvarpið tortryggilega. „Slíkur málflutningur minnir því miður á skollaeyrun sem ýmsir skella við rannsóknum á hlýnun jarðar,“ sagði hann. „Var ekki helsti lærdómur hrunsins að taka ætti meira mark á þeim sem í krafti þekkingar vara við hættunum handan við hornið?“

stigur@frettabladid.is



**VILL EKKI AUKIN VÖLD** Forsetanum og forsætisráðherra yrðu færð stóraukin völd með nýju stjórnarskránni, að mati forsetans sjálfs. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Of seint að rífa lestina af teinunum

Stjórnlagaráðsmaðurinn Þorvaldur Gylfason segir að vilji þjóðarinnar sé skýr, enda hafi málið fengið eins lýðræðislega meðferð eins og hugsast gat frá árinu 2009. Hann er ekki sammála þeirri túlkun forsetans að ný stjórnarskrá auki völd hans.

Þá sé gagnrýni forsetans of seint fram komin, enda sé allri efnislegri umræðu um málið lokið. „Þá er bara orðið of seint að ætla að rífa lestina af teinunum. Lestin er komin á teinana og endir málsins er í augsýn og þá byrja menn ekki að þrefa um efnisatriði sem þeir hefðu átt að vera löngu búnir að vekja máls á ef þeim væri einhver alvara með því.“ - lvp




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**NÝJA ÁRIÐ HEILSAR MEÐ HLÁKU** því það hlýnar á landinu næstu daga. Talsverð úrkoma fellur sunnan- og vestanlands sem rigning eða slydda og þar verður einnig nokkuð vindasamt. Mun hægari vindur og minni úrkoma verður norðaustan til.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur fram eftir degi en vaxandi síðdegis S- og V-lands.




**Föstudagur**
Gengur í hvassa sunnanátt með úrkomu.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Berlín | 6° | Friedrichshafen | 4° | Las Palmas | 21° | New York | 1° | París | 8° |
| Aþena | 14° | Billund | 6° | Gautaborg | 5° | London | 11° | Orlando | 25° | San Francisco | 11° |
| Basel | 2° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 14° | Ósló | -5° | Stokkhólmur | 1° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

DRAUMARÚM

30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM

# TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN

## Rafmagnsrúm á verði frá 190.049



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732**

## Tvíbreið heilsurúm á verði frá 129.360



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.497**

## JANÚARTILBOÐ: Tökum gamla rúmið uppí nýtt!



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

Eini aðilinn á íslandi sem býður uppá legugreiningu

## Janúartilboð á arineldstæðum 20-65% afsláttur







– Mikið úrval af eldstæðum –

## ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar í heiminum vilja læknar leggja blátt bann við öflugustu flugeldunum?
**2.** Hvað heitir forsætisráðherra Indlands?
**3.** Hvenær var síðast jafn víðtækt rafmagnsleysi á landinu eins og á Vestfjörðum undanfarna daga?

**SVÖR**

**1.** Í Svíþjóð **2.** Manmohan Singh **3.** Árið 1995

Barack Obama forseti ánægður með samkomulag um skattalög á Bandaríkjaþingi:

# Samkomulag um skattalögin í höfn

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjaþing samþykkti á nýársnótt samkomulag þeirra Baracks Obama Bandaríkjaforseta og Joe Biden varaforseta við Mitch McConnell, leiðtoga repúblikana í öldungadeild Bandaríkjaþings.

Samkomulagið um lögin sem fara nú fyrir neðri deild bandaríska þingsins koma í veg fyrir að skattar hækki á Bandaríkjamenn í millistétt en við áramótin féllu úr gildi skattalækkanir George Bush, forvera Obama í embætti. Nýju skattalögin voru samþykkt með miklum meirihluta í öldungadeildinni.

Samkomulagið kemur einnig í veg fyrir niðurskurð á atvinnuleysisbótum, lækkun á launum lækna og hækkun á verði á mjólk næstu tvo mánuðina. Það þýðir að þetta þrætuepli verður aftur tekið upp á næstu vikum.

„Þótt hvorki demókratar né repúblikanar hafi náð markmiðum sínum er þetta rétt ákvörðun fyrir þjóðina svo fulltrúaþingið ætti að samþykkja þessi lög án tafar," sagði Obama forseti eftir að málið var leitt til lykta á nýársnótt. Obama er viss um að lögin muni auka hagvöxt í Bandaríkjunum og minnka fjárlagahallann. - bþh



**BÚIÐ Í BILI** Obama lýsti ánægju sinni með niðurstöðu þingsins í skattamálunum. NORDICPHOTOS/AFP



**UM 200 SLASAÐIR** Meira en 60 létust og 200 slösuðust þegar múgæsing braust út eftir flugeldasýningu á Fílabeinsströndinni. NORDICPHOTOS/AFP

Flugeldasýning á Fílabeinsströndinni breyttist í harmleik:

## Tugir barna tróðust undir

**FÍLABEINSSTRÖNDIN** Harmleikur varð í Abidjan, stærstu borg Fílabeinsstrandarinnar, eftir flugeldasýningu á gamlárskvöld þegar meira en sextíu manns tróðust undir hópi fólks og dóu. Flestir hinna látnu voru börn á aldrinum átta til fimmtán ára.

Meira en 200 manns slösuðust, en það er enn óljóst hvers vegna örtröðin myndaðist. Björgunarfólk mætti á staðinn um tveimur tímum síðar, að því er erlendir fjölmiðlar herma, en náði ekki að bjarga nema hluta fórnarlambanna.

Hörmungarnar dundu yfir klukkan tvö á nýársnótt, þegar fólk var að fara heim af flugeldasýningunni. Ekki er enn ljóst hvað kom múgæsingunni af stað. - sv

# Shinzo Abe óttast ekki kjarnorkuna

Nýr forsætisráðherra Japans ætlar að ná efnahagslífinu á strik, hefja kjarnorkuvinnslu af fullum krafti á ný og standa uppi í hárinu á Kínverjum. Flokkur hans stjórnaði landinu meira og minna frá árinu 1955 þar til fylgið hrundi árið 2009.

**JAPAN** Shinzo Abe, nýr forsætisráðherra Japans, sér ekki fram á að Japanar geti lifað án kjarnorkuvera. Eigi að takast að koma efnahagslífinu upp úr þeim doða sem ríkt hefur árum og jafnvel áratugum saman sé óhjákvæmilegt að ræsa á ný flest kjarnorkuver landsins og smíða jafnframt nýja kjarnaofna.

„Takist okkur ekki að endurheimta öflugt efnahagslíf, þá á Japan sér enga framtíð," sagði hann á sínum fyrsta blaðamannafundi eftir að hann varð fyrir helgi forsætisráðherra í annað sinn. Hann kallar nýja hægristjórn sína „kreppulausnarstjórnina".

Vinstristjórn forvera hans, Yoshihiko Noda, hafði lofað því að reisa ekki ný kjarnorkuver í stað þeirra sem gömul eru orðin og úr sér gengin heldur ætti þvert á móti að draga smám saman úr kjarnorkuvinnslu í landinu með því að stöðva gömlu kjarnorkuverin.

Eftir kjarnorkuslysið í Fukuyama vorið 2011 var starfsemi í öllum kjarnorkuverum landsins stöðvuð meðan kannað var hversu vel þau þyldu náttúruhamfarir eða aðra ógn.

Alls eru 54 kjarnorkuofnar í Japan, en aðeins sex þeirra hafa verið teknir í notkun á ný. Fyrir slysið í Fukuyama fengu Japanar þriðjung raforku sinnar úr kjarnorkuverum, þannig að verulega munar um þennan orkugjafa.

Abe virðist hins vegar láta sér fátt finnast um áhyggjur af öryggismálum í tengslum við kjarnorkuna. Aðalatriðið sé að koma kjarnorkuverunum aftur í gang til að styrkja efnahagslífið.

Abe var forsætisráðherra um stutt skeið fyrir um sex árum, en síðan þá hafa sex forsætisráðherrar farið með stjórn í Japan.

Hann er þjóðernissinnaður og hyggst ótrauður standa uppi í hárinu á Kínverjum í deilu ríkjanna um yfirráð yfir nokkrum smáeyjum. Íhaldsflokkur hans, LDP, hafði hins vegar stjórnað Japan meira og minna í hálfa öld frá árinu 1995, en hafði glutrað niður fylgi sínu á síðustu árum, allt þar til hann vann stórsigur á ný nú fyrir jólin.

gudsteinn@frettabladid.is



**SHINZO ABE** Íhaldsflokkur hans er kominn aftur til valda eftir nokkurra ára hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Vill endurskoða afsökunarbeiðni

Shinzo Abe hefur fullan hug á að endurskoða afsökunarbeiðni sem japönsk stjórnvöld sendu Suður-Kóreu árið 1993, þar sem viðurkennt var að japanski herinn hefði á stríðsárunum þvingað suðurkóreskar konur til kynlífs með japönskum hermönnum. Margir íhaldsmenn í Japan, þar á meðal Abe, hafa verið ósáttir við þessa yfirlýsingu, og sagt að engar sannanir séu fyrir því að konurnar hafi verið þvingaðar til athafna, hvað þá að yfirmenn í japanska hernum hafi átt hlut að þeirri þvingun. Láti Abe nú verða af því að taka afsökunarbeiðnina til baka, að hluta eða öllu leyti, má reikna með að samskiptin við Suður-Kóreu versni mjög.




### HEIÐRUÐ Á BESSASTÖÐUM



**HLUTU FÁLKAORÐUNA** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sæmdi tíu Íslendinga hinni íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. Orðan er veitt tvisvar á ári en í þetta skipti hlutu orðuna Eggert Pétursson myndlistarmaður, Eva Sigurbjörnsdóttir hótelstjóri, Helga Birna Gunnarsdóttir þroskaþjálfi, Inga Dóra Sigfúsdóttir prófessor, Ingibjörg Einarsdóttir skrifstofustjóri, Kristín Guðmundsdóttir íþróttakennari, Kristján Eyjólfsson læknir, Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri, Sveinn Elías Jónsson, bóndi og byggingameistari, og Þórir Baldursson tónlistarmaður. Allir voru sæmdir riddarakrossi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# FORÚTSALA Í SKEIFUNNI

## KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

**ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR**

**500-4000 KR.**

*útsalan hefst á morgun í öðrum verslunum...*

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

FRÁBÆRT ÚRVAL
GERÐU FRÁBÆR KAUP
Allt að 80% lánamöguleikar

Mikið úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á frábæru verði!




NISSAN QASHQAI+2 SE 4x4
Nýskr. 03/12, ekinn 9 þús km.
bensín, sjálfskiptur, 7 manna
Rnr.151594.

Frábær kaup kr.
5.290 þús.



NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 09/11, ekinn 11 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr.102122.



HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr. 11/10, ekinn 17 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.190 þús.
Rnr.160015.




FORD GALAXY TREND 7 manna
Nýskr. 06/11, ekinn 38 þús km.
dísel, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr.130383.



HYUNDAI i10
Nýskr. 06/10, ekinn 36 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.290 þús.
Rnr.190685.




NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/12, ekinn 27 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.790 þús.
Rnr.130383.



HYUNDAI IX35 GLS
Nýskr. 04/12, ekinn 10 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.990 þús.
Rnr.102131.

bílaland
Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


# Ný félög hafa hækkað mikið í Kauphöllinni

Skráðum félögum á íslenska hlutabréfamarkaðinum fjölgaði um þrjú á árinu með hlutafjárútboðum Regins, Eimskips og Vodafone. Hlutabréfaverð nýskráðra félaga hefur hækkað mikið í Kauphöllinni síðustu tvö ár. Fleiri skráningar eru í vændum.

Líf hefur á ný færst í íslenskan hlutabréfamarkað á síðustu misserum eftir ládeyðu í kjölfar bankahrunsins þegar markaðurinn nær þurrkaðist út. Síðustu misserin hafa helstu kauptækifærin í Kauphöllinni reynst vera nýskráð fyrirtæki sem hafa raunar hækkað ótrúlega mikið í verði síðustu tvö ár. Fréttablaðið heldur áfram að gera upp árið 2012 í viðskiptalífinu.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar var endurræst í 1.000 stigum í upphafi árs 2009 eftir bankahrunið. Næstu mánuði hrundi vísitalan niður í um 560 stig í mars það ár en var aftur komin upp í 1.000 stig í apríl 2010. Síðan hefur vísitalan sveiflast í kringum þúsund stigin og sat í tæplega 1.050 stigum þegar þetta var ritað.

Veltan á hlutabréfamarkaði hefur hægt og bítandi verið að aukast á þessum tíma þótt hún sé enn hvergi nærri þeirri veltu sem var vanalega á árunum fyrir bankahrunið.

### Nýskráð félög hækkað mikið

Sérstaka athygli hefur vakið góður gangur nýskráðra félaga sem og þeirra sem ráðist í umtalsverðar hlutafjáraukningar. Senuþjófurinn í Kauphöllinni síðustu tvö ár hefur þannig verið Icelandair Group.

Framtakssjóður Íslands keypti í júní árið 2010 30% hlut í Icelandair Group á genginu 2,5. Síðan hefur virði bréfa í fyrirtækinu aukist verulega og var gengið 8,22 þegar þetta var ritað. Jafngildir það ríflega 230% hækkun á virði frá kaupum Framtakssjóðsins.

Fyrsta nýja félagið til að vera skráð í Kauphöllina frá bankahruni var Hagar sem voru seldir í almennu hlutafjárútboði á genginu 13,5. Rétt fyrir áramót, rúmu ári seinna, var gengi bréfanna 22,8 sem jafngildir tæplega 70% verðhækkun á einu ári.

Á þessu ári hafa svo þrjú ný félög verið skráð í Kauphöllina; Reginn í sumar og Eimskip og Vodafone undir lok árs. Reginn hefur hækkað um ríflega 30% á hálfu ári en sennilega er enn of snemmt að meta leitni bréfa Eimskips og Vodafone.

### Höftin ýta undir hækkanir

Skýringar á þróun hlutabréfaverðs eru í fæstum tilfellum þær nákvæmlega sömu. Hækkun verðs hlutabréfa Icelandair Group verður þannig sennilega skýrð að hluta með mikilli fjölgun ferðamanna sem heimsótt hafa Ísland síðustu ár en fyrirtækið er hið stærsta í íslenskri ferðaþjónustu. Þróun ferðamannastraumsins hefur aftur á móti líklega haft lítið að segja um hækkun hlutabréfaverðs hinna félaganna sem hér hafa verið nefnd.

Þó má nefna tvö atriði sem almennt eru talin hafa haft mikið að segja. Annars vegar svokallaðan útboðsafslátt sem yfirleitt einkennir útboðsverð félaga sem til stendur að skrá á markað og hins vegar áhrif gjaldeyrishaftanna á fjárfestingarumhverfi hér innanlands.

Eitt helsta einkenni hlutafjárútboða er að hlutabréfaverð nýskráðra félaga hefur tilhneigingu til að hækka nokkuð meira fyrst eftir skráningu en sem nemur hækkun vísitölu. Þetta þýðir að það verð sem hlutabréf eru boðin á í útboðum á það til að vera nokkru lægra en sem nemur verðlagningu fjárfesta á bréfunum. Samkvæmt bandarískum rannsóknum hefur þessi svokallaði útboðsafsláttur numið 16,8% að meðaltali þar í landi en sama fyrirbæri þekkist víðast hvar. Frekari skýringu á því má finna í kassa hér til hliðar. Hitt atriðið sem hér var nefnt til sögunnar sem skýring á miklum hækkunum á hlutabréfaverði nýskráðra félaga var fjárfestingarumhverfið hér innanlands. Gjaldeyrishöftin sem nú eru í gildi gera það að verkum að innlendir fjárfestar (svo sem lífeyrissjóðirnir sem hafa um 100 til 150 milljarða fjárfestingarþörf á ári) hafa mjög takmörkuð úrræði til fjárfestinga utan Íslands. Það sama gildir um eigendur þeirra hundruða milljarða sem eru í eigu erlendra fjárfesta sem læstust inni í landinu þegar gjaldeyrishöftin voru sett á.

Þar sem mögulegir fjárfestingarkostir fyrir þessa peninga eru tiltölulega fáir hafa margir varað við því að gjaldeyrishöftin ýti undir bólumyndun á innlendum eignamörkuðum.

Hér skal ekki fullyrt hvort slík þróun er hafin en þó er væntanlega óhætt að segja að gjaldeyrishöfin hafi ekki verið dragbítur á verði íslenskra hlutabréfa síðustu ár.

### Fleiri skráningar í vændum

Eins og áður sagði hafa fjögur íslensk fyrirtæki verið skráð á hlutabréfamarkað á síðustu þrettán mánuðum. Búist er við því að skráðum félögum fjölgi nokkuð áfram á árinu 2013 en meðal fyrirtækja sem hafa verið orðuð við skráningu eru Advania, N1, Icelandic Group, Prómens, Sjóvá, Tryggingamiðstöðin, Skeljungur og Reitir. Það er því líklegt að fjárfestum bjóðist áfram spennandi fjárfestingartækifæri í nýskráðum félögum á næstu misserum.

magnusl@frettabladid.is

**Þróun hlutabréfamarkaðar 2004 til 2012**




**➜ Þróun hlutabréfamarkaðar 2009 til 2012**




**➜ Þróun hlutabréfa nýrra félaga 2010 til 2012**



# Byrjaðu árið á himneskri hollustu

## HAFRAFLÖGUR
**Hollar og góðar í grautinn**

Himnesk Hollusta er ný og endurbætt 100% lífrænt vottuð matvörulína með einstök bragðgæði á afar hagstæðu verði.




**Ljúffengur hafragrautur (fyrir tvo):**

2 dl grófar eða fínar hafraflögur
4,5 dl vatn
1 dl rúsínur
2 msk kaldpressuð kókoshnetuolía
Stappaður banani (til að sæta)
Handfylli af ristuðum kókosflögum
Kanill

Sjóðið hafra og rúsínur í 8-10 mínútur (grófar flögur)/ 6-8 mínútur (fínar flögur).
Bætið stöppuðum banana og kókoshnetuolíu út í.
Setjið grautinn í skálar, stráið kanil og kókosflögum yfir og hellið mjólk út á.

BIO LÍFRÆNT ORGANIC

## Kókosflögur
Orku- og trefjaríkar



## Rúsínur
Góðar fyrir meltinguna



## Kókoshnetuolía
Holl og næringarrík



**Heilbrigð skynsemi**

Yggdrasill heildsala | yggdrasill.is

HIMNESK HOLLUSTA

# Einsetti sér að hjálpa ófrjósömum

Eftir að Andra Hrafni Agnarssyni hafði verið greint frá því í haust að hann væri ófrjór ákvað hann að láta reynsluna verða til góðs. Hann einsetti sér að hjálpa öðrum í sömu stöðu að hætta að skammast sín fyrir ófrjósemi. Hann segir viðbrögðin hafa verið gríðarlega mikil.

„Ég einsetti mér að reyna að hjálpa fólki að hætta að skammast sín fyrir þetta," segir Andri Hrafn Agnarsson, sem komst að því í haust eftir rannsóknir að hann er ófrjór. Hann sagði sögu sína í Íslandi í dag fyrir jólin og fékk gríðarleg viðbrögð í kjölfarið.

**Skömmin mikil í fyrstu**

„Ég fór fyrst og fremst í þetta viðtal vegna þess að ég vildi hvetja fólk sem er í þessum sporum áfram og til að koma út úr skápnum með þetta. Þannig leið okkur, þó ég viti ekki hvernig það er að koma út úr skápnum þá fannst mér svolítið eins og það væri það sem ég væri að gera með þessu," segir Andri. Hann segir að fyrst eftir að hann og Sara Petra, kærasta hans, fengu fréttirnar hafi hann skammast sín svakalega mikið. „Í mínu tilfelli var það af því að mér fannst ég vera misheppnaður. Mér fannst karlmennskan í mér horfin." Hann hafi orðið þungur í skapinu og liðið mjög illa. Hann hafi orðið kvíðinn og forðast að tala við fólk af því að hann nennti ekki að láta eins og allt væri í lagi þegar líf hans hefði breyst svona mikið.

„Það er í raun alveg fáránlegt að maður skammist sín fyrir svona lagað, af því að maður fæðist svona og getur ekkert að þessu gert. En ég skil það samt svo vel, mér leið svona sjálfum en ég ákvað bara að snúa þessu við."

**Varð að breyta hugarfarinu**

Andri hafði þá haft orð á því við Söru að hann þyldi ekki hvernig ófrjósemin hefði breytt honum. „Eftir nokkurn tíma fór ég loksins að opna augun og ég tók einfalda ákvörðun. Ég vissi að ég gæti ekkert gert í þeim aðstæðum sem ég var lentur í en ég hafði fulla stjórn á því hvernig ég tækist á við þessi vandamál. Ég einfaldlega yrði að breyta um hugarfar. Ég gat legið heima hjá mér áfram og haldið áfram að vorkenna mér eða snúið þessum aðstæðum upp í eitthvað tækifæri."

> **15%**
> prósent para eiga í erfiðleikum með að eignast börn.

Hann setti sér því þrjú markmið. Að hjálpa fólki í sömu stöðu með því að koma opinberlega fram, að vekja fólk til umhugsunar um hversu erfitt er fyrir fólk að fá fréttir um ófrjósemi og að vekja stjórnvöld til umhugsunar um fyrirkomulag á niðurgreiðslum til tæknifrjóvgana.

**Ekki mesti vandinn í heiminum**

„Ég geri mér alveg grein fyrir því að ég á ekki við mesta vandann að stríða í heiminum, margir hafa það miklu verra. En mér finnst þetta mál samt þurfa svolitla athygli og mér finnst þurfa að opna á þessa umræðu svo fólk komi út með þetta."

Andri segist ekki vilja vera of pólitískur, en hann er ósáttur við þær breytingar að fyrstu tæknifrjóvganir séu ekki lengur niðurgreiddar af ríkinu. „Opinberar tölur sýna að fimmtán prósent para þurfa á einhvers konar aðstoð að halda við að eignast börn. Það er mjög há tala." Því séu allar líkur á því að flestir þekki einhvern sem þurfi á hjálp að halda við að eignast börn, en viti ekki endilega af því vegna þess að fólk haldi ófrjóseminni leyndri.

> **Ég geri mér alveg grein fyrir því að ég á ekki við mesta vandann að stríða í heiminum, margir hafa það miklu verra.**
> *Andri Hrafn Agnarsson*

**Ótrúleg viðbrögð við viðtali**

„Eftir að viðtalið birtist við mig í Íslandi í dag fór gjörsamlega allt af stað. Fyrir utan stuðning frá fjölskyldu og vinum þá hefur þvílíkur fjöldi fólks sem við þekkjum og sem við þekkjum ekki neitt skrifað mér og Söru á Facebook, og meira að segja fékk ég símtal frá manni utan af landi sem ég þekki ekkert. Flestir eru í sömu sporum og við eða þekkja einhvern í okkar sporum. Fólk hefur þakkað okkur fyrir að stíga fram og vekja athygli á málinu og einnig deilt með okkur sinni sögu, sem margar hverjar voru átakanlegar að lesa." Andri segist því vilja nota tækifærið og þakka öllum sem hafa sýnt þeim stuðning. thorunn@frettabladid.is



**ANDRI OG SARA** Fyrst eftir að þau fengu fréttirnar hugsaði Andri oft um að slíta sambandinu við Söru til að hún hefði tækifæri til að eignast fjölskyldu með öðrum manni. Nú eru þau ákveðin í því að eignast sína eigin fjölskyldu með öðrum leiðum en hinni hefðbundnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Fjölmenni í sjósundi á Ylströndinni á nýársdag:

## Kaldur sjór gleður gesti strandarinnar

**LÍKAMSRÆKT** Fjölmenni var á Ylströndinni í Nauthólsvík í gærdag, en sú hefð hefur skapast undanfarin ár að skella sér í sjósund á nýársdag.

Þetta er í sjöunda sinn sem Ylströndin opnar fyrir unnendur sjóbaða og sjósunds þennan dag. Í tilkynningu kemur fram að um 1.200 manns hafi fengið sér sundsprett í Nauthólsvíkinni á nýársdag frá því farið var að hafa opið.

Sjávarhiti í Nauthólsvík hefur að meðaltali verið rúmlega ein gráða frá því mælingar hófust og allt útlit er fyrir að sjórinn hafi verið svipaður í gær. Lægsti sjávarhiti í Nauthólsvík á nýársdag hefur mælst -1,7 gráður.

„Reynslan sýnir að ánægja og gleði þátttakenda eykst eftir því sem sjórinn er kaldari og má til gamans geta þess að hugtakið „ísköld ánægja" hefur verið að festa sig í sessi í Nauthólsvíkinni undanfarið," segir í tilkynningunni. - sv



**ÍSKÖLD ÁNÆGJA** Sjósundkappar njóta ylsins í pottinum eftir að hafa synt í hressilega köldum sjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## HEIMURINN




## Chavez enn á sjúkrahúsi

**1** **VENESÚELA, AP** Aðaláramótafögnuðinum í Venesúela var aflýst vegna veikinda Hugo Chavez,



forseta. Hann er á spítala eftir að hafa gengist undir fjórðu krabbameinsskurðaðgerð sína. Varaforseti Venesúela sagði á sunnudaginn að veikindi Chavez hefðu aukist eftir aðgerðina. Tengdasonur hans sagði á Twitter á nýársnótt að hjá Chavez væru börnin hans og að hann væri rólegur.

## Átök á Vesturbakkanum

**2** **ÍSRAEL, AP** Átta eru særðir eftir að ísraelskir hermenn dulbúnir sem grænmetissalar hófu rassíu á Vesturbakkanum þar sem átti að handtaka palestínska aðgerðarsinna í gær. Átök fylgdu í kjölfarið þegar fleiri hermenn óku skriðdrekum inn í bæinn. Ungmenni köstuðu eldsprengjum og grjóti að hermönnunum og kveiktu í dekkjum til að hindra för þeirra. Ísraelarnir skutu þá úr byssum og notuðu táragas. Ísraelsmenn vilja ekki tjá sig um atvikið.

## Enn barist í Sýrlandi

**3** **SÝRLAND, AP** Sýrlenskir hermenn og uppreisnarmenn börðust í úthverfum höfuðborgarinnar Damaskus og nærri flugvellinum í Aleppo með þeim afleiðingum að loka þurfti flugvellinum svo ekkert var flogið til þessarar stærstu borgar Sýrlands í gær. Uppreisnarmenn hafa fært sig upp á skaftið undanfarnar vikur og beina nú kröftum sínum að flugvöllum til að veikja mátt Sýrlandshers í lofti.



**BÚÐARDALUR** Uppfærsla símstöðvarinnar er á dagskrá.

Síminn uppfærir á Búðardal:

## Dalabyggð fær fulla þjónustu

**FJARSKIPTI** Síminn hyggst uppfæra símstöðina í Búðardal á fyrstu mánuðum komandi árs. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær höfðu íbúar og byggðaráðið í Dalabyggð kvartað undan slæmu netsambandi. Síminn hafði svarað þessu fyrir tveimur vikum.

„Síminn hefur skoðað aðstæður í Búðardal og séu engar, ófyrirséðar, tæknilegar áskoranir fyrir hendi verður ráðist í uppfærslu á búnaði á fyrsta ársfjórðungi nýs árs. Búðardalur verður þá með fyrstu sveitarfélögum til að fá bætt net á nýju ári,“ segir Síminn sem kveður hraðann um netið munu aukast. „Bæjarbúar geta þá notið fullrar sjónvarpsþjónustu hjá Símanum.“




**LÖGREGLUMÁL** Þrjátíu morð hafa verið framin í Danmörku það sem af er ári. Það er nokkru færra en í meðalári. NORDICPHOTOS/GETTY

Farsímar fækka morðum:

## Þrjátíu drepnir í Danmörku

**DANMÖRK** Alls voru 30 morð framin í Danmörku á nýliðnu ári. Það er talsvert undir meðaltali og hafa þau einungis einu sinni verið færri síðasta aldarfjórðunginn. Tíu fórnarlömb eru konur og tuttugu karlar, en fjögur málanna eru enn óleyst.

Í frétt DR segir að jafnan komi á milli 50 og 70 morð inn á borð lögreglu. Mesti fjöldinn í seinni tíð hafi verið árið 1997 þegar morðin voru 88 talsins, en fæst voru þau árið 2006 þegar 29 voru myrtir.

Að mati fræðimanna stuðlar almenn farsímaeign að því að færri látast eftir árásir og þar af leiðandi verða færri morð. - þj




HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND | Álfheimar 74 414 4000 hreyfing@hreyfing.is www.hreyfing.is

NAUÐASAMNINGAR FÖLLNU BANKANNA




**KAUPÞING** Þrotabú bankans færði fjármuni sína í erlendum gjaldmiðlum frá Seðlabankanum í október. Sú aðgerð var liður í nauðasamningsgerð Kaupþings sem nú hefur frestast um óákveðinn tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nauðasamningarnir vofa yfir

Þverpólitísk sátt hefur náðst á meðal íslenskra stjórnmálamanna um að bremsa af nauðasamninga Glitnis og Kaupþings. Samhliða verða gjaldeyrishöft fest í sessi um ófyrirséða framtíð með breytingum á lögum. Glitnir og Kaupþing ætluðu að klára samninga 2012.



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladidis

Fréttablaðið greindi frá því í desember að þverpólitísk nefnd, sem í sitja fulltrúar sex stjórnmálaafla, hefði komist að þeirri niðurstöðu að gjaldeyrishöft ættu ekki lengur að vera tímabundin heldur yrði þeim lyft þegar ákveðin efnahagsleg skilyrði sem tryggja eiga fjármálalegan stöðugleika verða til staðar. Nefndin sendi bréf með þessum tillögum til formanna allra stjórnmálaflokka og viðbrögð þeirra virðast vera þau að fallist verði á niðurstöðu nefndarinnar, þó útfærslan liggi enn sem komið er ekki fyrir.

Í bréfi nefndarinnar kom einnig skýrt fram að hún hefði miklar áhyggjur af því að Glitnir og Kaupþing stefndu að frágangi nauðasamninga sinna og ætlaði sér að hefja skipulega útgreiðslu úr búum sínum í kjölfar þeirra. Nefndin vildi að beðið væri átekta og staðan metin ítarlega áður en slíkum nauðasamningum yrði veitt brautargengi. Hún undirstrikaði auk þess þörfina á heildstæðri áætlun um losun hafta áður en róttækar breytingar yrðu gerðar á núverandi starfsumhverfi gömlu bankanna.

### Ólík þrotabú

Bú föllnu bankanna þriggja eru afar ólík. Nánast allar eignir Landsbankans munu fara upp í forgangskröfur vegna Icesavenetreikninganna. Nauðasamningur er því ekki í sigtinu hjá búi hans. Kaupþing á síðan enn eftir að borga út forgangskröfur sínar og miðað við lausafjárstöðu búsins í dag mun það að mestu fara í þær greiðslur. Glitnir er hins vegar búinn að gera upp við forgangskröfuhafa. Það var gert í mars síðastliðnum þegar þeir fengu 106 -milljarða króna greidda í fjórum mismunandi myntum, meðal annars íslenskum krónum. Vert er að taka fram að hluti þeirrar upphæðar var greiddur inn á geymslureikninga vegna þess að ágreiningur ríkti um hvort hluti krafnanna væri forgangskröfur eða almennar kröfur. Þeir dómar sem fallið hafa síðan útgreiðslan átti sér stað hafa allir verið Glitni í hag og því hafa peningar runnið út af þessum geymslureikningum og aftur í þrotabúið. Samanlagt er um nokkra milljarða króna að ræða. Þrátt fyrir þessa útgreiðslu átti þrotabú Glitnis samt sem áður 383 milljarða króna í reiðufé í lok september síðastliðins. Af því fé eru 28,3 milljarðar króna í íslenskum krónum. Þessir peningar myndu renna til kröfuhafa eftir nauðasamninga.

### Nauðasamningur Glitnis

Bæði þrotabúin eru búin að óska eftir undanþágu frá gjaldeyrishöftunum vegna nauðasamninga sinna og leggja fram tillögu um hvernig útgreiðslum til kröfuhafa yrði hagað. Fyrirhugaður strúktúr beggja búanna eftir nauðasamninga er mjög svipaður. Til yrðu íslensk eignaumsýslufélög í eigu samþykktra kröfuhafa sem myndu eiga allar eignir búanna, þar með talið íslensku bankana, Íslandsbanka og Arion banka.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að í nauðasamningi Glitnis væri síðan meðal annars gert ráð fyrir svokölluðu gullnu hlutabréfi (e. golden share) sem gefið yrði út til Seðlabanka Íslands og myndi tryggja honum neitunarvald gagnvart breytingum á samþykktum þess eignaumsýslufélags sem verður til að nauðasamningsferlinu loknu. Það mun meðal annars gefa Seðlabankanum vald til að hamla flutningi félagsins úr landi og til að koma í veg fyrir allar breytingar á fjárfestingastefnu félagsins. Greiða á öllum samþykktum almennum kröfuhöfum Glitnis ákveðna lágmarksupphæð fyrir hverja kröfu. Kröfuhafar munu jafnframt fá tiltekna viðbótargreiðslu og myndu báðar þessar greiðslur verða í erlendum gjaldeyri. Með þessu yrði gert upp við hluta smærri kröfuhafa og samhliða myndi hlutfallsleg stærð annarra í kröfuhafahópnum aukast.

Fyrir afganginum af kröfunum yrði gefið út skuldabréf til 15-30 ára. Hlutafé í eignaumsýslufélaginu verður til jafns við virði skuldabréfanna. Frjálst verður að stunda viðskipti með þau á þeim mörkuðum sem eru með slík bréf í viðskiptum. Bréfin verða svokölluð „pay as you can-bréf“. Það þýðir að greitt verður af þeim ársfjórðungslega. Glitni verður síðan heimilt, að hluta til eða öllu leyti, að breyta skuldabréfunum í hlutabréf. Stefna búsins er að allar eignir þess verði orðnar að reiðufé árið 2015.

### Nauðasamningur Kaupþings

Í kynningu sem Kaupþing hélt fyrir kröfuhafa sína 31. maí síðastliðinn kom fram að eftir nauðasamning yrði Kaupþing íslenskt eignaumsýslufélag undir stjórn og í eigu almennra kröfuhafa bankans. Þeir eru að mestu erlendir vogunar- og fjárfestingarsjóðir og bankar.

Í október tilkynnti slitastjórn Kaupþings að fjármunir búsins í erlendum gjaldmiðlum, sem geymdir höfðu verið hjá Seðlabanka Íslands, hefðu verið fluttir til erlendra viðskiptabanka búsins. Féð var tilkomið vegna endurheimta og annarra endurgreiðslna af erlendu lánasafni og öðrum eignum Kaupþings. Í tilkynningu vegna þessa kom fram að „fyrirhugaður nauðasamningur felur meðal annars í sér útgreiðslur á fjármunum vegna endanlega samþykktra krafna en samhliða þeim þarf Kaupþing einnig að setja tryggingar fyrir greiðslu krafna sem deilt er um. Jafnframt stendur undirbúningur yfir vegna útgreiðslu samþykktra forgangskrafna“.

### Samningar frestast

Slitastjórnir bæði Kaupþings og Glitnis ætluðu að vera búnar að klára nauðasamningsferli fyrir nýliðin áramót. Vinna við nauðasamningana hefur enda staðið yfir frá því á árinu 2011 og löngu ljóst að báðir aðilar hafa hug á að ljúka slitum búanna með slíkum samningi. Til þess að hægt verði að samþykkja samningana verður þó að liggja fyrir undanþága frá lögum um gjaldeyrishöft sem Seðlabanki Íslands veitir. Slík undanþága verður ekki veitt nema fjármálalegur stöðugleiki sé tryggður.

## Vogunarsjóðir á meðal eigenda

Níu vogunarsjóðir eru á meðal stærstu kröfuhafa bæði Kaupþings og Glitnis. Tveir þeirra, Burlington Loan Management og York Global Finance Offshore BDH, eiga samþykktar kröfur á Kaupþing og Glitni upp á samtals 511 milljarða króna. Verði nauðasamningar bankanna að veruleika munu kröfur þessara aðila breytast í eignarhluti. Alls eiga sjóðir um helming allra krafna á Glitni og að minnsta kosti um þriðjung krafna á Kaupþing.

Stærsti einstaki kröfuhafi í bú Kaupþings er sjóður í stýringu bandaríska vogunarsjóðsfyrirtækisins York Capital Management. Fyrirtækið er tuttugasti stærsti vogunarsjóður Bandaríkjanna. Samtals á sjóðurinn samþykktar kröfur upp á 198,3 milljarða króna, eða 7,13 prósent allra samþykktra krafna. York er líka stór kröfuhafi í bú Glitnis. Alls á sjóður í stýringu York 0,58 prósent allra samþykktra krafna í bú Glitnis.

Burlington Loan Management, írskur sjóður í stýringu bandaríska sjóðstýringarfyrirtækisins Davidson Kempner Capital Management, er fimmti stærsti kröfuhafi Kaupþings. Sjóðurinn á samtals kröfur upp á 109 milljarða króna, eða 3,92 prósent allra samþykktra krafna. Sjóðurinn er auk þess langstærsti einstaki kröfuhafi Glitnis með 8,46 prósent allra samþykktra krafna. Heildarumfang krafna hans í bú Glitnis er 191 milljarður króna. Burlington er einnig á meðal stærstu eigenda Straums fjárfestingabanka og Klakka, sem áður hét Exista.

Á meðal annarra vogunarsjóða sem eiga stórar kröfur í bú bæði Glitnis og Kaupþings er CCP Credit Acquisition (1,11 prósent í Kaupþingi og 4,61 prósent í Glitni), ACMO s.a.r.l. (3,55 prósent í Kaupþing og 2,79 prósent í Glitni), Perry Luxco (1,7 prósent í Kaupþing og 1,98 prósent í Glitni), Thingvellir s.a.r.l. (1,68 prósent í Kaupþing og 1,98 prósent í Glitni), TCA Opportunity Investments (1,12 prósent í Kaupþing og 1,52 prósent í Glitni) og Hillcrest Investors ltd. (3,32 prósent í Kaupþing og 0,71 prósent í Glitni).

VERÐ FRÁ KR.

Þvottavélar............... 49.900,-
Þurrkarar................. 49.900,-
Uppþvottavélar......... 59.900,-
Borðuppþvottavélar.. 39.900,-




VERÐ FRÁ KR.

Kæliskápar................ 19.900,-
Frystiskápar............. 39.900,-
Frystikistur................ 49.900,-
Innbyggðir kælisk...... 59.900,-




VERÐ FRÁ KR.

Helluborð.................. 18.900,-
Keramik helluborð.... 44.900,-
Spanhelluborð.......... 59.900,-
Ofnar með blæstri.... 49.900,-
Háfar......................... 19.900,-
Eldhúsviftur................ 8.990,-




## Hár & heilsa

VERÐ FRÁ KR.

Hárblásarar.............. 990,-
Nefhárasnyrtir.......... 990,-
Krullujárn............. 1.490,-
Baðvogir digital.... 1.790,-
Sléttujárn............. 1.990,-
Hárklippisett......... 1.990,-
Nuddtæki............. 1.990,-
Blóðþrýstingsm.... 2.990,-
Rafm.hitapúðar.... 2.990,-
Eyrnahitamælar... 2.990,-
Fótanuddtæki..... 4.990,-
DECT barnapía.... 7.990,-
Nuddsæti.......... 19.990,-



## Eldhústæki

VERÐ FRÁ KR.

Töfrasprotar......... 1.490,-
Brauðristar........... 1.990,-
Sítruspressur....... 1.990,-
Hraðsuðukönnur. 2.490,-
Kaffivélar............ 2.990,-
Kaffikvarnir.......... 2.990,-
Samlokugrill........ 2.990,-
Blandarar............ 2.990,-
Hrísgrjónapottar... 3.990,-
Racklettegrill........ 3.990,-
Vöfflujárn............ 3.990,-
Mínútugrill........... 4.990,-
Grillofnar............. 4.990,-



SPARAÐU SVIMANDI UPPHÆÐIR

# ÚTSALA

HEFST Í DAG KL.10



**Allar pönnur og öll pottasett á hálfvirði!**

Tefal

**Pottasett - 2 gerðir**

TRISTAR

**Mikið úrval af pönnum í öllum og gerðum**

# 50%
# AFSLÁTTUR

**BOSCH**

**MUM-4655EU Hrærivél megapakki**

550W **hrærivél** með stórum fylgihlutapakka m.a. **hakkavél**, blandari, grænmetisskeri og fylgihlutageymslu.

- Getur ráðið við allt að 2,7 kg af brauðdegi
- Lok með hveitirennu
- Deigkrókur, hrærari og þeytari
- 4 hraðastillingar
- Fullt verð kr **54.900**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.

**29.900**

**SPARAÐU 25.000**






exquisit

**MW-717BLACK**

Flottur svartur örbylgjuofn með snúningsdiski




**Electrolux**

**ZEO-5410 Ryksuga Essensio**

Kraftmikil **1800W ryksuga** með stillanlegum sogkrafti og hægræsingu sem sprengir ekki öryggið

- Innbyggð fylgihlutageymsla
- Stór **S-Bag** örtrefjapoki
- Air Clean óragnasía
- Fullt verð kr. **19.990**

## Heimilisvörur

VERÐ FRÁ KR.

Straujárn................ 1.990,-
Halogenhitarar....... 1.990,-
Hitablásarar.......... 2.490,-
Handryksugur....... 2.990,-
Ryksugur.............. 5.990,-
Olíuf. rafm.ofnar.... 6.990,-
Rafmagnsarinn... 24.990,-
Ryksuguróbotar.. 29.900,-



**Rafha ehf**

**Opið**
**virka daga 10-18**
**laugardag 11-17**
**sunnudag 13-17**

**Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík**
**Sími 5880500**
**www.rafha.is**

Biskup vill safna fyrir betri tækjum Landspítala:

# Söfnun undir merki samkenndar

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, varpaði fram áhugaverðri hugmynd í sinni fyrstu nýárspredikun í Dómkirkjunni í gær. Hún lagði þar til að þjóðkirkjan hefði forystu um söfnun fyrir betri tækjakosti Landspítalans.

Biskupinn benti á að Landspítalinn værir fyrir alla sem byggju í landinu. „Þjóðkirkjan er líka fyrir okkur öll sem búum í þessu landi. Þess vegna vill kirkjan taka þeirri áskorun að vera leiðandi í söfnun til tækjakaupa á Landspítalanum í samráði við stjórnendur spítalans. Samtakamáttur þjóðarinnar hefur einatt skilað miklum árangri,“ sagði hún.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Fréttablaðið fjallaði á síðasta ári mikið um tækjaskortinn á Landspítalanum. Í þeirri umfjöllun kom meðal annars fram að stórum hluta tækjakostsins væri haldið gangandi með sífelldum viðgerðum. Dæmi væru um að tækjum væri tjaslað saman með límbandi. Björn Zoëga, forstjóri spítalans, sagði að það hefði komið fyrir að fresta varð krabbameinsmeðferð vegna þess að bæði geislatæki spítalans voru biluð á sama tíma.

Talið hefur verið að Landspítalinn þyrfti 2-3 milljarða króna til að endurnýja tækjakost sinn með viðunandi hætti á þessu og síðasta ári. Verulega vantar upp á það í fjárveitingum Alþingis til spítalans, þótt eitthvað hafi verið komið til móts við þörfina bæði í fjáraukalögum síðasta árs og fjárlögum þessa. Vandræðaástand blasir því áfram við.

Okkur hættir stundum til að hugsa sem svo að með sköttunum okkar, sem flestum þykja nógu háir, sé flestum þörfum í velferðarþjónustunni mætt. Auðvitað er það samt ekki svo og margvísleg starfsemi reiðir sig á bein framlög frá almenningi, auk fjárveitinga af fjárlögum.

Áratugum saman hefur það raunar verið svo að stór hluti af nýjum tækjum á Landspítalanum hefur verið keyptur fyrir gjafa- og söfnunarfé einstaklinga og margvíslegra félagasamtaka, sem hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf. Núna er þörfin hins vegar svo brýn og ástandið svo slæmt, að full ástæða er til að efna til þjóðarátaks á borð við það sem Agnes biskup leggur til.

Það er vel til fundið af forystu þjóðkirkjunnar að beita sér fyrir þjóðþrifamáli eins og þessu. Það er liður í því að kirkjan færi sig nær almenningi og taki beinan þátt í að vinna að margs konar góðum málum, sem snerta almannahag.

Engum stendur nær en kirkjunni að minna á hlutverk samkenndar og samhjálpar í þjóðfélaginu. „Samkennd er nauðsynleg í samfélagi okkar. Hún minnir okkur á ábyrgð okkar gagnvart hvert öðru og á það að hver og einn einstaklingur getur haft áhrif,“ sagði Agnes Sigurðardóttir í nýárspredikuninni.

Það er rétt hjá biskupi. Í myndarlegu þjóðarátaki í þágu Landspítalans er hægt að virkja samtakamáttinn og tryggja að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því, þurfi vinur okkar eða ættingi á þjónustu spítalans að halda, að tækin séu ekki til eða virki ekki sem skyldi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871

NÁMSKEIÐ

Velkomin í núið

– frá streitu til sáttar

Byggt á Mindfulness-based Cognitive Therapy sem tvinnar saman aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og sálfræði austrænnar visku.

**Námskeiðið er í 8 vikur á Hilton Reykjavík Nordica kl.17:30 til 19:00.**

Innifalið er geisladiskur með árvekniæfingum og handbók

Skráning er hjá Nordica Spa í síma 444 5090 og á http://nordicaspa.is

Verð: 49.000 kr.

Meðlimir Nordica Spa fá 10% afslátt

Næstu námskeið verða:

9. janúar.

Leiðbeinendur verða Anna Dóra Frostadóttir og Guðbjörg Daníelsdóttir sálfræðingar.

27. febrúar.

Leiðbeinendur verða Herdís Finnbogadóttir og Margrét Bárðardóttir sálfræðingar.

Innifalið 1 vika ókeypis aðgangur í alla opna tíma Nordica Spa, gufu og heita potta

Nordica Spa&Gym

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki óvænt

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir er hætt á þingi frá með gærdeginum. Það þarf ekki að koma neinum á óvart – hún hefur strítt við ríkisstjórnina í hverju málinu á fætur öðrum, verið jaðarsett í þingflokki Vinstri grænna svo til allt kjörtímabilið og átti þar fáa bandamenn undir það síðasta eftir að þremenningarnir Atli, Ásmundur og Lilja hurfu á braut. Í apríl 2011 kom Guðfríður Lilja úr fæðingarorlofi og var um leið sett af sem þingflokksformaður Vinstri grænna. Það hefur líklega ekki aukið ánægju hennar.



### Tvær vinnur ei meir

Það er samt ekki svo að Guðfríður hafi ekkert að gera. Hún var nefnilega ráðin í vinnu í sumar sem leið við að kortleggja mannréttindamál fyrir innanríkis-, utanríkis- og velferðarráðuneytið. Það er býsna óvenjulegt að sitjandi þingmenn séu ráðnir í vinnu við þess lags verkefni og kannski er ágætt að hún þurfi ekki lengur að sinna tveimur störfum samtímis.

facebook

### Árangurslítið

Gegnumgangandi stef í Áramótaskaupi sjónvarpsins var ádeila á umræðuhefðina á netinu, dónaskap og gífuryrði. Til að glöggva sig á kveikjunni að því gríni þurfti ekki annað en að fara á netið eftir að Skaupinu lauk og lesa skoðanir manna á því. Það var ekki að sjá að margir hefðu tekið ofanígjöfina til sín.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Tolkien sýnd nægileg virðing?

MENNING



Gunnsteinn Ólafsson

tónlistarmaður

Nú um jólin fögnuðu aðdáendur enska skáldjöfursins J.R.R. Tolkiens frumsýningu á mynd sem byggð er á bók hans um hobbitann Bilbó Bagga. Bókin kom út fyrir margt löngu og hefur heillað jafnt börn sem fullorðna. Eins og kunnugt er þá leitaði höfundurinn víða fanga við smíði Hobbitans, m.a. í íslenskum fornbókmenntum. Nöfn dverganna eru m.a. fengin úr Eddukvæðum og sjálfur var Tolkien mikill aðdáandi íslenskrar tungu. Það er því sjálfsögð kurteisi við þennan snilling enskra bókmennta að þýðingar á verkum hans á íslensku séu vel úr garði gerðar. Þetta á ekki síður við um þýðingar á kvikmyndum sem byggðar eru á bókum Tolkiens.

Óhætt er að segja að þýðingin á kvikmyndinni Hobbitanum hafi ekki tekist sem skyldi. Satt að segja leynast þar fjölmargar ambögur og víða gætir herfilegs misskilnings á frumtexta, svo mikils að jafnvel meðaljónar í enskri tungu eru furðu lostnir. Hér skulu nefnd fáein dæmi. Gandálfur segir við ferðafélaga sína: „Áum hér“ þegar ætlunin er að æja, ætti sem sagt að vera: æjum hér. Gandálfur spyr sig líka eins og unglingur að því „hvað sé í gangi“ þegar hann reynir að átta sig á því hvað sé um að vera. Margsinnis eru ensk orð þýdd beint á íslensku án þess að hirt sé um ólíka merkingu orðanna. Þannig færir Gandálfur Bilbó sverð, „a sword of your size“ eða sverð sem hæfir smæð hobbitans. Í íslensku þýðingunni segir: „Sverð á stærð við þig“. Ein aðalpersónan meðal dverga er Thorin Oakenshield eða Þórinn Eikinskjöldur. Ekki verður betur séð en að nafn Eikinskjaldar komi fyrir óbeygt eða jafnvel sem Eikinskjölds í eignarfalli. Þannig mætti lengi telja.

Eins og siður er í bókum Tolkiens bregða dvergar fyrir sig bundnu máli. Þýðandanum virðist kunnugt um ljóðstafi í íslensku en kann ekki að nota þá. Þannig eru ýmist engir stuðlar né höfuðstafir í ljóðlínum eða ofstuðlunin keyrir um þverbak; sami samhljóði er notaður í næstum hverju orði einnar braglínu. Þetta hefði Tolkien aldrei sætt sig við fyrir hönd íslenskrar tungu.

Það er tillaga mín að þeir sem eiga sæmd Tolkiens sem höfundar að verja hér á landi láti laga þýðinguna á kvikmyndinni eða stöðvi sýningu hennar að öðrum kosti. Slíkt virðingarleysi við frábæran rithöfund á borð við J.R.R. Tolkien er okkur Íslendingum ekki sæmandi. Í það minnsta ætti Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO, að firra sig slíkri lágkúru.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ef amma væri að lesa

ÍDAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur



**„Þetta er ekkert nema ómerkileg trunta.“ – Arnar Geir Kárason**

Snemma dags þann 7. júní árið 2000 sat ég við morgunverðarborðið heima hjá mér með skæri á lofti og beið þess að Morgunblaðið dytti inn um póstlúguna. Daginn áður hafði ég hafið störf sem blaðamaður á Morgunblaðinu. Blaðamennsku hafði ég lengi séð í hyllingum.

Ég sá sjálfa mig fyrir mér hlaupa um bæinn á pinnahælum með hárið blásið eins og Dolly Parton í myndinni „Nine to five“ vopnuð skjalatösku í annarri hendi og diktafóni í hinni sem ég myndi nota til að fletta ofan af spilltum pólitíkusum og siðblindum viðskiptajöfrum milli þess sem mér yrði boðið í blautan löns með ritstjóranum. Raunveruleikinn var hins vegar ekki lengi að gera út af við slíka dagdrauma. Lönsinn með ritstjóranum lét á sér standa og fyrsta fréttin sem ég fékk að skrifa fjallaði hvorki um pólitík né spillingu heldur endurnar á Tjörninni. Engu að síður fylltist ég djúpu stolti er ég klippti út fyrstu 215 orðin mín sem birtust á prenti – fínpússuð af yfirveguðum yfirmanni sem sýndi rúmlega tvítugum reynslulausum háskólastúdent sem vissi ekki hvort öndin með græna hausinn væri karlinn eða konan aðdáunarverða þolinmæði.

**„Þvílík hetja þessi vælandi kelling.“ – Bjarki Már Þórarins**

Það er eitthvað hátíðlegt, ef ekki heilagt, við blek og pappír. Allt frá því að við Íslendingar nostruðum við kálfskinnið í den höfum við lagt metnað í að koma orðum niður á blað. Við setjum okkur í sparistellingarnar er við sitjum andspænis pappírnum, veljum orð af kostgæfni, rifjum upp stafsetningarreglurnar um eitt n og tvö og brjótumst úr hversdagslegum viðjum þágufallsýkinnar. Þegar kemur hins vegar að samtímaskriffærunum lyklaborði og tölvuskjá virðast allt önnur lögmál ríkja.

Síðastliðinn föstudag var femínistinn Hildur Lilliendahl Viggósdóttir valin Hetja ársins 2012 af lesendum DV. Þessi krúttlega viðurkenning tók ískyggilega kúvendingu þegar hrottalegum svívirðingum hóf að rigna í hundraða tali yfir Hildi í athugasemdakerfi dv.is. Hún var meðal annars kölluð trunta, femínistabelja og kallakerling. Þessi orðaspýja gerði auðvitað ekki annað en að undirstrika enn frekar þörfina á baráttu Hildar en hún hefur unnið ötullega að því að beina sjónum að þeirri kvenfyrirlitningu sem birtist gjarnan í almennri orðræðu, sér í lagi á internetinu.

**„Frekar beygla ársins.“ – Björgvin Sævar Ármannsson**

Hefðu viðkomandi aðilar tekið svo til orða hefði ummælum þeirra verið ætlað að birtast á prenti; ef líkur væru á að amma þeirra læsi þau yfir morgunkaffinu á síðum Fréttablaðsins? Ég leyfi mér að efast um það. Enda virðast orðljótar tilvitnanirnar hér að ofan sem allar eru fengnar úr athugasemdakerfi dv.is og fjalla um Hildi Lilliendahl hreint súrrealískar þegar þær eru komnar á fast form dagblaðapappírsins. Blint hatrið og saurug ræpan eru trúðsleg, virðast skopstæling á mannlegum samskiptum sem ætti betur heima sem grín í Spaugstofunni en umræða í athugasemdakerfi þar sem ætlast er til að vitiborið fólk ræði málefni líðandi stundar.

Nú munu vafalaust einhverjir vilja túlka það sem svo að með því að gagnrýna sóðapenna internetsins sé undirrituð að hvetja til ritskoðunar. Því fer hins vegar fjarri.

**„Hún svaf örugglega hjá Reyni Trausta, ritstjóra.“ – Logi Már Kvaran**

Í síðustu viku birtust eftir mig í Fréttablaðinu áramótahugleiðingar sem samkvæmt verklýsingu áttu að fjalla um eitthvað sem mér hafði þótt setja svip á árið 2012. Viðfangsefnið sem ég valdi var peningar og leitaðist ég við að færa rök fyrir því að tilhneiging hluta samfélagsins til að glæpamanns-gera fólk sem stundaði atvinnustarfsemi, svo sem Kára Stefánsson og Skúla Mogensen, væri óréttmæt og gæti haft slæm áhrif á hagsæld samfélagsins, þjóðarframleiðslu og atvinnustig. Af viðbrögðunum varð strax ljóst að hugleiðingarnar væru umdeildar. Ég fagnaði því auðvitað því hressilegar rökræður eru undirstaða lýðræðis og opins samfélags. Þar sem ég sat við tölvuskjáinn og beið spennt eftir kröftugum mótrökum, hnyttnum andmælum og ígrunduðum andsvörum sem fengju mig jafnvel til að endurhugsa afstöðu mína tóku hins vegar að renna á mig tvær grímur. Kommentin voru flest á eina leið: rislitlar 2007 klisjur, ófrægingar og villtar samsæriskenningar: „Það gárar víst líka á grunna polla.“ – Kristinn Hrafnsson. „… þarna er mikil þrá eftir að 2007 eigi kombakk með sínu gagnrýnisleysi.“ – Egill Helgason. „Enginn boðskapur í þessari grein. Virðist kostuð af banka eða bankamönnum frá því fyrir hrun.“ – Þorfinnur Ómarsson.

> Síðastliðinn föstudag var femínistinn Hildur Lilliendahl Viggósdóttir valin Hetja ársins 2012 af lesendum DV. Þessi krúttlega viðurkenning tók ískyggilega kúvendingu þegar hrottalegum svívirðingum hóf að rigna í hundruða tali yfir Hildi í athugasemdakerfi dv.is.

Afsakið slettuna, en „komm on“! Það hlýtur að vera hægt að gera betur en þetta. Ég var að verja peninga! Það ætti ekki að vera svo erfitt að pota göt í grein sem gengur út á að halda uppi vörnum fyrir fjármuni fimm árum eftir að fjárhagslegt hrun varð á landinu. Það hefði mátt slengja fram nokkrum dæmum um ofgnótt góðærisáranna, grafa upp eina af mörgum fréttum fjölmiðla um flottræfla, vitna í eitthvað úr rannsóknarskýrslunni. En það er ekki gert. Því rökræðuaðferð Íslands í dag gengur fyrst og fremst út á að fara í manninn en ekki málefnið.

**„Þessi er svolitið klikkuð í skallanum.“ – Stebbi Hansen**

Hér er því ekki verið að hvetja til ritskoðunar heldur þvert á móti frekari rökræðna. Vitiborinna skoðanaskipta. Sé fólk ósammála lesendum DV um val á hetju ársins má vel gagnrýna það.

Einhver kann að vera á móti þeirri aðferðafræði sem Hildur Lilliendahl hefur beitt í baráttu sinni gegn kvenfyrirlitningu. Annar kann að vera þeirrar skoðunar ekki sé lengur þörf á sérstakri jafnréttisbaráttu konum til handa því hagur þeirra hefur vissulega batnað til muna síðustu áratugi. „Hildur Lilliendahl er trunta“ er hins vegar ekki rök með eða á móti nokkrum sköpuðum hlut.

Skelltu þér í ræktina!
Ný námskeið hefjast 7. og 8. janúar. 4 vikur.



Kvennaleikfimi
Mán., mið. og fös. kl. 16:30.
Verð 3x í viku kr. 14.900,-
Þri. og fim. kl. 10:00.
Verð 2x í viku kr. 12.900,-

Karlapúl
Mán., mið. og fös. kl. 12:00-12:45.
Verð kr. 14.900,-

Pilates
Þri. og fim. kl. 17:30 eða 18:30.
Verð, 8 vikur, kr. 21.900,-

Í form fyrir golfið
Þri. og fim. kl. 12:10-12:55.
Verð kr. 12.900,-



„Ég var búin að taka eftir auglýsingum frá Heilsuborg í þó nokkurn tíma og var búin að vera að hugsa lengi um að fara að gera eitthvað í mínum málum. Ég er búin með grunnnámskeið í Heilsulausnum og er núna á framhaldsnámskeiðinu. Ég hef náð góðum árangri, náð að losna við mörg kíló og er bara svo miklu hressari og með miklu meiri orku. Maður verður að vilja gera þetta fyrir sig sjálfan. Þetta snýst ekki um það að megra sig þetta snýst um að lifa heilbrigðara lífi og koma sér í gott líkamlegt og andlegt form.“
Helga Einarsdóttir

Morgunþrek
Fyrir lengra komna.
Mán., mið. og fös. kl. 7:45 eða 09:00.
Verð kr. 14.900,-

Zumba toning/fitness
Þri. og fim. kl. 16:30/17:30.
Verð kr. 12.900,-

Zumba Gold 60+
Fyrir 60 ára og eldri sem hafa gaman af að dansa.
Þri. og fim. kl. 11:00.
Verð kr. 9.900,-

Leikfimi fyrir 60 ára og eldri
Mán, mið. og fös. kl. 11:00 eða 15:00.
Verð kr. 9.900,-

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Fiskurinn og frumvarpið til stjórnskipunarlaga

NÝ STJÓRNARSKRÁ



**Dr. Níels Einarsson**
forstöðumaður Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar

Talsverðar væntingar hafa verið uppi til nýrrar stjórnarskrár í hlutverki vegvísis fyrir farsælt og gott samfélag á Íslandi. Eitt þeirra atriða sem áberandi hafa verið í þjóðmálaumræðu snertir auðlindir þjóðarinnar og eignarrétt á þeim. Hér hefur ekki síst, eðli málsins samkvæmt fyrir fiskveiðiþjóð, verið mikið fjallað um nýtt ákvæði í stjórnarskrá sem tryggja myndi yfirráð þjóðarinnar yfir sjávarauðlindum.

Í grein 34 í frumvarpi nr. 415 til stjórnskipunarlaga, sem um þessar mundir er til umfjöllunar á Alþingi, eru ákvæði um náttúruauðlindir. Við hraðan lestur greinarinnar virðist sem yfirráð og eignarréttur þjóðarinnar á mikilvægustu náttúruauðlindum sé tryggður. Þetta myndi vera í samræmi við þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór 20. október þessa árs, þar sem mikill meirihluti þeirra sem þátt tóku (74%) var sammála eftirfarandi orðum: „Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar."

Upphaf greinar 34 hljóðar á eftirfarandi hátt: „Auðlindir í náttúru Íslands sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið þær eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja."

### Tvíræðni

Í hnotskurn er þetta um umrædda grein að segja:

**1.** Í grein 34 vantar skýra hugsun um þjóðareign á náttúruauðlindum sem ótvíræða meginreglu. Orðalag um undantekningar sem tengjast auðlindum og sem eru „háðar einkaeignarrétti" veikir grundvallarprinsippið. Það er loðið, teygjanlegt og kallar á dómsmál og úrskurð dómsstóla.

**2.** Tvíræðni orðalagsins kemur fyrst í ljós þegar farið er að lesa skýringar og athugasemdir með grein 34 (bls. 118-130 í frumvarpi). Þar er fjallað um hvernig gert er ráð fyrir litlum breytingum varðandi stöðu fiskveiðiréttinda frá því sem nú er. Veðsetning bókfærðra veiðiheimilda heldur sér, þó ekki megi versla eða eiga viðskipti með sjálf nýtingarleyfin sem slík, en leyfilegt er að veðsetja sjálf „fjárverðmætin" eða fljótandi farkosti sem haldið er til fiskveiða (bls. 130).

**3.** Nýtingarleyfin eru viðurkennd sem óbein eign og breytingar á verðmæti þeirra, væntanlega einnig í tengslum við veðsett eða fjármálaafurðavædd og bókfærð veiðiréttindi, baka skaðabótaábyrgð og geta fullar bætur frá stjórnvöldum/þjóðinni komið til röskunar, upptöku eða fyrningar, líkt því sem mælt var fyrir um í úrskurði Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna í máli 1306/2004. Þetta fyrirkomulag stuðlar væntanlega að því að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi, sem byggir á framseljanlegum einstaklingsbundnum aflaheimildum og markaðsvæðingu veiðiréttinda, haldist í lítt breyttri mynd, fyrir utan að til kemur úthlutun réttinda til áratuga eða kynslóða í stað eins árs í senn.

**4.** Samkvæmt þessum skilningi mun ný stjórnarskrá verja rétt núverandi kvótaþega/handhafa veiðiheimilda til að fara með úthlutuð veiðiréttindi sem ígildi einkaeignar eða auðlindar sem háð er einkaeignarrétti. Þetta á við um 93 prósent af heildarafla íslenska fiskiskipaflotans.

**5.** Það má hafa miklar efasemdir um að frumvarpið nái því markmiði (sjá bls. 122) að stuðla að sáttum eða farsælum lyktum þeirra djúpstæðu og illvígu deilna sem staðið hafa um áratuga skeið á Íslandi um réttmæti, réttlæti, jafnræði og lögmæti þess fiskveiðistjórnunarkerfis sem hleypt var af stokkunum 1984.

**6.** Í grein 2. í athugasemdum (bls. 124) er vitnað í tillögur stjórnlagaráðs varðandi að 34. grein „raski ekki þeim beinu eða óbeinu eignarréttindum sem þegar hafa stofnast". Í fimmta kafla athugasemdanna segir einnig: „Eins og áður greinir er ákvæði 34. gr. hvorki ætlað að raska beinum né óbeinum eignarréttindum sem þegar eru fyrir hendi eða minnka réttarvernd þeirra, sbr. einnig ummæli í skýringum við 13. gr. Þannig er t.d. ekki haggað við afnotaréttindum þeirra sem hagnýta jarðir og/eða njóta ýmissa óbeinna fasteignartengdra réttinda samkvæmt gildandi lögum eða samningum sem þegar hafa verið gerðir, og má sem dæmi nefna upprekstrarrétt landeigenda á þjóðlendur. *Hið sama gildir um hugsanleg, þegar stofnuð, takmörkuð réttindi þeirra sem stunda fiskveiðar á grundvelli aflaheimilda*" (skáletur mitt). Hér vaknar sú spurning hvort þetta hafi verið skilningur stjórnlagaráðs og mikils meirihluta kjósenda í kosningum um tillögur ráðsins þann 24. október 2012. Með þessari túlkun greinargerðar lagafrumvarpsins á grein 34 og sem dómstólar munu væntanlega styðjast við í niðurstöðum dóma er nánast tryggt að það fyrirkomulag sem í daglegu máli er nefnt „kvótakerfið" haldist nánast óbreytt til framtíðar með vernd viðkomandi stjórnarskrárákvæða.

**„Auðlindir í náttúru Íslands sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið þær eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja."**

### Sérréttindi varin

Niðurstaða mín er sú að grein 34, í núverandi mynd og með hliðsjón af greinargerð og athugasemdum með greininni, tryggi á engan hátt þjóðareign á mikilvægustu náttúruauðlindum heldur festi í raun í sessi nýtingarrétt með ígildi einkaeignarréttar og þar með veðsetningareiginleika og erfðaréttar þeirra veiðiheimilda sem þegar er úthlutað árlega til hóps kvótaþega/handhafa aflaheimilda á Íslandi. Hér er þá farin sú leið að stjórnarskrárverja gríðarleg sérréttindi fámenns hóps til langs tíma. Þannig er einnig opnað á að grein 13 sem kveður á um að friðhelgi eignarréttarins gildi fyrir dómstólum og að fullt markaðsverð komi fyrir upptöku aflaheimilda eða aðrar breytingar á fiskveiðistjórnun sem hafa áhrif á verðmæti eða eðli lögvarins nýtingarréttar.

Skoðun visir.is
Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Vísi.is

# Móðureðlið og dýragarðsbörn

SAMFÉLAGSMÁL



**Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir**
líffræðingur og forstöðumaður Varar – Sjávarrannsóknaseturs

Á síðasta áratug hefur jafnrétti færst aftur í íslensku samfélagi. Konur hafa lægra kaup og skulu því vera heima með börn, konur eru heima með börn og skulu því hafa lægra kaup. Því miður er þetta sjálfhvetjandi kerfi. Sumir vilja meina að þetta sé eðlilegt, náttúrulegt og tilkomið vegna sterks móðureðlis kvenna. En hvað er móðureðlið? Þörfin fyrir að bregðast við þörfum ungbarna ristir djúpt og engin heilbrigð manneskja getur annað en brugðist við þurfandi smábarni. Ef bros og hjal virka ekki þá á ungbarn annað sterkara vopn sem hefur þróast í tugþúsund ára, grátur ungbarna virkar nístandi á flesta fullorðna einstaklinga.

Kannski hallar eitthvað á karlmenn með þetta, ég veit það ekki. Persónulega þekki ég ekki marga karla sem hafa ekki áhuga og getu til að sjá um börn. Þetta ríka eðli mannsins hefur líklega þróast þar sem börn þurfa mikla og langa umönnun og það hefur í sögu mannsins verið nauðsynlegt að fleiri komi að henni en móðirin. Það þarf þorp til að ala upp barn er lausleg þýðing á ensku máltæki sem lýsir vel hvernig umönnun barna hefur lengst af verið háttað í samfélagi manna. Börn geta frá fæðingu myndað sterk tilfinningatengsl við fleiri en einn umönnunaraðila, það er í þeirra eðli. Þéttriðið, sveigjanlegt félagskerfi og sterk verndartilfinning gagnvart börnum er grundvöllur velgengni mannkyns. Þar kemur maður í manns stað, kona í karls stað, móðir í móður stað.

### Fjölbreyttar langanir

Kannski er það líka arfur frá formæðrum mínum sem stóðu uppi með húsið fullt af föðurlausum börnum eftir að bátur fórst á veiðum úti fyrir Vestfjörðum sem gerir það að verkum að ég finn hjá mér sterka hvöt – eðli – til að geta séð fyrir börnunum mínum. Í öllu falli þá tóku mínar langanir og draumar sjálfkrafa mið af breyttum aðstæðum þegar ég varð mamma og í stað þess að að fylgja fyrri braut – sem hefði þýtt mikið atvinnu- og fjárhagslegt óöryggi og tíða flutninga – þá var stefnan tekin á heldur öruggari slóðir.

Eftir sem áður þá hafði ég sem manneskja fjölbreyttar langanir og þarfir sem ég leitaðist við að uppfylla í takt við breyttar aðstæður. Stundum hunsaði ég eigin þarfir í löng tímabil vegna annarra ríkari hagsmuna og stundum lagði ég erfiða hluti á börnin mín til að framkvæma hluti sem ég taldi að væri fjölskyldunni fyrir bestu til lengri tíma. Þessi leit að jafnvægi á milli ólíkra þarfa innan fjölskyldunnar er eitthvað sem flestir kannast við. Og sjálfsagt kannast líka flestir við að það er auðveldara að ná þessu jafnvægi í samvinnu foreldra.

### Í vöggu í bátnum

Fyrir nokkrum árum þurfti ég að hjálpa nemanda við veiðar fyrir rannsóknarverkefni. Á meðan við biðum eftir að netin fylltust var okkur boðið kaffi á bænum. Það barst í tal hvernig gengi með strákinn minn sem þá var ungur. Ég sagði að það gengi vel en auðvitað væri erfitt að skreppa svona á kvöldin. Þá drógu hjónin fram myndaalbúmið og sýndu mér myndir af meðgöngu og fyrstu mánuðum yngsta sonar síns. Á fyrri myndinni sjást hjónin – hún þá kasólétt – saman að veiðum úti á vatni. Á hinni seinni – á vertíð sléttu ári seinna – sést sonur þeirra sem hafði verið komið fyrir í vöggu í bátnum og svaf vært á meðan foreldrarnir vitjuðu netjanna.

Þetta hefur mér alltaf þótt dæmi til eftirbreytni. Ég er ekki að leggja til að smábörn séu send á Halamið strax á fyrsta ári. En samvinna foreldra um umönnun ungbarna og samvinna foreldra um framfærslu fjölskyldunnar hlýtur að vera eitthvað sem við getum öll sniðið að okkar aðstæðum og ætti að vera regla frekar en undantekning.

En þetta var þá. Konur tóku þátt af illri nauðsyn. Já, það er satt að konur og karlar unnu mikið og hjálpuðust að við umönnun barna af illri nauðsyn, annars hefðum við hreinlega dáið út. En þessi nauðsyn myndar grunn meðfæddra tilfinninga okkar og þarfa í dag.

### Meðfætt eðli

Veiðihundur sækir ekki fugla af nauðsyn. Hundarnir eru að sýna eðli sem kom til vegna nauðsynjar og á uppruna sinn enn dýpra, í veiðieðli úlfa. Vinnueðlið má reyndar rækta úr hundum. Margir kjölturakkar virðast hafa litlar sem engar áhyggjur af því að vera fullkomlega háðir öðrum.

**Þéttriðið, sveigjanlegt félagskerfi og sterk verndartilfinning gagnvart börnum er grundvöllur velgengni mannkyns. Þar kemur maður í manns stað, kona í karls stað, móðir í móður stað.**

Kannski má líka rækta sjálfsbjargarhvötina úr konum, ég veit ekki hvort einhver hefur áhuga á því. Hitt veit ég að það veldur mikilli streitu hjá mönnum og dýrum að fá ekki útrás fyrir það meðfædda eðli að vera sjálfstæð. Áhrif þessarar streitu á móðureðlið koma hvergi betur fram en í dýragörðum þar sem það gengur oft erfiðlega að fá villt dýr til að eiga og sinna eigin afkvæmum. Það er sama hve vel líkamlegum þörfum þeirra er sinnt.

Það eru hvorki söguleg, líffræðileg né tilfinningaleg rök fyrir því að ýta mæðrum út úr virku samfélagi undir því yfirskini að þeim sé best borgið inni á heimilunum, það sé þeim eðlilegt. Það þjónar hvorki hagsmunum kvenna né barna. Hverra hagsmunum það þjónar er þó gömul saga og ný og óþarfi að útlista það frekar hér.

# Gjafafé

FJÁRMÁL



**Sverrir Hermannsson**
fv. alþingismaður

Í Morgunblaðinu laugardaginn 22. desember eru álitlegar fréttir. Hin stærsta af höfðinglegri gjöf fyrirtækisins Skinneyjar-Þinganess til sveitarfélagsins Hafnar í Hornafirði vegna afmælis gefandans. Þá er á síðunni getið um að hald hafi verið lagt á mikið magn af þýfi á Suðurnesjum og enn önnur þar sem kona viðurkennir að hafa í „tvígang" kveikt í sameign fjölbýlishúss við Maríubakka í Breiðholti.

Hinar tvær síðarnefndu fréttirnar eru þó lítils virði á við stórhug Skinneyjar-Þinganess, fyrirtækis þar sem einn af eigendum er fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins og ráðherra, Halldór Ásgrímsson.

### Milljarða afskriftir

Eftir milljarða afskriftir af tapfyrirtækinu Mónu hefir Skinney & co. rifið af sér og sett sig í gjafastellingar, sem skiljanlegt er. Hins vegar segir ekkert í fréttinni um hverslags fyrirtæki Móna var, né heldur hvernig það komst yfir öll þau auðævi, sem afskrifa þurfti, milljarða króna.

Sérstakur saksóknari má ekkert vera að því að huga að slíkum málum enda búinn á nærri fjórum árum að ákæra upp undir einn tug útrásarvíkinga og hefir þó ekki nema 120 – eitt hundrað og tuttugu – manns í vinnu.

Frétt kom hins vegar um það í blöðum, að þrjú félög víkinga hefðu orsakað 320 – þrjú hundruð og tuttugu – milljarða tap fyrir íslenzkt þjóðfélag. Sem betur fer mun enginn þurfa að borga það tap frekar en Mónu-tapið á Hornafirði.

### Gottgjörelsi

Spurning: Hvað ætli þeir 320 milljarða menn gefi til „gottgjörelsis" sér þegar þar að kemur? „Hér dugar ekkert kák, Pétur Jónsson" eins og maðurinn á Húsavík sagði um árið, þegar hann kom að brennandi húsi; tók höndum um fulla sláturtunnu, hvolfdi úr henni og bar hana tóma út. Mætti kannski benda víkingum á eins og andvirði einnar Hörpu til að byrja með?

Hinu má svo skjóta hér inn í að Sérstakur saksóknari gerir ekkert annað og meira en dómsmálaráðherrann ætlaðist til þegar hann fól honum embættisstörfin, sem vonlegt er.

Um aðaleiganda Skinneyjar-Þinganess og síðar Mónu er nægjanlegt að vísa í ummæli hins nýja formanns þingflokks Sjálfstæðisflokksins, Illuga Gunnarssonar, þar sem hann segir í grein í Fréttablaðinu 18. júní 2006: „Vandi Framsóknarflokksins er ekki sá að flokkurinn geti ekki verið stoltur af verkum sínum eða stefnu, þvert á móti." Um kynni manna af Halldóri Ásgrímssyni fórust Illuga þau orð í sömu grein: „Þau kynni hefðu átt að duga því fólki til að vita að Halldór Ásgrímsson myndi einungis vinna eftir bestu sannfæringu."

**Hins vegar segir ekkert í fréttinni um hverslags fyrirtæki Móna var, né heldur hvernig það komst yfir öll þau auðævi, sem afskrifa þurfti, milljarða króna.**

Mikil lifandi ósköp er gaman og ánægjulegt að sjá þegar víkingarnir taka að strá um sig með gjafafénu, jafnvel þótt aðrir eigi.

KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

# Gleðilegt nýtt ár 2013

## Við óskum öllum landsmönnum velfarnaðar á nýju ári!

# OPIÐ Í ÖLLUM verslunum Krónunnar Í DAG!

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

# Ábyrg spilamennska með Betsson

SPILAMENNSKA



Ulrik Bengtsson
forstjóri Betsson

Betsson er fyrirtæki sem býður viðskiptavinum um allan heim spilaþjónustu á netinu frá höfuðstöðvum sínum á Möltu. Við teljum rétt að segja okkar skoðun á nýlegu frumvarpi innanríkisráðherra Íslands um breytingar á happdrættislögum landsins en fjalla líka um algengan misskilning um spilamennsku á netinu og útskýra fyrir hvað Betsson stendur sem fyrirtæki.

Ef tilgangur frumvarps innanríkisráðherra á að vera vernd fyrir þá sem spila á netinu þá mun það óhjákvæmilega mistakast eins og hefur sýnt sig annars staðar. Það er líka ástæðan fyrir því að Danmörk, Bretland, Eistland, Ítalía, Frakkland, Belgía, Þýskaland, Svíþjóð, Holland og Spánn hafa breytt (eða munu breyta) fyrri einkaréttarstöðu og hafa innleitt leyfiskerfi án mismununar undir innlendri stjórn.

Slík kerfi eru ekki aðeins í flestum tilvikum í samræmi við evrópsk lög heldur tryggja þau að sem flestir spili á netsvæðum sem heyra undir lög og eftirlit hvers lands, og hafi að auki val um hvert þeir kjósa að beina viðskiptum sínum.

**Vernd notenda**

Megintilgangur þessara lagabreytinga í Evrópu er vernd notenda sem fer að fullu saman við gildi og skuldbindingar Betsson. Árið 2009 fékk Betsson æðstu viðurkenningu leikjageirans fyrir félagslega ábyrga starfsemi. Við leitumst stöðugt við að vera í forystu á því sviði.

**➜ Við erum í stöðugum viðræðum við stjórnvöld víða um hvernig hægt er að útfæra reglusetningu á netspilamennsku á ábyrgan og árangursríkan hátt.**

Betsson AB, hið sænska móðurfélag Betsson Möltu, býr yfir 50 ára sögu og er skráð í Norrænu kauphöllinni OMX í Stokkhólmi. Betsson Malta er undir strangri stjórn Lottó og spilayfirvalda Möltu (LGA) sem felur til dæmis í sér að sjóðir viðskiptavina eru aðskildir. Við erum einnig með staðbundin leyfi í Danmörku, Eistlandi og Ítalíu með álíka eða jafnvel enn strangari reglum. Enda er öryggi viðskiptavina Betsson mjög mikið.

Við erum í stöðugum viðræðum við stjórnvöld víða um hvernig hægt er að útfæra reglusetningu á netspilamennsku á ábyrgan og árangursríkan hátt. Við vonumst til að einhvern daginn gefist tækifæri á slíku samráði við íslensk stjórnvöld til hagsbóta fyrir íslenska notendur og skattgreiðendur.


3. janúar 2013
Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands
Opinn fundur – aðgangur ókeypis

Fyrirlestrar fyrir almenning á 16. ráðstefnunni um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands.

Fimmtudaginn 3. janúar 2013, kl. 15.50–17.20
í sal 104 á Háskólatorgi, Háskóla Íslands.

Erindi flutt af Guðmundi Þorgeirssyni, prófessor

Forvarnir gegn hjarta- og æðasjúkdómum

Erindi flutt af Halldóri Jónssyni jr, prófessor

Skurðaðgerðir á Íslandi við slitgigt, nýjar fóðringar eða staurliður

Dagskrá ráðstefnunnar og ágrip rannsókna,
á slóðinni:
http://www.laeknabladid.is/fylgirit/fylgirit/2013/fylgirit-73



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
ofdekur er ein birtingarmynd vanrækslu?


# Af Einstein og spunarokkum

EVRÓPUMÁL



Hallur Hallsson
höfundur Váfugls

Fyrir liðlega eitt hundrað árum setti Albert Einstein fram kenningu sína: $E=mc^2$. Efni er orka. Grundvöllur lífsins er orka. Albert Einstein spáði því að lækningar framtíðar snerust um að leiðrétta orkusvið frumunnar. Brenglun orkusviðs leiðir til sjúkdóma. Margir Nóbelshafar hafa spáð eins og meistarinn. Það er talið að 95% allra sjúkdóma megi rekja til streitu. Neikvæðar tilfinningar valda streitu og brengla orkusvið. Afleiðingin er órökvís hegðun. Fólk er leiksoppur neikvæðra tilfinninga. Það kann að vilja vel en er ekki sjálfrátt.

Það var árið 1905 sem Einstein setti fram kenninguna um efni og orku. Samt ól 20. öldin af sér mestu illmenni mannkynssögunnar; Hitler og Stalín. Kommúnistar og nasistar rændu völdum þegar Þýskaland og Rússland loguðu stafna í milli. Vald í Moskvu og Berlín var án hirðis. Siðblint hugarfar komst til valda. Kommúnistar hlekktu þjóðir í fátækt, nasistar fóru með stríði. Báðir ismar hötuðust við velgengni og ofsóttu eigendur veraldlegra gæða.

Stalín og Hitler voru siðblindir nei-hugar, bullur sem gerðu út á hinn lokaða huga fátæktarvitundar sem jafnan selur sig undir öflugasta nei-ið sem þó tortímir sér að lokum. Hugarfar fátæktarvitundar ríkti í Evrópu. Útkoman var ofsafengið stjórnlyndi. Nei ómaði milli fjalls og fjöru. Um álfuna fór kerling í tötrum með Drekann frá Niðafjöllum í bandi og dæturnar Ágirnd og Öfund og synina Spuna og Hrotta. Það var myrkur í mannheimum. Fátæktarvitund einkenndi ismana; ofríki, ágirnd, öfund, reiði og illska. Nei-hugur hatast við lýðræði. 20. öldin var öld öfganna. Evrópa var leiksoppur neikvæðra tilfinninga, veröldin öll. Þegar allt kom til alls voru þeir Stalín og Hitler bara að agta út neikvæðar tilfinningar. Þegar allt kemur til alls er illska bara birtingarform neikvæðra tilfinninga.

Lífsorkan í sinni tærustu mynd er kærleikur en neikvæðar tilfinningar blokkera flæði lífsorkunnar. Hinn opni hugur leitar í ljósið en hinn lokaði hugur í myrkrið. Þetta er lögmál lífsins. Sigmund Freud kallaði nei afl dauða og illsku. Kristur boðaði að lífsorkan væri kærleikur.

Mannkyn er enn eina ferðina að reisa múra, stöðugt hærri múra þó sá illræmdasti hafi fallið fyrir tæpum aldarfjórðungi. Stjórnlynd öfl eru í sókn. Í Brussel er vald án hirðis. Evrópa leikur sér enn að eldi. Þangað sækir stjórnlynt fólk eins og flugur í ljós. Við þessu er varað í Váfugli.

**Af spunarokkum**

Eftir að áhrifamesti bísnissmógull landsins lenti fyrir áratug í klóm réttvísinnar tók hann að safna fjölmiðlum. Hann eignaðist Fréttablaðið, Stöð 2, Bylgjuna, DV og fjölda tímarita. Hann gerði bandalag við pólitísk öfl sem eiga stjórnlyndi og ofríki að lögfesti; öfl með nei sem heimilisfesti. Hann leitaði í myrkrið og eignaðist öfluga bandamenn. Hámarki náði spuninn þegar starfsmenn Baugsmiðla lögðu banana að Alþingi, húsbónda sínum til stuðnings. Þeir þöndu rokkinn ásamt Ríkisútvarpinu. Þeir mögnuðu upp neikvæða orku. Nú situr nei í söðli íslensks samfélags og rekur hjörðina í réttir.

Helsta markmið þeirra sem sitja við rokkana í Skaftahlíð og Efstaleiti er að koma Íslandi í ESB sem er að verða stórríki. Allt er gert til þess að draumurinn rætist þó þjóðin sé full efasemda. Kolbeinn Proppé, blaðamaður Fréttablaðsins, sakar mig um að vera með evrófóbíu. Það auðvitað eru fordómar blaðamanns. Ef ESB væri bandalag um frjálsa markaði með frelsi í öndvegi þá væri ég fyrstur til að styðja aðild Íslands að ESB. Svo er því miður alls ekki.

**➜ Um álfuna fór kerling í tötrum með Drekann frá Niðafjöllum í bandi og dæturnar Ágirnd og Öfund og synina Spuna og Hrotta. Það var myrkur í mannheimum.**

Hingað kom á dögunum bresk þingkona sem sagði: „Lýðræði er of dýrmætt að glata.“ Hún varaði okkur við „Brussel-maskínunni“ sem hún segir að sé ólýðræðisleg. Bretar eru fullir efasemda um þróun mála í Brussel sem stöðugt sogar til sín meira vald. Tveir af hverjum þremur vilja út. Auðvitað vildu hvorki Baugsmiðlar né RÚV ræða við Kate Hoey. Þeir taka ekki málefnalega rökræðu en eru áróðursstofur stjórnlyndra afla.

Það er misskilningur hjá Kolbeini Proppé að Evrópusambandið sé váfugl í samnefndri sögu minni. Það er mikill misskilningur. Váfuglinn býr djúpt, djúpt í myrkviðum mannlegrar vitundar. Váfuglinn unnir sér aldrei hvíldar.

*Váfugl í véum*
*kreppir lýðræði*
*vald án hirðis,*
*vá fyrir dyrum.*
*Vargur dritar*
*í hreiður þjóðar.*

En ljósið vinnur alltaf. Viðsnúningurinn hefst þegar spádómur Einsteins rætist. Þá byrjar mannkyn að vinda ofan af neikvæðum tilfinningum og múrar hrynja. Þekkingin er komin til mannheima. Gott væri ef þingmenn hæfust handa að vinda ofan af eigin neikvæðum tilfinningum í stað þess að agta þær út við Austurvöll.

Þá á forsætisráðherra ekki á hættu að vera kýldur í þingsal né verður efnt til pólitískra réttarhalda. Eða forsætisráðherra hlaupi á eftir villiköttum á göngum þinghússins.

# Ekkert, Eggert

ÞJÓÐKIRKJAN



Séra Örn Bárður Jónsson
sóknarprestur í Neskirkju

Opið svarbréf til fv. formanns Nesklúbbsins, Eggerts Eggertssonar.
Sakleysislegur samanburður minn á tekjum Nesklúbbsins sem ég tilheyri og tekjum Nesprestakalls þar sem ég þjóna virðist hafa valdið þér nokkru hugarangri. Lunginn í grein þinni er góð kynning á starfi klúbbsins en inngangurinn er lítið annað en misskilningur og þar örlar einnig á fordómum gagnvart kirkjunni.
Ekkert í minni grein var hugsað sem gagnrýni á starf Nesklúbbsins og því kom það mér á óvart að þú skyldir bregðast við með þessum neikvæða hætti og nota tækifærið til að gagnrýna Þjóðkirkjuna, elstu þjónustustofnun þjóðarinnar, sem yfirgnæfandi meirihluti landsmanna tilheyrir.

**Ríkið í samkeppni við trúfélög**

Markmið mitt með greininni var að sýna fram á hvað rekstur annarrar stærstu sóknar í Reykjavík kostar í raun lítið. Samanburðurinn er Nesklúbbnum í hag því þar sést svart á hvítu hverju fámennur hópur getur áorkað sé brennandi áhugi fyrir hendi. Ég hefði einnig getað sýnt fram á að heildartekjur Nesprestakalls væru álíka miklar og laun fjögurra einstaklinga sem hver um sig hefur eina milljón á mánuði og þeir eru fleiri í þjóðfélaginu en margan grunar.

Þú talar um ríkiskirkju og það sýnir að þú hefur ekki lesið greinar mínar af nógri athygli. Ríkið innheimtir sóknargjöld fyrir öll trúfélög, múslíma, ásatrúarmenn, bahá'í-söfnuðinn, aðventista, hvítasunnusöfnuði, söfnuði kaþólsku kirkjunnar, fríkirkjur af ýmsu tagi, Þjóðkirkjuna o.fl. Vilt þú þar með kalla þessi félög ríkistrúfélög vegna þjónustunnar sem ríkið veitir þeim?

Þú gagnrýnir að börn séu skráð í trúfélög og verði að greiða sóknargjald til trúfélags þegar þau eldast. Skv. lögum tilheyra börn trúfélagi móður eða eru utan trúfélaga sé hún það. En hvað greiðslu varðar þá er það rangt að þau þurfi fullorðin að greiða til trúfélags gegn vilja sínum eins og sannast á þér sjálfum. Hér áður fyrr rann gjald þeirra sem kjósa að vera utan allra skráðra trúfélaga í sérstakan sjóð hjá Háskóla Íslands en þessu var breytt illu heilli af löggjafanum og rennur gjaldið nú í ríkissjóð. Ríkið er þar með komið í samkeppni við trúfélög í landinu. Gjaldið er sem nemur verði tveggja til þriggja kaffibolla á mánuði. Þá tel ég það jákvætt að fólki utan trúfélaga sé gert að greiða lítilræði til göfugra málefna eins og var gert með hinu eldra fyrirkomulagi en er andvígur núverandi kerfi.

**➜ Þá tel ég það jákvætt að fólki utan trúfélaga sé gert að greiða lítilræði til göfugra málefna eins og var gert með hinu eldra fyrirkomulagi en er andvígur núverandi kerfi.**

**Kostnaðarsöm innheimta**

Börn eru oft skráð í íþróttafélög og fjöldi barna sem ég skíri í Vesturbænum er kominn í KR-búning áður en þau losna úr bleyju. Íþróttafélög fá gríðarlegar upphæðir úr opinberum sjóðum. Mörg stór íþróttamannvirki eru byggð af hinu opinbera en kirkjur af söfnuðunum sjálfum. Konurnar sem bökuðu og prjónuðu á 5. og 6. áratug liðinnar aldar og seldu afurðir sínar og karlarnir sem gáfu vinnu sína byggðu Neskirkju ásamt öðrum sóknarbörnum sem greiddu sitt félagsgjald.

Þú segir: „Ef trúfélög og þá sérstaklega Þjóðkirkjan vill hafa golfhreyfinguna að leiðarljósi þá ætti hún að segja skilið við ríkisvaldið, hætta að láta Hagstofuna skrá félaga og innheimta sjálf félagagjaldið.“

Þessu er til að svara að Þjóðkirkjan og ríkið skildu árið 1997 er þau gerðu með sér samning þar um. Ríkið innheimtir að vísu áfram sóknargjöldin en tekur nú af þeim rúmlega 36% hlut. Það er ærið kostnaðarsöm innheimta svo ekki sé nú dýpra í árinni tekið. Kirkjan gæti auðvitað séð um innheimtuna sjálf eða framselt hana til banka eins og Nesklúbburinn gerir. Þannig vinna félagasamtök gjarnan í dag. En þá spyr ég: Muntu þá segja að kirkjan verði á framfæri bankanna?

Ég ítreka að í umræddum greinum mínum var ekkert sem túlka má sem gagnrýni á Nesklúbbinn, ekkert, Eggert!

Ég óska þér farsældar á nýju ári. Við munum vonandi taka golfhring saman næsta sumar eins og oft áður og njóta útiveru á Nesinu innan um kríur og aðra fugla, fiðraða sem ófiðraða.



6 VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 7. JANÚAR

# HRESST ÁTAK OG BRAZIL BUTT LIFT

Hress býður nú upp á sex vikna kraftnámskeið fyrir þá sem vilja koma sér í gott form í góðum félagsskap. Námskeiðin hefjast **7. janúar.**

**ÁTAK – KONUR**
MÁN. / MIÐ. / FÖS. kl. 06.05
MÁN. / MIÐ. / FÖS. kl. 09.15
MÁN. / MIÐ. / FIM. kl. 17.30

**ÁTAK – KARLAR**
MÁN. / ÞRI. / FIM. kl. 18.30

**Verð: 24.990 kr.**
**Verð fyrir korthafa: 15.990 kr.**

**BRAZIL BUTT LIFT**
MÁN. / MIÐ. kl. 16.45–17.30

**Verð: 17.990 kr.**
**Verð fyrir korthafa: 10.990 kr.**

Skráning og nánari upplýsingar
í síma 565 2212 og 565 2712
**mottaka@hress.is • www.hress.is**

SKRÁNING STENDUR YFIR

**ALMENNIR TÍMAR Á NÝJU ÁRI:** Zumba Fitness • Zumba Aqua • Zumba Toning • RPM • Body Vive • Body Pump • Body Balance • Body Attack • Warm-Fit • SB 30/10 • Stöðvaþjálfun • Krossþjálfun • Tabata • Yoga • Warm Yoga • Hot Yoga • Foam-Flex • Spinning • Vaxtarmótun • Byggjum og brennum.

**NÁMSKEIÐ:** Námskeið fyrir 12–16 ára stráka • Námskeið fyrir 12–16 ára stelpur • Brazil Butt Lift námskeið • Átak karlar • Átak konur

**ÞJÓNUSTA:** Sund • Vatnsgufa • Sauna • Einkaþjálfun • Hópþjálfun • Nudd • Aðgangur að Bjargi Akureyri • Aðgangur að Hressó Vestmannaeyjum

PIPAR\TBWA • SÍA • 123810

**Dalshrauni 11**
**Ásvöllum 2**
**220 Hafnarfirði**
**hress@hress.is**
**www.hress.is**

ÁSMEGIN
Sjúkraþjálfun

HRESS

## MERKISATBURÐIR

**653** Mikið tjón verður á Eyrarbakka og víðar í sjávarflóði, sem nefnt hefur verið Háeyrarflóðið.

**1871** Stöðulögin eru sett sem kveða á um að Ísland sé óaðskiljanlegur hluti hins danska ríkis, en þó með sérstök landsréttindi.

**1871** Íslensk króna verður til með sérstakri lagasetningu.

**1884** Andrea Guðmundsdóttir, saumakona á Ísafirði, kýs til bæjarstjórnar og er fyrsta konan sem það gerir eftir að konur fá kosningarétt til sveitarstjórna.

**1887** Prentarafélagið, fyrsta verkalýðsfélagið á Íslandi, er stofnað.

**1899** KFUM er stofnað á Íslandi af séra Friðriki Friðrikssyni.

**1932** Mötuneyti safnaðanna í Reykjavík tekur til starfa í Franska spítalanum.

**1959** Sovétríkin skjóta á loft fyrsta geimfarinu, Luna 1.

**1986** Kveikt eru ljós á sex öndvegissúlum við borgarmörk Reykjavíkur til marks um upphaf afmælisárs borgarinnar.

**1994** Flestir sjómenn á Íslandi fara í verkfall.


†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**HANNES KRISTMUNDSSON**
**Borgarheiði 13h, Hveragerði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 25. desember. Hann verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 5. janúar kl. 14.00.

**Sigurbjörg Gísladóttir**
**Kristmundur Stefán Hannesson**
**Sigurður Elí Hannesson** **Helena Sif Ericson**
**og barnabörn.**

†



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**ÞÓRUNNAR ÖLDU BJÖRNSDÓTTUR**
**frá Kirkjulandi, Vestmannaeyjum, síðar Meistaravöllum 9, Reykjavík.**

**Lára Halla Jóhannesdóttir** **Páll Sigurðarson**
**Birna Valgerður Jóhannesdóttir** **Jóhann Ingi Einarsson**
**Guðbjörg Ásta Jóhannesdóttir** **Adolf Bjarnason**
**Ágústa Ágústsdóttir**
**Brynjólfur Jóhannesson** **María B. Filippusdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

†



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**HELGA HÁKONARDÓTTIR**
**Hólsvegi 17,**

sem lést á heimili sínu fimmtudaginn 20. desember, verður jarðsungin 4. janúar klukkan 11.00 frá Fossvogskirkju.

**Bergþór Magnússon**
**Magnús Eðvarð Guðleifsson** **Guðbjörg Guðmundsdóttir**
**Bergþór Helgi Bergþórsson** **Gyða Sigurbjörg Steinarsdóttir**
**Bergsteinn Bergþórsson**
**Vilborg Helga Bergþórsdóttir**
**Katrín Ósk Magnúsdóttir**
**Brynjar Þór Magnússon**
**Elísabet Jenný Bergþórsdóttir**
**Kristófer Þorri Magnússon**

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**JÓN GUNNAR JÓNSSON**
**Vík í Mýrdal,**

lést á dvalarheimilinu Hjallatúni föstudaginn 21. desember. Útför hans fer fram frá Víkurkirkju laugardaginn 5. janúar kl. 14.00.

**Ívar Jónsson** **Björk Ben Ölversdóttir**
**Kristrún Harpa Kjartansdóttir** **Ingvar Pétursson**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




**FRUMKVÖÐLAR** Pálína, Guðmunda og Kolbrún opna brátt kaffihúsið í samvinnu við Félagsmiðstöðina Hæðargarði og FAAS,- Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ætlunin er að fólk eigi gleðistundir saman

Kaffihús ætlað fólki með minnissjúkdóma verður opnað á næstunni í Félagsmiðstöðinni í Hæðargarði. Þar er stefnt að gæðastundum með fræðslu, veitingum og söng. Guðmunda Steingrímsdóttir er ein af þremur forsprökkum.

„Þetta er tilraunaverkefni til tveggja ára,“ segir Guðmunda Steingrímsdóttir sjúkraliði um Alzheimerkaffi sem hún, ásamt Kolbrúnu Sigurpálsdóttur sjúkraliða og Pálínu Hrönn Skjaldardóttur hjúkrunarfræðingi, er að setja á laggirnar í þessum mánuði. Það verður opið tvisvar í mánuði, tvo tíma í senn í Félagsmiðstöðinni í Hæðargarði í Reykjavík.

„Alzheimerkaffi er nýjung hér á landi í þjónustu við fólk með heilabilun. Þar verður fræðsla um hvernig hægt er að gera lífið bærilegra, kaffi með meðlæti og tækifæri til að spjalla, bæði við fagfólk á staðnum og við fólk sem er í sömu stöðu. Svo verður alltaf endað á söng með undirleik. „Við verðum með söngbækur en oft er ótrúlegt hvað fólk man texta og lög, þó það hafi gleymt ýmsu öðru. Því er mikill styrkur í söngnum,“ segir Guðmunda sem reiknar með að aðstandendur komi með sínum sjúklingum. „Ætlunin er að fólk eigi þarna gleðistundir saman.“

Guðmunda segir fólk með minnissjúkdóma oft vera einangrað og þurfa á upplyftingu að halda. Það hafi líka þörf fyrir að tjá sig um sína líðan því viss tilhneiging sé til að þagga þennan sjúkdóm niður og tala ekki um hann eins og eðlilegan hlut. „Það eru allir velkomnir en við horfum sérstaklega til þeirra sem eru að greinast um og eftir miðjan aldur og hafa fá eða engin úrræði. Það eru til dæmis yfir hundrað manns á biðlista eftir dagþjónustu hér í borginni,“ lýsir hún.

Hugmyndina að Alzheimerkaffihúsinu segir Guðmunda komna frá Hollandi. Að hennar sögn eru fimmtán ár síðan slíkt hús var opnað þar og nú eru rekin um 200 Alzheimerkaffihús þar í landi. „Hollendingar eru frumkvöðlar í þessari starfsemi sem hefur breiðst út um Evrópu en ekki náð hingað til lands fyrr,“ segir Guðmunda. Hún fór sjálf til Hollands í sumar með starfsfélögum á vegum Félags áhugafólks og aðstandenda um Alzheimer og skylda sjúkdóma, (skammstafað FAAS). Hún heimsótti þá svona kaffihús og segir stemninguna þar hafa verið notalega. „Þetta er búið að vera áhugamál mitt lengi,“ segir Guðmunda sem er með framhaldsnám í öldrunarhjúkrun og starfar í Maríuhúsi, dagþjálfun fyrir fólk með minnissjúkdóma.

Kolbrún og Pálína Hrönn vinna báðar í Sóltúni og hafa líka mikla reynslu af fólki með heilabilun í gegnum sitt starf.

Alzheimerkaffi verður opnað 17. janúar í Félagsmiðstöðinni í Hæðargarði eins og fyrr segir. Aðgangseyrir er 500 krónur og innifalið er dagskrá og veitingar. gun@frettabladid.is

# Hlaut verðlaun fyrir vísindi

Gylfi Zoëga, hagfræðingur við Háskóla Íslands, hlaut nýlega Ásuverðlaun Vísindafélags Íslendinga fyrir árið 2012.

Verðlaun úr sjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright eru veitt íslenskum vísindamanni sem náð hefur framúrskarandi árangri á sérsviði sínu í vísindum eða fræðum og miðlað þekkingu sinni til framfara í íslensku þjóðfélagi. Gylfa Zoëga prófessor voru veitt þessi verðlaun fyrir 2012 á einum af síðustu dögum þess árs. Í rökstuðningi kemur fram að hann eigi að baki glæstan feril sem vísindamaður á sviði hagfræði og hafi jafnframt sýnt frábæran dugnað í að koma niðurstöðum rannsókna sinna á framfæri til almennings.

Þetta var í fertugasta og fjórða sinn sem úthlutað var úr Verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright. Meðal þeirra sem hafa fengið þau eru Sigurður Nordal, Sigurður Þórarinsson, Margrét Guðnadóttir og Sigurbjörn Einarsson biskup. Þeir sem hljóta verðlaunin fá nafnbótina æsir og ásynjur.

Sjóðinn stofnaði Ása til minningar um eiginmann sinn, ættingja og aðra venslamenn. Hún var fædd á Íslandi árið 1892 en giftist enska lögmanninum dr. Henry Newcomb Wright. Þau settust að á Trinidad í Vestur-Indíum í lok síðari heimsstyrjaldarinnar og ráku þar plantekru sem síðar var friðlýst vegna stórbrotinnar náttúru og sérstæðs fuglalífs. Þar heitir nú Asa Wright Nature Centre.

Þegar Ása seldi búgarðinn sá hún um að andvirði eignarinnar yrði meðal annars varið til stofnunar þessa verðlaunasjóðs í tengslum við Vísindafélag Íslendinga. - gun



**VERÐLAUNAVEITING** Gylfi Zoëga hefur hlotið nafnbótina ás með því að fá heiðursverðlaun úr Ásusjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GRILLAÐUR LAX

**Nú tekur hollustan völdin og þá er ekki úr vegi að grilla lax, til dæmis á grillpönnu, og bera fram með mintusósu. Kryddið laxinn með tandoori-kryddi, salti og pipar. Sósan er gerð úr hreinni jógúrt, fínt söxuðum mintublöðum, salti og pipar. Einfaldur en afar hollur réttur.**


BRÚÐKAUPSGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum

iittala

10% afsláttur



Tékk KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Salsa
Break
Street
Zumba
Hip Hop
Freestyle
Barnadansar
Argentískur Tangó
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Börn – Unglingar – Fullorðnir

ÍTR Frístundakortið

ZUMBA fitness

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru

Dansfélag Reykjavíkur

Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553-6645 | dans@danskoli.is




**SÓL OG JÓL** Stórfjölskyldan á Nýja-Sjálandi við bát fjölskyldunnar.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# BJÓR FYRIR JÓLASVEININN

**SUMARJÓL** *Sumarið er komið á Nýja-Sjálandi þar sem fjölmargir Íslendingar búa. Þar er áhersla lögð á útiveru yfir jólin enda heitt í veðri.*

Jólin á Nýja-Sjálandi eru talsvert frábrugðin þeim sem við Íslendingar þekkjum. Þar er nú sumar og meðalhitinn í desember er um 18 gráður. Finnbogi Pálsson hefur búið þar frá árinu 1995 en hann kynntist eiginkonu sinni, Nicolu Bryant, á Íslandi þegar hún vann í frystihúsi á Patreksfirði. Saman eiga þau fimm börn og búa á norðureyjunni, í litlum bæ sem heitir Whakatane. Nicola segir jólaundirbúning fjölskyldunnar hefjast snemma í desember þegar jólakakan er búin til sem er ávaxtakaka. „Á aðfangadag hefst síðan fjörið fyrir alvöru. Þá förum við með börnin á berjamarkað og tínum jarðarber, brómber og hindber sem við notum í jólamatinn. Ég er síðan á síðustu stundu með jólagjafirnar eins og venjulega.“ Áður en börnin fara í rúmið á aðfangadag setja þau kaldan bjór og kalt vatn út á tröppur fyrir jólasveininn og hreindýrið. Stóri dagurinn byrjar snemma á jóladag. Nicola segir börnin vakna um fimm leytið á jóladagsmorgun og vekja alla fjölskylduna. Fljótlega eru gjafirnar opnaðar en þær tengjast gjarnan útiveru og ströndinni. Jólamaturinn er borinn á borð kl. 14.30 og samanstendur yfirleitt af kalkúni, lambakjöti og grænmeti úr garði föður Nicolu. Eftir máltíðina fer fjölskyldan yfirleitt niður á strönd og slakar á það sem eftir lifir dags. Á annan í jólum er oftast farið í bátsferð með vinum. „Við tökum matarafgangana með frá jóladag og eyðum öllum deginum með fjölskyldumeðlimum og vinum okkar. Þetta eru ósköp notalegir dagar í sumarblíðunni hér í Nýja-Sjálandi.“



**BERJATÍNSLA** Yngsti fjölskyldumeðlimurinn á berjamarkaði fyrir jólin.
MYND/ÚR EINKASAFNI




2 FJÖLVARP

KEEPING UP WITH THE KARDASHIANS

E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS



ÚTSALA ...... ÚTSALA



30% afsláttur

Verðdæmi:
Verð áður: ~~8.900 kr.~~
Verð nú: 6.230 kr.

black pepper FASHION

Við erum á Facebook

Opið virka daga kl. 11 - 18
Opið laugardaga kl. 11-16

Laugavegi 178 • Sími 555 1516



Boltinn á Xinu 977

- alla virka daga kl. 11 - 12



X 97.7






**ÞJÓNUSTUFÓLKIÐ**
Aukin eftirspurn er eftir ráðsmönnum og þjónustufólki í Bretlandi og víðar vegna þáttanna.

# DOWNTON ABBEY HEFUR ÁHRIF Á NÝRÍKT FÓLK

**VERÐLAUNAÞÆTTIR** *Downton Abbey hefur fengið metáhorf víða um heim. Þættirnir hafa orðið til þess að margir óska nú eftir ekta breskum „butler“.*

Sjónvarpsþættirnir Downton Abbey hafa heldur betur slegið í gegn um allan heim, þar á meðal hér á landi. Breski leikarinn, Hugh Bonneville, hefur vakið heimsathygli fyrir leik sinn í þáttunum þar sem hann þykir sýna mikla snilldartakta. Hann var áður þekktur úr kvikmyndunum Notting Hill og Gosford Park og ýmsum sjónvarpsþáttum en sagt er að Downton Abbey hafi gjörbreytt lífi hans.

Myndaflokkurinn, sem hefst um það leyti sem fyrri heimsstyrjöldin er að hefjast, segir frá Crawley-fjölskyldunni og þjónustufólki hennar. Bonneville hefur látið hafa eftir sér í viðtölum að þættirnir höfði mjög til hans. „Ég féll fyrir handritinu frá fyrstu stundu og fannst það áhugavert. Ég átti hins vegar ekki von á þessum gífurlegu vinsældum,“ segir hann. Bonneville fer með eitt aðalhlutverkið, hlutverk jarlsins Robert Crawley.

Þættirnir hafa fengið eftirsótt verðlaun á borð við Golden Globe og Emmy auk margra annarra. Þættirnir hófu göngu sína á ITV-stöðinni í september 2010 en nú er verið að sýna þriðju þáttaröðina. Höfundur er sir Julian Fellowes og nýlega var ákveðið að hefja upptökur á fjórðu þáttaröðinni.

Highclere-kastali í Hampshire var notaður í tökur bæði utan- og innandyra þótt einstaka atriði séu tekin upp í stúdíói. Bonneville segir að kastalinn sé ekki síður mikilvægur en leikararnir. „Þegar maður gengur inn er upplifunin eins og að ganga inn í breska menningarsögu,“ segir leikarinn.

Bærinn Bampton í Oxford-héraði var notaður í tökur utandyra. Margir þekktir leikarar koma við sögu og meðal þeirra er Maggie Smith. Hún hefur þó óskað eftir að verða skrifuð út úr sögunni.

Downton Abbey hefur verið líkt við aðra svipaða þáttaröð, Húsbændur og hjú, sem sýnd var hér á landi á áttunda áratugnum. Þættirnir hafa haft mikil áhrif á ýmsa þætti nútímasamfélags, meðal annars á tísku. Fyrirtæki í Bretlandi sem sér fólki fyrir þjónum og húshjálp finnur mikla aukningu á eftirspurn hjá efnameira fólki eftir ekta breskum „butler“. Um 430 breskir „butlerar“ hafa fengið vinnu á árinu í gegnum umboðsskrifstofuna Bespoke Bureau. Framkvæmdastjórinn sagði við The Daily Mail að nýríkar fjölskyldur í Kína, Rússlandi og Miðausturlöndum væru töluvert að sækjast eftir ráðsmönnum.



**HEIMSFRÆGÐ**
Þótt Hugh Bonneville hafi öðlast frægð fyrir löngu þá hefur hún margfaldast með Downton Abbey.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427






BBC ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS



# Heilsuhótel Íslands

# Aukin lífsorka og gleði

**Eitt helsta verkefni Heilsuhótels Íslands, að Ásbrú í Reykjanesbæ, er að bjóða upp á nýjan lífsstíl þar sem sérstök rækt er lögð við breytt mataræði, hreyfingu, fræðslu og jákvæða hugsun.**

Heilsuhótel Íslands er í fyrsta flokks húsnæði sem hentar vel fyrir starfsemi þess. Gestir sækjast gjarnan eftir því að komast úr daglegu amstri og streituvaldandi umhverfi. Á Heilsuhótelinu geta gestir dvalið í ró og friði.

Á hótelinu eru 42 herbergi, eins eða tveggja manna. Rými er fyrir 55 gesti hverju sinni. Öll herbergin eru rúmgóð og með baði. Aðgangur er að heilsulind hótelsins eins og heitum potti, gufubaði, innrauðum klefum, gufubaði og slökunarrými.

Hótelið er með leyfi sem heilsustofnun en einnig sem ferðaskipuleggjandi. Félagið hlaut nýverið hvatningarverðlaun ráðherra, viðurkenningu fyrir áhugaverðustu hugmynd að heilsutengdri ferðaþjónustu.

Heilsudvöl býðst reglulega sem tveggja vikna tímabil en einnig er mögulegt að nýta hótelið og þjónustu þess yfir helgar til hvíldar og slökunar.

Einstaklingar sem vilja bæta líkamlega og andlega líðan eða takast á við einkenni lífsstílssjúkdóma; hækkaðan blóðsykur, blóðþrýsting, vöðva- og liðverki, mígreni, streitu, svefnleysi, kvíða, bakflæði, áunna sykursýki eða umframþyngd, hafa náð markverðum árangri á heilsunámskeiði.

Þess má geta að mörg stéttarfélög og sjúkra- og fræðslusjóðir styðja við félagsmenn vegna lífsstílsbreytinga og fræðslu á hótelinu.







## Heilsuhótel Íslands

næstu námskeið

**Heilsunámskeið vorönn 2013 – tvær vikur**
**4.-18. janúar**
**8.-22. mars**
Betra er að panta tímanlega vegna aðsóknar á vornámskeiðin
**Flest stéttarfélög og fyrirtæki styrkja þátttakendur.**

**Heilsuhelgar í janúar**
**18.-20. janúar** Hjónahelgi – bóndadagur
**25.-27. janúar** Gyðjudagar, bara stelpur
Tilboðsverð kr. 22.500 á mann, tvær saman í herbergi.

Aðgengi að Heilsulind. Bláa lónið.
Holt og gott fæði, fræðsla og hreyfing.
Spennandi og uppbyggilegur valkostur fyrir alla.
**Kynnist þessu einstaka hóteli.**

**Hættum að reykja 2013**
Biðskráning í síma 5128040
Væntanlegt námskeið 18.-20. janúar
Verð kr. 49.500. með gistingu, fæði og námskeiðsgjaldi.
**Stéttarfélög styrkja reykleysisnámskeið.**

*Nánari upplýsingar:*
*www.heilsuhotel.is*
*heilsa@heilsuhotel.is*
*Ásbrú - Reykjanesbæ*

**BÓKANIR**
**Sími 5128040**
***Munum að bætt heilsa, aukið þrek og orka er uppskrift að hamingjusamara lífi.***



Veislur eru okkar fag
Verð frá **1795 kr.** pr. mann
Panta þarf veislur með minnst dags fyrirvara
Skoðið úrval veisluhugmynda á www.nings.is
SUSHI PARTÝ
Sushi partýbakkar fyrir hátíðarnar
Tilvalið í áramótaveisluna
Sushi bakkar fyrir áramótapartýið eru útbúnir á gamlársdagsmorgun og afgreiddir á gamlársdag á milli kl. 11 og 14
Allar pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara
Sushi bakki með...
30 bitum kr. 4500
50 bitum kr. 7200
NINGS
Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899

# Hugmyndafræði heilsueflingar

**Gestir Heilsuhótelsins njóta meðal annars aðstoðar heilsuráðgjafa. Þeir leiðbeina gestum um mataræði og hreyfingu auk þess að veita góðar leiðbeiningar eftir að dvöl lýkur þar.**

Starf heilsumarkþjálfa er ansi fjölbreytt og koma þeir að ýmsum þáttum í starfsemi Heilsuhótelsins. Steinunn Aðalsteinsdóttir hefur starfað þar frá haustinu 2009. „Ég nýti þekkingu mína til að miðla henni áfram til viðskiptavina Heilsuhótelsins, meðal annars í formi fyrirlestra. Einnig stýri ég leikfimi ásamt öðrum og ýmsum líkamsmeðferðum. Ég lærði snyrtifræði og einkaþjálfun á sínum tíma og allt nýtist þetta vel í starfi mínu hér á Heilsuhótelinu.“

### MEÐFERÐ Í TVÆR VIKUR

Viðskiptavinir Heilsuhótelsins stoppa yfirleitt í tvær vikur. Einnig er hægt að koma yfir helgi. Steininn segir að hægt sé að kenna gestum margt nytsamlegt á þessum tíma, eins og að lesa utan á umbúðir matvæla, fara yfir ýmis atriði er snúa að umhirðu húðarinnar og auðvitað að mataræði og hreyfingu sem skiptir vitanlega miklu máli.

### MATARRÆÐI SKIPTIR MÁLI

Að sögn Steinunnar skiptir mataræði mjög miklu máli og í mörgum tilfellum þarf að taka það til endurskoðunar hjá gestum Heilsuhótelsins. „Í raun er þetta einfalt. Borði maður holt og næringarríkt fæði öðlast maður um leið orku til að hreyfa sig. Ef maður hreyfir sig borðar maður ósjálfrátt hollari mat þannig að úr verður góð hringrás.

Ef maður er hins vegar alltaf á næringarsnauðu fæði verður maður orkulaus og líkaminn biður um meiri orku svo að þrátt fyrir að borða jafnvel fullt af hitaeiningum eru þær næringarsnauðar. Það leiðir til þess að maður borðar bara meira, þar sem líkaminn þarf næringu og mikil orka fer í að melta og við verðum orkulausari. Það er ekki góður hringur að vera fastur í. Mataræði er því gríðarlega mikilvægt og þess virði að gefa sér tíma í að skipuleggja það vel, jafnvel nokkra daga fram í tímann.“

### EFTIRFYLGNI EFTIR LOK DVALAR

Eftir að dvöl lýkur á Heilsuhótelinu fá gestir þess góðar leiðbeiningar um framhaldið, sérstaklega varðandi hreyfingu og mataræði. „Við leggjum mikla áherslu á að leiðbeina fólki varðandi hvaða matvælum má skipta út og hvar er hægt að breyta til. Það þarf ekki að skipta öllu út strax heldur er hægt að taka þetta í þrepum. Mestu skiptir þó að taka út unnin matvæli, hvítt hveiti og sem mest af sykri.“

Á Facebook-síðu sinni, Heilsuhótel Íslands – Steinunn heilsumarkþjálfi, mun Steinunn meðal annars veita gestum Heilsuhótelsins stuðning eftir að dvöl lýkur. „Þar mun ég meðal annars setja inn hollar uppskriftir, góð ráð og svara fyrirspurnum. Ég hvet alla til að kíkja þangað inn.“



**„Borði maður holt og næringarríkt fæði öðlast maður um leið orku til að hreyfa sig,“ segir Steinunn Aðalsteinsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Heilsuhóteli Íslands.** MYND/ARNOLD BJÖRNSSON



**Gestir á Heilsuhóteli Íslands hafa náð góðum árangri og unnið sig út úr streituvaldandi aðstæðum.**

# Streitu og þreytu gefið hornauga

Heilsuhótel Íslands hefur síðastliðin þrjú ár unnið með fólki sem vill bæta eigin lífsstíl, draga úr streitu og bæta svefn.

### STREITA

Ástæður streitu geta verið margvíslegar, meðal annars áhyggjur af vinnu, fjölskyldu og fjármálum. Dæmi um einkenni sem geta gefið til kynna streitu eru einbeitingarleysi, tilfinning um að ráða ekki við aðstæður, lítið sjálfstraust, vandræði með svefn eða svefnleysi, hár blóðþrýstingur, höfuðverkur, meltingartruflanir, aukin áfengisneysla og slæmt mataræði. Einstaklingur þarf að finna fyrir einu eða fleirum af ofantöldum einkennum til að teljast þjást af streitu. Einföld skýring á streitu er uppsöfnuð þreyta í líkama og sál.

Streita líður oft hjá, svo sem þegar streituvaldur er ekki lengur til staðar. Gestir á Heilsuhóteli Íslands hafa náð góðum árangri og unnið sig út úr streituvaldandi aðstæðum og áttað sig á að raunverulegra breytinga var þörf.

Þetta hafa þeir gert með því að mæta á tveggja vikna námskeið sem nú eru haldin fyrsta föstudag í hverjum mánuði og hafa um 3.000 manns sótt slík námskeið.

Dvöl á Heilsuhóteli Íslands, sem byggir á hvíld og slökunarmeðferðum svo sem heilsubætandi nuddi, jóga og fleiru en umfram allt jákvæðu og skemmtilegu umhverfi, hefur víðtæk áhrif á árangur til enn betri heilsu.

### ● HEILSURÁÐ ÁSDÍSAR RÖGNU



Ásdís Ragna Einarsdóttir, grasalæknir BSc, er einn af fyrirlesurum við Heilsuhótel Íslands og hefur gefið fjölda manns heilsuráð um betri heilsu og líðan. Á nýja árinu er gott að hafa eftirfarandi í huga þegar kemur að heilsunni.

- Tökum skref fyrir skref í átt að betri heilsu en þannig er auðveldara að temja sér nýjar og betri venjur.
- Reynum að draga úr streitu og álagi og finna leiðir til að slaka á eins og með hugleiðslu og hvíld.
- Borðum litríkan, hreinan og fjölbreyttan mat og reynum að velja lífrænt eins og hægt er.
- Finnum okkur hreyfingu við hæfi og förum reglulega út til að fá dagsbirtuna og fylla okkur af fersku súrefni.
- Vatn, vatn, vatn! Einnig er gott að drekka jurtate og nota kaffi og aðra koffíndrykki í hófi.

www.facebook.com/grasalaeknir.is

**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV

# Endurheimti fataskápinn eftir skemmtilega dvöl á Heilsuhótelinu

**Ólafur Ísleifsson missti hátt í tíu kíló á tveimur vikum.**

Hagfræðingurinn Ólafur Ísleifsson tók þá ákvörðun að sækja um dvöl á Heilsuhótelinu í sumar og sér ekki eftir því.

„Allar mínar væntingar uppfylltust og ég er mjög ánægður með þann árangur sem ég náði.“ Ólafur dvaldi á hótelinu í tvær vikur og missti hátt í tíu kíló. „Ég upplifði það mjög sterkt að þarna gekk ég inn í þrautprófað plan sem snýst um skynsamlegt mataræði, hreyfingu og hvíld.“

Ólafur segir auk þess mikla náttúrufegurð á Reykjanesinu sem margir láta fram hjá sér fara. „Mér fannst gaman að ganga um Keflavík, Njarðvík, Sandgerði og Garðinn og skoða vitana og söfnin í kring,“ segir Ólafur og dregur kosti hótelsins saman. „Þarna er um að ræða skilvirka dagskrá og andrúmsloftið er létt og skemmtilegt. Aðbúnaðurinn er til fyrirmyndar og umhverfið áhugavert.“ Ólafur segir dvölina hafa framkallað hugarfarsbreytingu hjá sér. „Eins og ég upplifi þetta þá eru nokkrar grundvallarreglur sem þarf að fara eftir. Það er að sneiða hjá hvítum sykri, hvítu hveiti og temja sér hófsemi.“



**Dvölin á Heilsuhótelinu stóðst fyllilega væntingar Ólafs og segir hann náttúrufegurðina og umhverfið í kring ánægjulegan bónus.**



**„Ég veit að hóteldvölin hefur kveikt ljós hjá mörgum og verið stökkpallur inn í breyttan lífsstíl til frambúðar,“ segir Sif**

# Dvöl á Heilsuhóteli Íslands ólík öllu sem ég hef prófað

**Smákvillar hverfa og sálin endurnærist, líkaminn léttist og húðin sléttist við dvöl á Heilsuhóteli Íslands í Reykjanesbæ, að sögn Sifjar Sigfúsdóttur, markaðs- og samskiptastjóra í Háskóla Íslands. Hún hefur tvívegis nýtt sér þjónustu hótelsins ásamt eiginmanni sínum.**

„Ég heillaðist af þeirri hugmynd strax frá upphafi að hér á landi væri til heilsuhótel þar sem hægt væri að huga að mataræði og hreyfingu á sama tíma. Fólk þarf heldur ekki til Austurlanda til að íhuga og endurnæra sálina, við höfum hér okkar hreina loft og hreina vatn ásamt fínni aðstöðu,“ segir Sif Sigfúsdóttir, markaðs- og samskiptastjóri á félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Hún hefur tvívegis nýtt sér þjónustu Heilsuhótels Íslands á Reykjanesi ásamt eiginmanni sínum. „Það gerir líkamanum mjög gott að hreinsa út allan sykur og kolvetni, sleppa kaffi og auðvitað aukaefnum í mat, eins og við gerðum á hótelinu, þannig að dvölin virkaði mjög vel á okkur en við höfðum ekki áður prófað að taka þetta allt út í einu. Við sjáum það alltaf betur og betur hvað mataræði stjórnar andlegu jafnt sem líkamlegu jafnvægi.

Á sunnudögum er einungis neytt safa og þeir eru allir nýpressaðir. Svo er haldinn vatnsdagur þar sem eingöngu er drukkið vatn og te. Allt hefur þetta mjög góð áhrif á líkamann. Þess á milli borðum við salöt og mikið grænmeti. Það er eins og líkaminn losi sig við eiturefni sem hafa safnast upp, húðin hreinsast og appelsínuhúð hverfur, maður fær eiginlega nýtt tækifæri sem er líka ný byrjun.“ Sif segir hótelið í alla staði vera mjög fínt og þægilegt og hún segir gaman að dvelja þar, njóta þess að fara í sauna, líkamsrækt, hitaklefa, slaka á, fara í göngur snemma á morgnana, teygjur og slökun eftir gönguna, borða hollan mat og drekka holla safa. „Þetta er tími sem hver og einn á fyrir sig og ræktar eigin líkama og sál. Ég veit að hóteldvölin hefur kveikt ljós hjá mörgum og verið fólki stökkpallur inn í breyttan lífsstíl til frambúðar.“

# Færeyingar fjölmenna á Heilsuhótelið

**Sigvør Laksá, umboðsmaður Eivarar Pálsdóttur, nýtur hvíldarinnar á Heilsuhóteli Íslands og kemur aftur og aftur.**

„Þetta er orðinn hluti af mínum lífsstíl. Ég var ekki dæmigerður gestur Heilsuhótelsins heldur var ég fyrst bara að fylgja systur minni. Eftir tíu daga dvöl í fyrsta sinn kom þó ekki annað til greina en að koma aftur. Ég fann mikinn mun á mér. Ég léttist um tólf kíló og þau hafa ekki komið aftur,“ útskýrir Sigvør Laxá frá Færeyjum en hún lauk sinni þriðju dvöl á Heilsuhóteli Íslands í sumar. Hún segir fyrstu heimsóknina hafa breytt heilsu sinni til hins betra.

„Ég hef aldrei verið mjög þung en mátti þó léttast um tíu til fimmtán kíló. Ég var hins vegar farin að finna fyrir ýmsum kvillum, svo sem stífleika í höndum og fótum, sem ég hélt að væru bara fylgikvillar aldursins. Þessir kvillar hurfu allir á meðan á dvölinni stóð.“

Sigvør sinnir annasömu starfi sem umboðsmaður eins frægasta tónlistarmanns Færeyja, Eyvarar Pálsdóttur. Norðurlandabúar eru stór hluti gesta Heilsuhótels Íslands. Nú fjölmenna Færeyingar á hótelið enda stutt að fljúga milli landanna. „Fiskisagan flýgur hratt í Færeyjum. Við systurnar vorum bara tvær fyrst en núna sækir fjöldi Færeyinga hótelið í hverjum mánuði,“ segir Sigvør.



**„Ég var ekki dæmigerður gestur Heilsuhótelsins heldur var ég fyrst bara að fylgja systur minni. Eftir tíu daga dvöl í fyrsta sinn kom þó ekki annað til greina en að koma aftur,“ segir Sigvør Laksá, umboðsmaður Eyvarar Pálsdóttur.**

RÁÐGJÖF Í REYKBINDINDI 800 6030

**● PERSÓNULEG RÁÐGJÖF VIÐ AÐ HÆTTA TÓBAKSNOTKUN** Ráðgjöf í reykbindindi hefur starfað óslitið frá árinu 2000 og er því að hefja fjórtánda starfsár sitt. Þjónusta Reyksímans byggir á heimasíðunni www.reyklaus.is og símalínunni 800-6030, en fólk hringir gjaldfrjálst í það númer. Símaþjónustan er opin frá klukkan 17-20 alla virka daga og svara sérþjálfaðir ráðgjafar í símann. Fyrstu tvær vikurnar í janúar er lengri opnun eða frá klukkan 16-21. Þjónustan er sérsniðin að þeim sem vilja hætta tóbaksnotkun, en margar leiðir eru til þess.



**● FYRIRLESTRAR AUÐAR HEILSUKOKKS** Auður Ingibjörg Konráðsdóttir heilsukokkur hefur haldið vinsæl námskeið í hollri matargerð og lífsstíl undanfarin ár. Hún hefur gefið út tvær spennandi uppskriftabækur sem báðar seldust upp. Bókin Heilsudrykkir kom út 2012 og nú fyrir jól kom út bókin Heilsusúpur og salöt. Auður verður með fyrirlestra á helgarnámskeiðum Heilsuhótels Íslands í janúar og febrúar á næsta ári. Sjá nánar á www.heilsukokkur.is.

**● EIN GLÆSILEGASTA LÍKAMSRÆKTARSTÖÐ LANDSINS** Sporthúsið Reykjanesbæ var opnað þann 15. september síðastliðinn eina glæsilegustu heilsu- og líkamsræktarstöð landsins á Ásbrú. Stöðin er í rúmlega 2.000 fermetra húsnæði sem hefur allt verið endurgert. Sporthúsið býður upp á allt það helsta í heilsurækt í dag svo sem fullkominn tækjasal, einkaþjálfun, Hot-yoga, skvass, spinning, fit pilates, ketilbjöllur auk fjölda opinna hóptíma og námskeiða. Þá hafa bæði Crossfit- og Superform-námskeiðin slegið rækilega í gegn. Sporthúsið er í nánu samstarfi við Íþrótta- og heilsuskóla Keilis sem býður upp á ÍAK-þjálfaranám.

SPORTHÚSIÐ REYKJANESBÆ

# Áhrifaríkar aðferðir til uppbyggingar

Chad Kailen, einkaþjálfari, nuddari og næringarfræðingur á Heilsuhóteli Íslands, notar ýmsar leiðir til að ná árangri við að bæta heilsu fólks. „Á hverjum morgni fer ég með hópinn minn í göngutúr. Eftir það förum við í gegnum léttar styrktar- og teygjuæfingar. Markmiðið er að losa um liðina og koma líkamsvökvum af stað. Þannig fáum við nýjan vökva inn í liðina og komum hreyfingu á vökvaflæðið.“

Æfingarnar eru einfaldar og til þess gerðar að fólk geti tileinkað sér þær og framkvæmt þær heima hjá sér eftir að dvöl á hótelinu lýkur. „Fólk sem kemur hingað öðlast þekkingu og færni til ná betri heilsu og líðan.“ Önnur og árhrifarík aðferð sem Chad notar er nudd. „Nudd er tilvalin leið til að endurhlaða líkamann og koma hreyfingu á líkamsvökva. Með því er hægt að leiðrétta spennu í líkamanum. Stífar axlir síga niður við að vera nuddaðar og fólk verður eðlilegra og slakara. Nudd er samt ekki bara til þess gert að slaka á, heldur hefur mun meiri áhrifamátt en það. Þetta finnur fólk þegar það er nuddað; það er endurnært.“



Chad notar til dæmis svona keilur við styrktar- og liðleikaæfingar ásamt því að beita nuddi.


Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?



Aðeins **4 mínútur** frá Keflavíkurflugvelli

- sparar þér tíma og peninga



REYKJANESBÆR ÁSBRÚ KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

ÁSBRÚ



Ásbrú í Reykjanesbæ er spennandi svæði þar sem fyrrum herstöð er umbreytt í samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Svæðið hentar einstaklega vel fyrir flutningafyrirtæki eða önnur fyrirtæki sem sjá hag sinn í að vera nálægt alþjóðaflugvelli.

Á Ásbrú er hlið beint inn á flugsvæði Keflavíkurflugvallar og góð tenging við stórskipahöfnina í Helguvík. Allar gerðir húsnæðis eru á svæðinu, bæði til útleigu og sölu, s.s. geymsluhúsnæði og skrifstofuhúsnæði. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna fjölmörg sprotafyrirtæki og menntastofnanir.

**Nánari upplýsingar um Ásbrú má finna á www.asbru.is.**

Kadeco®
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

# Gleðilegt nýtt ár!




## VIÐ HEFJUM ÁRIÐ MEÐ SKÓSPRENGJU



**50% AFSLÁTTUR AF SKÓM**

**ÁÐUR 14.800 NÚ 7.400**

**OPIÐ ALLA DAGA**





AUSTURSTRÆTI 8 / 101 REYKJAVÍK / 534-0005

# Allt í steik!

*4ra rétta veisla og A la Carte í Perlunni*

## 4ra rétta veisla

*Þú velur aðalréttinn. Verð á matseðli* **6.850 kr.**

SITURUS-GRAFINN REGNBOGASILUNGUR
með tómat-mais salsa, kryddjurta-froðu og graslaukssósu

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni
útfærður af matreiðslu-meisturum Perlunnar

*eða*

HÆGELDAÐ ANDALÆRI
með kartöflumauki, bacon, radisum og appelsínu sósu

*eða*

NAUTALUND
með gratineruðum sveppa-kartöflum, ætilþistlum og bearnaise sósu

*eða*

LAMBAHRYGGUR
með smáum kartöflum, rauðrófum, gulrófum og rósmarin sósu

KARAMELLA OG SÚKKULAÐI
með salthnetu mulningi, hindberja-majónesi og volgri karamellu

**Verð aðeins 6.850 kr.**
Næg bílastæði

## Vissir þú?

Vín dagsins Griollo Malbec/Cabernet frá Argentínu kostar aðeins Kr. 4200,- flaskan.
Andarlærin eru frá Frakklandi og eru langtímaelduð.
Nautalundirnar eru allar úr törfum.
Lamba "Prime" er úr sér-völdum lambahryggjum að norðan.





**Gjafabréf Perlunnar**
Góð gjöf við öll tækifæri!

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

bílaland

**Bílaland, B & L**
**Breiðhöfða og Klétthálsi 11, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.bilaland.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100bílar.is



NÝ COLEMAN CHEYENNE 10 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 2.389.800kr , Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

### Vinnuvélar



Samasz Sandreyfarar Búvís ehf Sími: 465 1332 WWW.buvis.is



Úrval snjóplóga og snjótanna. Búvís ehf Sími: 465 1332 WWW.buvis.is

### Varahlutir

Bílapartasalan
Bílhlutir
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is
Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavia árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

### Viðgerðir

**ÓDÝRAR VIÐGERÐIR, LEYSUM ÖLL MÁL!**

Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.

## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónustа
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

### Garðyrkja

GARÐLIST
ALLT FYRIR GARÐINN Á EINUM STAÐ
23 ára
Vöktun á plönum
Hálkueyðing - Snjómokstur
Fáðu tilboð ... 554 1989

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Tölvur

**APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA**

Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

### Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR LEIÐSLUTÆKNIR(CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

## KEYPT & SELT

### Til sölu

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

### Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www. kaupumgull.is

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**

**SJÁ NÁNAR Á WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM**

Hefst 7.janúar, skráning á www. flugskoli.is.

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

Íbúð til leigu nálægt Hlemm. Sími 661 5219.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**

Skógarhlíð 27, 601 Akureyri, 160 fm einbýlishús, 4 svefnherb. Aðstaða fyrir ca 13 manns. Leyfilegt að hafa hund í Skógarhlíð. Er einnig með fleiri orlofshús og sumarbústaði við Akureyri með heitum potti.

**orlofshus.is Leó 897 5300**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

### Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

## ATVINNA

### Atvinna í boði

símstöðin

**KVÖLD- OG HELGARVINNA.**

Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára.

**Hringið í síma 776-7400 eða sendið mail á kvoldvinna@ simstodin.is**

**VERSLUNIN & KAFFI KVOSIN, INGÓLFSTORGI.**

Óskar eftir framtíðar starfsfólki í hlutastarf. Viðkomandi verður að vera 18 ára eða eldri, reyklaus og með mikla þjónustulund.

**Áhugasamir sendið uppl. og ferilsskrá á netfangið kjartan@ kvosin.is**

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

### Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt. 535-9922
Heitar fyrirsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur ◦ live spjall
908-6000 • 535-9999

bílaland
- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



NISSAN Terrano Luxury. Nýskr. 07/03, ekinn 216 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.090.000 **TILBOÐSVERÐ 690.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.141307.



NISSAN X-Trail SE. Nýskr. 06/08, ekinn 107 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. **TILBOÐSVERÐ 2.790.000.** Rnr.150964.



RENAULT Megane Berline. Nýskr. 03/05, ekinn 140 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 950.000 **TILBOÐSVERÐ 650.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.151578.



SUBARU Forester CS. Nýskr. 11/07, ekinn 89 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000 **TILBOÐSVERÐ 1.950.000.** Ný tímareim. Rnr.200696.



SUZUKI Jimny JLX. Nýskr. 06/07, ekinn 98 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.580.000 **TILBOÐSVERÐ 1.290.000.** Rnr.201046.



TOYOTA Hilux SR. Nýskr. 05/07, ekinn 190 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.390.000 **TILBOÐSVERÐ 2.690.000.** Rnr.200769.



TOYOTA Rav4 4WD. Nýskr. 05/03, ekinn 132 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000 **TILBOÐSVERÐ 790.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.151612.

Breiðhöfða og Kletthálsi 11
**525 8000**
www.bilaland.is




# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.







Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.

Allt sem þú þarft...

## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Jökulgrunn 18-28 og 25-29

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugarás-Hrafnista vegna lóðanna nr. 18–28 og 25–29 við Jökulgrunn. Í breytingunni felst að byggja sólstofur á austurhlið húsanna. Útlit skal vera samræmt og stærð sólstofa samkvæmt upplýsingum á auglýstri tillögu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillaga liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 2. janúar 2013 til og með 13. febrúar 2013**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa Reykjavíkur eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 13. febrúar 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 28. desember 2012
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071




DISCOVERY CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is





KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS


## Krókabyggð 17 - 270 Mosfellsbær



Glæsilegt 97,2 m2 endaraðhús á stórri eignarlóð við Krókabyggð í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, gott hjónaherbergi, barnaherbergi, baðherbergi m/sturtu og þvottahús/ geymslu. Falleg aðkoma, stór suð-vesturlóð og pallur. **V. 32,9 m.**



## Fálkahöfði 2 - 270 Mosfellsbær








**Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Björt 91 m2 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt 27,6 m2 bílskúr við Fálkahöfða 2 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi með sturtu og baðkari, þvottahús, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sér geymsla á 1. hæð. Falleg íbúð með fallegu útsýni á vinsælum stað í Mosfellsbæ. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 26,5 m.**




**Gjáhella 5 - 221 Hafnarfjörður**
209,6 m2 iðnaðarhúsnæði(endabil) á 2. hæðum við Gjáhellu 5 í Hafnarfirði. Eignin er ca. tilbúin til innréttingar. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 13,5 m.**




**Jörfagrund - 116 Kjarlanes**
142,3 m2 bjálkahús á 2 hæðum við Jörfagrund á Kjalarnesi. Húsið er finnskt bjálkahús á tveimur hæðum. **Auðveld kaup!** Áhvílandi er hjá Íbúðalánasjóði ca. 29,7 m. **V. 31,5 m.**




**Kríuás 17A - 221 Hafnarfjörður**
Mjög falleg og rúmgóð 105,7 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Kríuás 17A í Hafnarfirði. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 22,9 m.**



**Ársalir 1 - 201 Kópavogur**
Mjög glæsileg 100 m2 3ja herbergja íbúð á 9. hæð í vönduðu lyftuhúsi við Ársali 1 í Kópavogi. Mikið útsýni er úr íbúðinni til suðurs og austurs. **V. 29,5 m.**




**Flúðasel 94, íbúð 101 - 109 Reykjavík**
Falleg og rúmgóð 101,4 m2, 4ra herbergja íbúð á 1. hæð við Flúðasel 94 í Reykjavík. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 19,9 m.**

## Hliðsvegur 1 - 225 Álftanes




Hlíðsvegur 1 Álftanesi er til sölu. Þetta eru þrjú hús á leigulóð sem eru skráð 382,8 m2, Þar af skráð Einbýli 170 m2, Nuddstofa 96,2 m2, veitingahús 89,8 m2 ásamt 26,8 m2 sólstofu. Frábær staðsetning með glæsilegu útsýni. **Eigninrnar eru lausar til afhendingar strax. Óskað er eftir tilboðum í eignina.**

## Arnarhöfði - 270 Mosfellsbær



Mjög fallegt 187,8 m2 endaraðhús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Falleg aðkoma er að húsinu, stórt bílaplan fyrir framan húsið er hellulagt og garðurinn gróinn með fallegri timburverönd. Húsið er staðsett á fallegum stað við opið svæði. Stutt er í leikskóla, grunnskóla, sund og á golfvöll Mosfellsbæjar. **V. 48,5 m.**

## Grensásvegur 12 - 108 Reykjavík




1567 m2 atvinnuhúsnæði við Grensás-veg 12 í Reykjavík. Húsnæðið er rúmlega fokhelt þ.e. búið er að rífa að mestu allt innan úr húsnæðinu. Húsnæðið er selt í því ástandi sem það er í í dag. E**ignin er laus til afhendingar strax. V. 99,5 m.**

## Auðbrekka 25-27 - 200 Kópavogur




Gott 1520,9 m2 atvinnuhúsnæði á 2. hæðum við Auðbrekku/Dalbrekku í Kópavogi. Um er að ræða tvær jarðhæðir, önnur með aðkomu frá Auðbrekku og hin með aðkomu frá Dalbrekku. Á neðri hæð eru 6 innkeyrsluhurðir og inngönguhurð og á efri hæð eru þrjár inngöngu-hurðir og inngönguhurð. **V. 150.000 m.**


# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

## ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.


*Gleðilegt nýtt ár. Þökkum viðskiptin á liðnu ári.*

## SÉRBÝLI



### Byggðarendi
Fallegt 270,6 fm. einbýlishús með aukaíbúð við Byggðarenda. Húsið er mikið endurnýjað. Aðalíbúðin skiptist m.a. í eldhús með eyju og vandaðri sérsmíðaðri innréttingu, stofu og borð-stofu með útgengi í garð, hjónaherbergi með fataherbergi innaf, tvö barnaherbergi og flísalagt baðherbergi. Hiti í gólfum að hluta. Innfelld lýsing á erfi hæð. Sér íbúð á neðri hæð. Glæsilegur og sólríkur garður til suðvesturs. **Stór verönd úr harðviði og heitur pottur. Óskað er eftir tilboðum í eignina.**



### Haukanes- Garðabæ.
Glæsilegt u.þ.b. 330 fm. einbýlishús á tveimur hæðum innst í götu og með frábæru útsýni á Arnarnesinu.Húsið hefur verið þó nokkuð endurnýjað hið innra á undanförnum árum og er í mjög góðu ástandi, bæði innan og utandyra. Stórar og glæsilegar stofur með mikilli lofthæð, miklum gluggum og ofanbirtu. Eldhús með vönduðum sérsmíðuðum innréttingum. Fimm her-bergi. Stórar og skjólgóðar verandir til suðurs með skjólveggjum og heitum potti. **Stór og ræktuð eignarlóð. Verð 99,0 millj.**



### Asparhvarf- Kópavogi
Afar glæsilegt og vandað 243,1 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 34,6 fm. bílskúr á frábærum útsýnisstað við Elliðavatn. Húsið er innréttað á afar vandaðan og smekklegan máta. Instabus rafkerfi er í húsinu. Innihurðir eru allar extra háar. Innréttingar eru sérsmíðaðar, hvítar og úr bæsaðri eik. Gólfefni eru hvíttaður askur og flísar. Þrjú svefnherbergi. Auðvel t er að inn-rétta eitt stórt svefnherbergi í viðbót í stað sjónvarpsstofu á neðri hæð. Lóðin er með miklum hellulögðum veröndum. **Falleg lýsing utan á húsinu og á lóð. Verð 69,9 millj.**



### Hólahjalli –Kópavogi. Einbýlishús á frábærum útsýnisstað
Stórglæsilegt 355,3 fm. einbýlishús að meðtöldum 45,3 fm. tvöföldum bílskúr á frábærum útsýnisstað við opið svæði í suðurhlíðum Kópavogs. Húsið er allt hið vandaðasta að innan og utan og í mjög góðu ásigkomulagi. Lóðin er glæsileg með miklum veröndum með góðri lýsingu og fallegum gróðri, en þó viðhaldslítillil. Mjög mikil lofthæð er í hluta hússins, t.d. allt að 6 metra lofthæð í stofum. **Möguleiki á aukaíbúð með sér inngangi á jarðhæð hússins. Verð 99,0 millj.**



### Móaflöt – Garðabæ
Mikið endurnýjað 160,7 fm. raðhús á einni hæð auk 42,7 fm. bílskúrs. Húsið var mjög mikið endurnýjað fyrir um 10 árum síðan. Þá voru m.a. bæði baðherbergi endurnýjuð, innrétting og tæki í eldhúsi, gólfefni, rafmagnstöflur, vatns- og ofnalagnir að hluta, innihurðir o.fl. Mögulegt er að innrétta bílskúr sem hluta af íbúðarrými þar sem innangengt er í bílskúr af svefngangi. Ræktuð lóð með verönd til suðurs og vesturs. Hellulögð innkeyrsla. **Frábær staðsetning í góðu göngufæri við skóla, sundlaug og aðra þjónustu Verð 56,9 millj.**



### Tjaldanes – Garðabæ
Mikið endurnýjað 256,2 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr á sunnanverðu Arnarnesi. Stórt hol/arinstofa með útgangi á verönd til suðurs. Stórar samliggjandi bjartar stofur. Eldhús með vönduðum hvítum innréttingum. Hjónaherbergi með fataherbergi innaf, forstofuherbergi og tvö barnaherbergi. Húsið hefur verið mikið endurnýjað að utan sem innan sl. ár. **Stór eignarlóð sem snýr til suðurs.Verð 84,9 millj.**



### Hrísholt – Garðabæ.
Fallegt 250,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað. Stórar samliggjandi stofur með frábæru útsýni yfir borgina, út á sjóinn og víðar. Sólskáli með útgangi á verönd með heitum potti. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Þrjú stór herbergi auk fjölskyldurýmis. Ræktuð lóð með hellulagðri innkeyrslu og hitalögnum. **Auðvelt er að útbúa 2ja herbergja íbúð á neðri hæð hússins. Verð 59,0 millj.**



### Hverafold. Einbýlishús með aukaíbúð
Reisulegt 275,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 3ja herb. aukaíbúð á jarðhæð, inn-byggðum bílskúr og stórum velheppnuðum suður garði. Húsið er vel viðhaldið og bíður upp á mikla möguleika.Stofur með mikilli lofthæð og útgengi á suðursvalir, eldhús með sérhannaðri innréttingu og fjögur herbergl auk séríbúðar á neðri hæð. **Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Verð 73,0 millj.**

## 4RA – 6 HERBERGJA



### Sóltún. Glæsileg íbúð með tvennum svölum.
Afar glæsileg 139,2 fm. íbúð á 3. hæð með tvennum svölum (aðrar yfirbyggðar) og sér stæði í bílageymslu í nýlegu húsi í Sóltúni. Allar innréttingar eru frá Axis. Innihurðir og gólfefni eru úr eik. Gólfhiti í allri íbúðinni. Tvennar rúmgóðar svalir. Eldhús var endurhannað, stækkað og elda-vélareyju komið fyrir. Aðeins tvær íbúðir á hæðinni. **Lóð fullfrágengin með hitalögnum í stéttum. Verð 48,5 millj.**

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** labb, **6.** bardagi, **8.** áverki, **9.** rúm ábreiða, **11.** bókstafur, **12.** krapi, **14.** frumefni, **16.** sjó, **17.** regla, **18.** heyskaparamboð, **20.** stöðug hreyfing, **21.** tónleikar.

**LÓÐRÉTT**
**1.** dans, **3.** mannþvaga, **4.** vopn, **5.** viður, **7.** raddbönd, **10.** óvild, **13.** eiga heima, **15.** titra, **16.** pumpun, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** rölt, **6.** at, **8.** sár, **9.** lak, **11.** sé, **12.** slabb, **14.** flúor, **16.** sæ, **17.** agi, **18.** orf, **20.** ið, **21.** gigg.
**LÓÐRÉTT: 1.** vals, **3.** ös, **4.** lásbogi, **5.** tré, **7.** talfæri, **10.** kal, **13.** búa, **15.** riða, **16.** sog, **19.** fg.






# Jólalokan mikla

**BAKPANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Eldamennskan hófst þá um morguninn, þetta skyldi verða flott. Rótargrænmeti með fennel og timían, rauðkál, brúnkál og berjasulta og þrjár tegundir af sósu, sykurbrúnaðar kartöflur og fjórar tegundir kjöts, hægeldaðar af natni. Rjómalagaður möndlugrautur skyldi verða í forrétt og heimalagaður ís í eftirrétt. Aldeilis öllu til tjaldað. Það voru nú einu sinni jól.



**VIÐ** erum fjögur í fjölskyldunni. Þar af tvö það langt undir fermingu að bragðlaukar þeirra gefa lítið fyrir timían, hvað þá fennel. Það var því augljóst frá upphafi að afgangarnir yrðu einhverjir en það var með ráðum gert. Kaldir kjötafgangarnir skyldu nýttir í jólalokuna svokölluðu en það er sérlega vel útilátin samloka sem hefð hefur skapast fyrir hjá okkur á jóladag. Tilhlökkunin vegna jólalokunnar er ekki minni en vegna jólamáltíðarinnar sjálfrar. Stundum er hún margra hæða með súrum gúrkum og sætu sinnepi og kjötáleggið í svo þykkum sneiðum að það hálfa væri nóg. Það var eingöngu vegna jólalokunnar að hvorki meira né minna en fjórar tegundir kjöts kraumuðu nú í ofni og í pottum og pönnum. Lokan þessi jólin yrði rosaleg.

**HÚSBÓNDINN** mundaði því kjöthitamælana og fylgdist með hverri gráðu. Það er ekki sama hvernig þetta er gert, mismunandi hiti á við hverja tegund og ekkert má út af bera. Hann gaf sér varla tíma til að skipta í betri fötin, svo umhugað var honum um bragðgæði, meyrni og áferð.
Þegar jólin komu með klukknaómi og kræsingarnar skyldu á borðið var kjötið það eina sem stóð klárt. Grjónin í rjómalagaða möndlugrautinn sem átti að vera í forrétt voru enn í pakkanum. Rótargrænmetið sem átti að lagast með timíani og fenneli var enn í sínu upphaflega formi inni í ísskáp og sömuleiðis kartöflurnar!
En það þýðir ekkert að láta svona lagað slá sig út af laginu. Krakkarnir fengu það sem til var enda hefði þeim ekki getað staðið meira á sama um fjarveru fennelsins. Við tvö borðuðum síðar, sama kvöld þó, þegar kartöflurnar voru soðnar og slepptum forréttinum. Fyrir vikið var jólamáltíðin talsvert á annan veg en til stóð en það gerði ekkert til. Jólin snúast jú um annað og meira.
Jólalokan var hins vegar rosaleg!

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BIRTINGAHÚSIÐ

## Fræði í framkvæmd

Alhliða ráðgjöf um
auglýsingabirtingar og markaðssamskipti



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2012

Birtingahúsið
hefur verið
fyrirmyndarfyrirtæki
VR undanfarin ár

Carat

Carat er
samstarfsaðili
Birtingahússins

Birtingahúsið | Laugavegi 174 | Sími: 569 3800 | www.birtingahusid.is

# Almennileg þriggja vasaklúta sýning

LEIKHÚS ★★★★☆

**Mýs og menn**
Höfundur: John Steinbeck. Þýðing: Ólafur Jóhann Sigurðsson. Helstu hlutverk: Ólafur Darri Ólafsson. Hilmar Guðjónsson og Álfrún Örnólfsdóttir. Leikstjóri: Jón Páll Eyjólfsson.
**BORGARLEIKHÚSIÐ**



Jólasýning Borgarleikhússins í ár er Mýs og menn eftir John Steinbeck. Leikstjóri og dramatúrg sýningarinnar, nafnarnir Jón Páll Eyjólfsson og Jón Atli Jónasson, hafa umritað verkið nokkuð, t.d. hafa þeir lýst því í fjölmiðlum að vilja ekki hengja sig í ritunartíma sögunnar, saga farandverkamannanna George og hins vitgranna Lenny gæti gerst hvar sem er, menn í þeirra stöðu tilheyri alls ekki fortíðinni. Þannig liggur það á milli hluta hvar félagarnir vinna, það gæti verið hvers konar illa launuð stóriðja, frekar en stórbýli upprunalegu útgáfunnar.

Í þessari staðleysutilraun gekk reyndar illa upp að breyta „negranum“ Crooks í útlending af annarri kynslóð innflytjenda. Þetta var virðingarverð tilraun en sá andlegi farangur sem fylgir þrælahaldi suðurríkjanna verður illa fluttur yfir á (íslenskan) rasisma með því að skipta einu orði út fyrir annað. Þannig var ekkert vit í því í að „útlendingurinn“ mætti ekki nota sama kamar og hinir eða sofa nálægt þeim. Og af því að ekki tókst að yfirfæra hatrið, framandleikann og kúgunina sannfærandi frá einum minnihlutahópi yfir á annan varð rödd útlendingsins hjáróma og þáttur hans í verkinu óljós. Einnig voru breytingar á lokaatriðinu ekki til bóta, þótt það hafi vissulega verið áhrifamikið.

En sýningin er flott, missir aldrei dampinn og er í raun mjög trú upphaflega verkinu. Breytingarnar sem hafa verið gerðar eru smávægilegar þegar horft er til tilfinninganna sem urðu Steinbeck yrkisefni og þær skila sér svikalaust til áhorfenda.

Uppfærsla á Músum og mönnum hangir alltaf á samspili aðalleikaranna tveggja. Fyrstan verður að nefna Lenny Ólafs Darra sem stígur fullskapaður fram eiginlega um leið og bárujárnstjaldið lyftist. Fjarskalega fín vinna þar sem hver augngota er úthugsuð og vel heppnuð. Það er ekki laust við að ugg setji að áhorfendum, hvort Hilmar Guðjónsson nái að halda í við félaga sinn á sviðinu, en hann veldur ekki vonbrigðum og vex í hlutverkinu með hverri mínútu. Líkamsmál þeirra og óyrt samskipti skiluðu áralangri sambúð áreynslulaust.

Einungis eitt kvenhlutverk er í leiknum og fer Álfrún Örnólfsdóttir með hlutverk hinnar léttúðugu frúar sem öllu hleypir í bál og brand. Nokkuð skortir á raddbeitingu Álfrúnar, hún streðar merkjanlega við að láta kveða að raust sinni. Hún kom sakleysi frúarinnar vel til skila og lífsleiða hennar, en nokkuð skorti á daðurdrósina. Aðrir leikarar stóðu sig vel, Theodór Júlíusson var ágætur sem smælinginn Candy og Þórir Sæmundsson gladdi sem fautinn Curley.

Leikmynd Ilmar Stefánsdóttur var stórfengleg, hún endurspeglaði aftur þessa óræðu stóriðju sem piltarnir unnu við, stórir sekkir mynduðu annars vegar hrikalegt landslag og hins vegar þröng híbýli verkamannanna. Lýsing Bjarnar Bergsteins Guðmundssonar var glæsileg og hljóðmynd Davíðs Þórs Jónssonar var mjög nostursamlega unnin, minnti á háværan véladyn á réttum stöðum án þess að drekkja áhorfendum í hávaða.

Mýs og menn er leikverk sem er beinlínis skrifað til að koma út tárunum á áhorfendum. Í meðförum hóps listamanna sem getur sagt langa sögu með orðalausri tannburstun – þá eru tárin einhvers virði, frekar en afleiðing af merkingarsnauðu melódrama.

Arndís Þórarinsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Alvörustórsýning á klassísku verki. Svona á jólagóðgæti atvinnuleikhúss að vera.


Rafræn Reykjavík fyrir þig



Fasteignagjöld í Reykjavík verða innheimt í heimabönkum.
Fasteignaeigendum er jafnframt bent á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum eða boðgreiðslur af greiðslukortum.

Á vef Reykjavíkurborgar geta fasteignaeigendur:
- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda fyrir árið 2013 (eftir 21. jan. nk.) og alla breytingaseðla þar á eftir
- afpantað álagningarseðla og breytingaseðla með pósti
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- valið einn eða níu gjalddaga fasteignagjalda til 15. janúar 2013
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur
- óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum þar sem þeir verða, líkt og áður, ekki sendir út til greiðenda, 18-70 ára

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið upplysingar@reykjavik.is eða í síma 411 1111.

Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is


# Leiðin frá A til B

BÆKUR ★★★★☆

**Nútíminn er trunta**
Jennifer Egan Þýðing: Arnar Matthíasson
**BJARTUR**




Jennifer Egan hefur hlotið mikið lof og verðlaun fyrir bók sína A Visit from the Goon Squad frá 2010 sem nú er komin út í íslenskri þýðingu undir nafninu Nútíminn er trunta. Sagan er samsett úr stuttum köflum með mismunandi sögumönnum sem allir tengjast á einn eða annan hátt. Sá sem er aukapersóna í einum kafla verður aðalpersóna í öðrum og þannig koll af kolli. Kaflarnir eru ólíkir í stíl og frásagnarhætti og hver persóna fær eigin rödd sem skilur hana frá öðrum. Heill kafli upp á um 80 síður er til dæmis byggður upp sem Power Point skyggnur og svo merkilega sem það kann að hljóma er hann einn áhrifamesti kafli bókarinnar.

Sögusviðið er New York samtímans en það er rásað fram og til baka í tíma og staðsetningum og leikurinn berst um víðan völl, til Afríku, San Fransisco, Napólí og Los Angeles, svo dæmi séu tekin. Miðja sögunnar er tónlistarbransinn í USA frá tímum Nirvana til um það bil 2020 og þær breytingar sem verða á honum endurspeglast í lífi persónanna á mismunandi hátt. Framtíðarsýn höfundar er ekki björt, tæknin tekur völdin, siðferði verður hlægilegt, peningarnir tala sem aldrei fyrr og allt og allir fást keyptir fyrir rétt verð. Samskipti molna og fara mestan part fram með rafrænum bylgjum. Þeir fáu snertifletir sem fólk hafði hvort við annað í „þá gömlu góðu daga“ eru í útrýmingarhættu í lok bókar.

Persónurnar eru mjög misáhugaverðar og sömuleiðis sögur þeirra og framan af klórar lesandinn sér í höfðinu yfir vinsældum bókarinnar: hvað er svona æðislegt? En smátt og smátt flækir Egan lesandann í net sitt, persónur sýna á sér nýjar hliðar og stíllinn verður knappari og magnaðri. Það er þrýst á alla auma bletti samtímans og miskunnarlaust sýnt hvernig hver og ein persóna missir sjónar á æskudraumunum, selur sál sína á einn eða annan hátt; verður hlægileg skrumskæling á fyrra sjálfi. Tíminn, sú trunta, er harður húsbóndi og fólk fylgir honum nauðugt viljugt í þá átt sem hann vísar því. Og öllu eru þessu komið til skila án nokkurra predikana eða yfirlýsinga, saga persónanna endurspeglar breytingarnar fullkomlega, jafnvel þær sögur sem eru í raun aðeins leiftur af langri ævi. Virkilega glæsilega gert.

Þýðing Arnars Matthíassonar rennur prýðilega, þótt dálítið beri á því að hrá ameríska frumtextans taki völdin og úr verði hin illræmda ísl/enska. Þýðandanum er þó sannarlega vorkunn því amerískari saga er vandfundin og ekkert skrýtið þótt krítíkerar vestanhafs hafi kallað bókina „nýtt meistaraverk amerískra bókmennta“.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Magnað verk sem endurspeglar samtímann með áhrifaríkum hætti.




Otrivin Menthol ukonserveret, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan púls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.




**TIL Í TUSKIÐ** Mikil spenna ríkir yfir leikaravalinu í þriðju Expendables-myndinni en Jackie Chan hefur staðfest sína þátttöku.

# Jackie tekur slaginn

Sylvester Stallone og félagar undirbúa þriðju Expendables-myndina. Jackie Chan er til í tuskið og er hann fyrsti slagsmálahundurinn til að staðfesta þátttöku.

Kínverski slagsmálasnillingurinn Jackie Chan hefur tekið að sér hlutverk í þriðju mynd Expendables-seríunnar en mikill spenningur ríkir meðal hasarmyndaáhugafólks yfir því hvaða hetjum Sylvester Stallone stillir upp næst.

Chan var að vísu beðinn um að vera í mynd númer tvö á sínum tíma, en varð að afþakka boðið vegna annarra verkefna. Nú mætir hann sprækur til leiks, og er þessi 58 ára gamli fjörkálfur sá fyrsti til að staðfesta þátttöku sína í þriðju myndinni.

Nóg hefur hins vegar verið spáð og spekúlerað. Nöfn harðhausa hafa verið nefnd af framleiðendum, og dregin strax til baka. Aðdáendur skeggræða mögulega kandídata í skúmaskotum internetsins. „Hvað með Michael Dudikoff?“ spyr einn, á meðan annar stingur upp á Hulk Hogan og Mr. T.

Enn sem komið er, getum við í raun ekki stólað á neinn nema aðaldriffjöður myndaflokksins, hinn eina og sanna Sylvester Stallone, og núna Jackie Chan, en að eigin sögn verður hlutverk hans veigamikið og þrælskemmtilegt.

haukur@frettabladid.is

## Þessir hafa einnig verið nefndir af framleiðendum, á internetinu, við vatnskælinn og í Nexus.

### Wesley Snipes



Það stóð til að fá hann í fyrstu myndina en svo lenti þetta vanmetna vöðvatröll í steininum fyrir skattsvik og þar dúsir hann enn. Afplánun hans lýkur næsta sumar og má því leiða að því líkur að Stallone nýti sér krafta þessa forna vinar síns. Hans helsti kostur er líklega sá að hann getur bæði leikið hetju og skúrk.
Helstu hasarverk: Blade-serían, Demolition Man, Passenger 57

### The Rock



Þetta geðþekka búnt þótti á sínum tíma líklegt til að erfa hasarhásæti þeirra Stallones og Schwarzeneggers þegar þeir segðu nóg komið. En The Rock kom öllum á óvart og hefur leikið í myndum af öllum stærðum og gerðum. Hann er líka lúmskt fyndinn og væri skemmtileg viðbót við Expendables-gengið.
Helstu hasarverk: The Mummy-serían, Fast Five

### Nicolas Cage



Maðurinn sem fólk ýmist elskar eða hatar. Hann hefur verið í lágstemmdum verðlaunamyndum, vitgrönnum vöðvamyndum og öllu þar á milli. Framleiðendur Expendables-seríunnar létu hafa það eftir sér að Cage yrði í þriðju myndinni en Stallone hefur borið þær fregnir til baka. Hvað verður veit enginn, en það eitt er víst að Nicolas Cage myndi hífa upp hlutfall Óskarsverðlaunaleikara í seríunni, yrði hann með.
Helstu hasarverk: Con Air, Face/Off, The Rock

### Gina Carano



Þessi þrítuga snót er harðari en Expendables-labbakútarnir allir til samans. Hún er bæði ung og reynslulítil sem leikkona, en átti þrátt fyrir það óaðfinnanlega frammistöðu fyrr á árinu í hasarmyndinni Haywire, þar sem hún barði alla í stöppu. Hún á fullt erindi í hóp Stallones, og hefur meira að segja verið nefnd á nafn, en það er spurning hvort af því verði þar sem hún hefur nú þegar staðfest þátttöku í sambærilegri hasarhetjuveislu kvennamegin.
Helstu hasarverk: Haywire

### Clint Eastwood



Stallone hefur lýst yfir áhuga á að fá þennan langafa hasarmyndahetjunnar til liðs við sig í þriðju myndinni, en Eastwood lét hafa eftir sér í viðtali að hann væri ólíklegur til að þiggja slíkt boð. Hann grínaðist reyndar með að hann gæti frekar hugsað sér að leikstýra myndinni, en það má alveg eins vona að Stallone taki hann á orðinu.
Helstu hasarverk: Dirty Harry-serían, Where Eagles Dare, Dollaramyndir Sergio Leone

### Vin Diesel



Þótti efnileg hasarhetja um síðustu aldamót en einhvern veginn varð hann aldrei sú súperstjarna sem ætlast var til af honum. Hann hefur þó haldið velli og gert til dæmis ágætis hluti í seríunni Fast and the Furious. Hefur ekki verið nefndur, en er samt mun ofar í goggunarröðinni en margir úr Expendables-myndunum tveimur. Sýndu biðlund Vin, Stallone hlýtur að hringja á endanum.
Helstu hasarverk: Fast and the Furious-serían, Riddick-serían, xXx

### Steven Seagal



Stallone hefur ítrekað reynt að fá hann í liðið, en Seagal segir þvert nei. Ástæðan er stirt samband milli Seagals og Avi Lerner, framleiðanda seríunnar, en þeim sinnaðist víst fyrir löngu. En Seagal veit líka að hann þarf að leggja glassúrsnúðana á hilluna, ætli hann sér að hafa roð við Expendables-búntunum, þannig að kannski er þetta allt saman bara fyrirsláttur.
Helstu hasarverk: Under Siege-tvennan, Hard to Kill, Executive Decision

### Kurt Russell



Flottur leikari sem svínvirkar í hasar. Honum var boðið að vera í fyrstu myndinni en hann afþakkaði. Sem er bölvuð sjálfselska í honum, því heimurinn þarf og vill meira af Kurt Russell.
Helstu hasarverk: Escape From New York, The Thing, Breakdown

### Aðrir sem væru fullkomnir:

Harrison Ford, Mel Gibson, Vinnie Jones, Linda Hamilton, Ray Liotta, Ice-T, Chow Yun Fat, Tom Berenger, Sigourney Weaver, Danny Trejo, Roddy Piper

Regatta GREAT OUTDOORS
CRAGHOPPERS
BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS
Dare 2b
LAGER
SALA!
KLÁRUM VETRARVÖRURNAR
FRÁBÆR VERÐ!
OPIÐ
VIRKA DAGA. 11–18
LAU. 11–16
SUN. 13–16
ÚTIVIST & SPORT
verslun heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550
www.utivistogsport.is


Úrval ljósa á betra verði
ÚTSALA
Hefst 2. janúar kl. 12:00 10-70% afsláttur
Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800












**HRESS** Retro Stefson er skemmtilegt band á sviði. MYND/HÖRÐUR ÁGÚSTSSON

# Stuð, stuð, stuð

TÓNLIST ★★★★☆

**Retro Stefson**
Hlíðarenda 30. desember.

Tónlistarhátíðin Síðasti sjens var haldin í fjórða sinn á jafn mörgum árum á sunnudaginn var í Valsheimilinu. Aðalnúmer kvöldsins – Retro Stefson. Miðasala var augljóslega undir væntingum og því brugðið á það ráð að minnka salinn, um ¾ hlutar hans notaður. Það dugði til að fylla sallinn. Síðasti sjens er fjölskylduskemmtun sem augljóslega sást á áhorfendaskaranum, allt frá ungum börnum upp í fullorðið fólk.

Undirritaður sá fyrri útgáfutónleika Retro Stefson í Iðnó fyrr í vetur og var afar hrifinn. Þá vantaði aðeins herslumuninn upp á allsherjarstuð. Haraldur Ari var þá fjarri góðu gamni en hann var mættur í fullu fjöri í Valsheimilið á sunnudag. Og sveitinni tókst frábærlega til. Lög af nýju plötunni í bland við eldra efni virkaði frábærlega, sum lögin voru brotin upp með rappi en önnur hörðu teknóbíti.

Þá fékk hljómsveitin tvo góða gesti upp á svið. Ungan rappara, Jón Gunnar að nafni, og svo frænda þeirra Unnsteins og Loga sem steig villtan dans með þeim. Salurinn var vel með á nótunum, söng og dansaði hvað hann gat og tók á allan mögulegan hátt þátt í gleðinni. Það er kannski besta dæmið um stuðið og þá smitandi gleði sem Retro Stefson býr yfir að stúlka sem búsett er erlendis og hafði lítið sem ekkert heyrt af nýja diskinum trylltist af gleði og dansaði frá sér allt vit. Settleg vinkona hennar sem dillar sér frekar stíf í takt við tónlistina þegar mesta stuðið er á henni missti stjórn á sér, sveiflaði höndum, hljóp á staðnum og reyndi á áður óþekkta vöðva þegar hún fylgdi sveitinni eftir.

Retro Stefson er að mínu mati besta og skemmtilegasta hljómsveit landsins um þessar mundir. Tónleikar hennar eru oftast nær frábær skemmtun sérstaklega þegar hljómsveitin nær jafnvel til áhorfenda og raunin var á sunnudag. Þó er einn hængur á. Eftir að hafa séð þó nokkra tónleika með sveitinni á nokkurra mánaða tímabili finnst mér að hún mætti hafa fleiri stuðtromp upp á að hlaupa. Gömlu trompin virka vissulega vel og hljómsveitin kann þau upp á tíu – danskennslan, kongadansinn og hvað þetta heitir allt. Ég hef alltaf verið hrifinn en hættan er sú að dyggir aðdáendur, og jafnvel hljómsveitin sjálf, fái leið ef sömu trompin eru alltaf notuð.

kristjan@frettabladid.is

**NIÐURSTAÐA:** Frábærir tónleikar hjá skemmtilegustu sveit landsins. Ný lög í bland við þau gömlu virkaði vel á áhorfendur sem dönsuðu og sungu hástöfum með. Sveitin var í miklu stuði sem og áhorfendur.







40%
afsláttur
af öllum útsöluvörum
ÚTSALAN
HEFST Í DAG, FRÁ KL.13–19.
eva
Laugavegi 26 | s.512 1715 | www.ntc.is | erum á facebook
DKNY | BY MALENE BIRGER | GERARD DAREL | BRUUNS BAZAAR | UGG | BILLI BI | KRISTENSEN DU NORD | FRENCH CONNECTION
VENT COUVERT | STRATEGIA | FREE LANCE | PLEASE | SAMSOE SAMSOE | COMME des GARÇONS

# Ásdís Hjálmsdóttir heldur til Sviss

**Írinn Terry McHugh verður næsti þjálfari spjótkastskonunnar Ásdísar Hjálmsdóttur. Ásdís hefur verið án þjálfara síðan í september er samstarfi hennar og Stefáns Jóhannssonar lauk. Stefnt er að því að Ásdís dvelji eina viku í mánuði við æfingar í Luzern í Sviss.**

**FRJÁLSAR** Ásdís Hjálmsdóttir mun fljúga á milli Íslands og Luzern í Sviss til æfinga á nýju ári. Ytra mun hún æfa undir handleiðslu Írans Terry McHugh en hér heima verður Einar Vilhjálmsson henni til halds og trausts.

„Það hefur verið ákveðinn þreifingartími í gangi þar sem hún hefur verið að fylgja eftir og þróa samstarf við Terry McHugh, indælisdreng sem ég þekki frá fyrri tíð,“ segir Einar Vilhjálmsson en Íslandsmet hans í spjótkasti, 86,80 metrar frá árinu 1992, stendur enn.

Einar þekkir ágætlega til McHugh sem er fremsti spjótkastari sem Írar hafa alið. McHugh keppti á fernum Ólympíuleikum frá 1988 til 2000 en 82,75 metra kast hans í London árið 2000 er írskt met.

„Já og hann kom meira að segja í Laugardalinn til þess að æfa með okkur Sigurði Einarssyni á sínum tíma. Hann var að ná þeirri stöðu að verða besti Írinn og við Sigurður að brillera. Hann tjaldaði í Laugardalnum og mætti á æfingar með okkur í nokkurn tíma yfir sumarið,“ segir Einar sem ber McHugh vel söguna.

„Svo hittum við hann af og til á mótum í Evrópu. Hann er voðalega indæll, traustur og góður náungi. Hún er í góðum höndum þannig. Ég bind miklar vonir við þetta allt saman,“ segir Einar.

### Ein vika ytra í mánuði

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stefnir Ásdís að því að verja einni viku við æfingar ytra og fylgja eftir æfingaáætlun hér heima. Þar verður Einar í mikilvægu hlutverki.

„Ég er boðinn og búinn að aðstoða hana eins og þarf,“ segir Einar sem minnir á að enn eigi eftir að ganga frá málunum í smáatriðum.

„Þetta er grófa hugmyndin en það er ansi mikill munur að vera á uppbyggingartímabili, undirbúningstímabili fyrir keppnistímabil og fara svo inn á mælt æfingatímabil og svo aðalkeppnistímabilið sjálft. Þetta kallar allt á mismunandi samskipti íþróttamannsins og þjálfarans og það á eftir að stilla þessu saman.“



**LÍST VEL Á MCHUGH** Einar Vilhjálmsson er bjartsýnn á samstarfið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FREMSTUR ÍRA** Terry McHugh er fremsti spjótkastari Írlands fyrr og síðar. NORDICPHOTOS/GETTY



**HORFIR TIL RÍÓ** Ásdís Hjálmsdóttir keppti á Ólympíuleikunum 2008 í Peking og í London síðastliðið sumar. Þrjú og hálft ár eru í leikana í Ríó en þá verður kastkonan á 31. aldursári FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Eftirminnilegt ár

Árið 2012 var eftirminnilegt fyrir Ásdísi Hjálmsdóttur. Afrekskonan kastaði 62,77 metra í fyrsta kasti sínu í undankeppni spjótkastskeppninnar á Ólympíuleikunum í London. Hún tryggði sig inn í úrslitin um leið og hún setti nýtt Íslandsmet. Hún hafnaði í ellefta sæti í úrslitunum og varð í öðru sæti í kjöri íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins á dögunum.

Einar segir Ásdísi vera í góðum höndum McHugh en einnig sé um að ræða gott tækifæri fyrir Írann.

„Þarna fær hann tækifæri með glæsilegan íþróttamann,“ segir Einar sem hlakkar sjálfur til verkefnisins.

„Það er virkilega gaman og spennandi að fá að vera hluti af þessu teymi. Hvert mitt hlutverk verður í smáatriðum verður tíminn að leiða í ljós,“ segir Einar sem lýst vel á komandi ár hjá Ásdísi.

„Þetta fer svona virkilega vel af stað á nýju ári og það eru heilmikil tækifæri í Ásdísi Hjálmsdóttur næstu fjögur árin,“ segir Einar.

kolbeinntumi@365.is

# Góð lok á erfiðum desember

**Árið 2012 hlaut góðan endi hjá handboltaþjálfaranum Óskari Bjarna Óskarssyni hjá Viborg í Danmörku.**

**HANDBOLTI** „Þetta var frábært. Tveir sigurleikir í röð. Ég verð að viðurkenna að það er orðið dálítið langt síðan ég upplifði það,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans í Danmörku í gær. Karlaliðið vann dramatískan eins marks sigur á Tvis Holstebro þann 27. desember og kvennaliðið vann stórsigur gegn Álaborg þremur dögum síðar.

Desembermánuður var í meira lagi skrautlegur hjá Óskari Bjarna og félögum hjá Viborg. Forráðamenn félagsins tilkynntu að karlaliðið yrði ekki sent til keppni í efstu deild á næstu leiktíð og Óskar Bjarni tók í kjölfarið við kvennaliðinu sem er á töluvert hærri stalli en karlaliðið.

„Þetta var sérstaklega gott fyrir strákana. Desember hefur verið erfiður og sterkt að enda á sigri gegn sterku liði Tvis,“ segir Óskar Bjarni. Liðið hafði tapað þremur leikjum í röð enda mikil meiðsli í herbúðum liðsins.

„Miðjumaður og vinstri skytta hafa verið meidd meira eða minna í allan vetur. Svo var fyrirliðinn, hægri skyttan, ekkert með í desember auk þess sem vinstri hornamaðurinn meiddist fyrir Tvis-leikinn,“ sagði Óskar Bjarni sem hægt og rólega hefur dregið sig út úr þjálfarahlutverkinu hjá karlaliðinu. Aðstoðarþjálfari hans og þjálfari B-liðs félagsins hafa tekið við en Óskar Bjarni verður þeim áfram til halds og trausts.

Óskar Bjarni viðurkennir að hann hafi reiknað með flótta hjá leikmönnum félagsins.

„Það er búið að tala við marga af okkar leikmönnum. Ég bjóst við því að við myndum missa markahæsta leikmanninn okkar því það voru mörg lið að tala við hann,“ segir Óskar og bendir á að leikmenn geti ekki skipt um lið innan Danmerkur eftir áramótin.

„Við erum því að halda öllum leikmönnum og leikmenn að snúa aftur úr meiðslum. Ef menn þjappa sér saman gæti karlaliðið orðið enn sterkara.“

### Krafa um árangur

Ólíkt því sem Óskar Bjarni fann fyrir með karlaliðið er skýr krafa um árangur hjá kvennaliðinu.



**MESSAR NÚ YFIR KONUNUM** Óskar Bjarni verður á fullu með kvennalið Viborg á meðan karlalandsliðið leikur á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Strákarnir og stelpurnar eru á hver á sínum enda spýtunnar. Krafan hjá strákunum er að þeir gefi allt í þetta og spili með hjartanu. Menn gera sér grein fyrir því hvar mannskapurinn stendur. Að mínu mati var pressan of lítil,“ segir Óskar Bjarni.

„Stelpurnar hafa reyndar ekki unnið deildina undanfarin tvö ár en að sjálfsögðu er pressa á árangur. Þetta er allt annað dæmi. Þeir vilja vera í Meistaradeildinni og til að komast þangað verður liðið að vera í öðru hvoru af tveimur efstu sætunum,“ segir Óskar Bjarni.

Kvennaliðið deilir efsta sætinu með nýkrýndum bikarmeisturum Midtjylland. Liðin eru taplaus en gerðu jafntefli í viðureign sinni. Sex stigum á eftir kemur meistaraliðið frá því í fyrra, Randers.

„Ég á eftir að skoða liðin fram og til baka enda ekki orðinn sérfræðingur í kvennaboltanum,“ segir Óskar Bjarni en minnir á að Randers hafi komist upp úr riðli sínum í Meistaradeildinni en Viborg hafi hafnað í fjórða sæti.

Hlé hefur verið gert á karlaboltanum vegna HM á Spáni en konurnar halda ótrauðar áfram leik í janúar. Óskar Bjarni er spenntur fyrir framhaldinu.

„Það er hægt að hafa fleiri æfingar með stelpunum. Strákarnir eru flestir í vinnu eða skóla. Stelpurnar geta nánast alla daga æft tvisvar á dag sem er mjög spennandi.“ - ktd



**GEFST EKKI UPP** Aron Rafn ætlar að gera allt til þess að komast í lokahópinn FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Aron Rafn orðinn frískur

**HANDBOLTI** Landsliðsmarkvörðurinn Aron Rafn Eðvarðsson er á góðum batavegi eftir flensu sem hélt honum frá æfingum með íslenska landsliðinu á milli jóla og nýárs sem og æfingaleikjunum tveimur gegn Túnis.

„Líðanin er orðin fín. Maður er búinn að liggja uppi í rúmi öll jólin. Ég naut matarins en ekkert meira en það,“ segir Aron Rafn, sem er þegar farinn að taka á því.

Hafnfirðingurinn hefur æft síðustu þrjá daga og segir allt á réttri leið.

„Ég hef verið að skokka, verið á snerpu- og lyftingaæfingum. Aðeins að sjokkera líkamann og sjá í hvernig standi ég er,“ segir Aron Rafn sem á í harðri samkeppni um sæti í lokahópnum sem fer til Spánar.

„Það er kannski erfitt að missa af leikjunum gegn Túnis. Þá fer ég kannski aftar í goggunarröðina. Ég verð bara að sýna mig þegar við mætum aftur til æfinga,“ segir Aron Rafn en fyrsta æfing eftir fjögurra daga frí verður í fyrramálið. -ktd


RITA – HÁRBEITTUR DANSKUR HÚMOR


RED RIDING – BRESKUR ÆSISPENNANDI ÞRÍLEIKUR


ONE BORN EVERY MINUTE


GO ONE

2 HD

Í LEIFTRANDI HÁSKERPU

STÖÐ 2 HD | VODAFONE Á RÁS 502
STÖÐ 2 HD | SÍMANUM Á RÁS 203
STÖÐ 2 HD | HD ÖRBYLGJUMYNDLYKILL Á RÁS 15

ÞAÐ ÞARF AÐ UPPFÆRA OG ENDURRÆSA ADSL- OG ÖRBYLGJUMYNDLYKLA


STÓRAUKIÐ NETFRELSI


BOSS


NEW GIRL


AMERICAN IDOL

# FJÖLSKYLDAN Á SKILIÐ ÞAÐ BESTA – SKEMMTUN FYRIR ALLA Á NÝJU ÁRI


GREY´S ANATOMY


THE MENTALIST

FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 OG STÓRAUKIÐ NETFRELSI

BÍÓ GULL krakkar POPP TÍVÍ

ALLT ÞETTA FYRIR 265 KR. Á DAG


THE EXPENDABLES


ÖRNINN – DANSKIR MIÐVIKUDAGAR


DÓRA LANDKÖNNUÐUR


THE CARRIE DIARIES

VILD – SJÁLFVIRKIR AFSLÆTTIR BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA – SKRÁÐU ÞIG INN Á STOD2.IS

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Meistarataktar hjá United

**Ekkert lát er á stigasöfnun Manchester United sem tók Wigan í kennslustund í gær. Robin van Persie heldur áfram að raða inn mörkunum í rauða búningnum og er markahæstur í deildinni með sextán mörk.**

**FÓTBOLTI** Gestunum frá Manchester var greinilega enn í fersku minni heimsókn liðsins til Wigan á síðustu leiktíð. United tapaði þá sinni fyrstu viðureign í sextán leikjum gegn Wigan og í kjölfarið má segja að titillinn hafi byrjað að renna úr greipum United.

Roberto Mancini, stjóri Manchester City, lét hafa eftir sér í viðtali á dögunum að Robin van Persie væri helsta ástæða þess að sjö stigum munar á grannliðunum á toppi deildarinnar. Van Persie skoraði tvívegis líkt og Javier Hernandez, sem einnig lagði eitt upp, í 4-0 stórsigri United.

Sir Alex Ferguson fór fögrum orðum um framherja sína tvo að leik loknum.

„Javier Hernandez er markaskorari og refur í teignum. Hæfileikar van Persie eru einstakir og fyrra markið hans stórkostlegt. Við bjuggumst við því að hann yrði lykilleikmaður sem myndi bæta einhverju aukalega við okkar leik og það hefur hann svo sannarlega gert,“ sagði Ferguson.

Þetta er annar leikurinn í röð þar sem United hélt hreinu og sýndu liðsmenn United á tíðum meistaratakta.

Lærisveinar Mancini hjá City unnu skylduverk þegar Stoke mætti í heimsókn. Þótt liðsmenn Tony Pulis geri stórliðunum oftar en ekki skráveifu á heimavelli sínum er liðið einatt sem lamb í höndum stórliðanna á útivelli. Sú var raunin í Manchester þar sem Englandsmeistararnir unnu 3-1 sigur.

Roberto Mancini hefur lagt áherslu á það í viðtölum undanfarnar vikur að framherjar liðsins nýti færin betur og minnti á það í viðtali eftir leik.

„Við munum vel að við unnum deildina á markatölu í fyrra. Það þarf að skora úr tækifærunum sem bjóðast,“ sagði Mancini ósáttur við færanýtinguna í fyrri hálfleiknum. Gylfi Þór Sigurðsson lagði upp jöfnunarmark Tottenham í 3-1 heimasigri á Reading. Hornspyrna Gylfa hafnaði á kollinum á Michael Dawson sem skoraði.

„Það var frábært að vera í byrjunarliðinu, ég er fullur sjálfstrausts og hlakka til þess sem fram undan er,“ sagði Gylfi að leik loknum. Tottenham skaust í þriðja sætið en Chelsea mætir QPR í kvöld.

Arsenal missteig sig í heimsókn sinni til Southampton. Spilamennska Arsenal olli vonbrigðum líkt og úrslitin. Stigið kom Southampton upp úr fallsæti þar sem liðið hefur betri markatölu en Wigan.

kolbeinntumi@365.is



**VEL FAGNAÐ** Gylfi Þór (til hægri) fagnar marki Michaels Dawson sem Hafnfirðingurinn lagði upp. NORDICPHOTOS/GETTY



**Á FLUGI** Javier Hernandez fór á kostum gegn Wigan í gær og var að öðrum ólöstuðum maður leiksins. NORDICPHOTOS/GETTY

## Í beinni í kvöld

**Kl. 19.45**
Liverpool - Sunderland — Sport 2 & HD
Chelsea - QPR — Sport 3
**Kl. 20.00**
Newcastle - Everton — Sport 4

*Sunnudagsmessan hefst strax að leik loknum á Sport 2*

## ÚRSLIT Í ENSKA BOLTANUM

**WEST BROM** 1
**FULHAM** 2
0-1 Dimitar Berbatov (39.), 1-1 Romelu Lukaku (49.), 1-2 Alexander Kacaniklic

**MANCHESTER CITY** 3
**STOKE CITY** 0
1-0 Pablo Zabaleta (43.), 2-0 Edin Dzeko (56.), 3-0 Sergio Agüero (74.)

**SWANSEA** 2
**ASTON VILLA** 2
1-0 Wayne Rouledge (9.), 1-1 Andreas Weimann (44.), 1-2 Christian Benteke (84.), 2-2 Danny Graham (95.)

**TOTTENHAM** 3
**READING** 1
0-1 Pavel Pogrebnyak (4.), 1-1 Michael Dawson (51.), 2-1 Emmanuel Adebayor (51.), 3-1 Clint Dempsey (79.)

**WEST HAM** 2
**NORWICH** 1
1-0 Mark Noble, víti (3.), 2-0 Joey O'Brien (26.), 2-1 Russel Martin (90.)

**WIGAN** 0
**MANCHESTER UNITED** 4
0-1 Javier Hernandez (36.), 0-2 Robin van Persie (43.), 0-3 Javier Hernandez (64.), 0-4 Robin van Persie (88.)

**SOUTHAMPTON** 1
**ARSENAL** 1
1-0 Gaston Ramirez (35.), 1-1 Sjálfsmark (41.)

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man.Utd. | 21 | 17 | 1 | 3 | 54:28 | 52 |
| Man.City | 21 | 13 | 6 | 2 | 41:19 | 45 |
| Tottenham | 21 | 12 | 3 | 6 | 39:27 | 39 |
| Chelsea | 19 | 11 | 5 | 3 | 39:18 | 38 |
| Arsenal | 20 | 9 | 7 | 4 | 40:22 | 34 |
| Everton | 20 | 8 | 9 | 3 | 33:25 | 33 |
| W.B.A. | 21 | 10 | 3 | 8 | 29:27 | 33 |
| Swansea | 21 | 7 | 8 | 6 | 31:26 | 29 |
| Stoke | 21 | 6 | 11 | 4 | 21:20 | 29 |
| Liverpool | 20 | 7 | 7 | 6 | 31:26 | 28 |
| West Ham | 20 | 7 | 5 | 8 | 24:24 | 26 |
| Norwich | 21 | 6 | 7 | 8 | 24:34 | 25 |
| Fulham | 21 | 6 | 6 | 9 | 32:37 | 24 |
| Sunderland | 20 | 5 | 7 | 8 | 21:26 | 22 |
| Newcastle | 20 | 5 | 5 | 10 | 26:37 | 20 |
| Aston Villa | 21 | 4 | 7 | 10 | 17:41 | 19 |
| Southampton | 20 | 4 | 6 | 10 | 27:38 | 18 |
| Wigan | 21 | 5 | 3 | 13 | 22:39 | 18 |
| Reading | 21 | 2 | 7 | 12 | 23:40 | 13 |
| Q.P.R. | 20 | 1 | 7 | 12 | 16:36 | 10 |



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## GLEÐILEGT NÝTT ÁR OPIÐ Í DAG 11:00-18:30

**Skipti á jólabókum** keyptum í verslunum Bónus eru möguleg til **6. janúar**

**KOLSÝRT VATN**
159 KR. 2 LTR.

**froosh** fruit: bottled
298 KR. 250 ML
Ósvikinn ávaxta-smoothie 250 ml

**HÁMARK** PRÓTEINDRYKKUR
495 KR. 3 X 250 ML

**BÓNUS HREINN**
HREINN ÁVAXTASAFI **APPELSÍNU EÐA EPLA** I LTR.
129 KR. I LTR

GRAPE
198 KR. KG

AVOCADO
459 KR. 750gr

NORÐANFISKUR ROÐ OG BEINLAUS ÝSA
SJÓFRYST ÝSUFLÖK **1259** KR.KG

**BÓNUS KAFFI**
398 KR.
BÓNUS KAFFI 500gr

APPELSÍNUR
198 KR. KG

FERSKAR VATNSMELÓNUR

Barilla SPAGHETTI 1.KG **259** KR.

459 KR. 1,2 KG
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG.

498 KR. 1 KG
FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG.

ESSENTIAL EVERYDAY AMERÍSKAR PASTASÓSUR
**PASTA**SÓSUR 680ml **198** KR.

**EINFALLT OG GOTT** *ÓDÝRAR NÚÐLUSÚPUR Á SVIPSTUNDU*

YUM YUM NÚÐLUR **70gr** BOX
98 KR.

ROOKIE NÚÐLUR **85gr** PAKKI
29 KR.

TVÖ FERSK FUJI-EPLI Í BOXI
198 KR. 2 STK

**BÓNUS** EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# DAGSKRÁ



## STÖÐ 2 kl. 20.05

### New Girl

Gamanþáttaröðin New Girl er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Jess langar í nýtt baðkar í íbúðina og fær Winston í lið með sér. Nick kynnist glæsilegri konu á barnum en henni fylgja vandamál og Schmidt þarf að velja á milli Cece og yfirmanns síns.

## Í KVÖLD



### Bully

**RÚV KL. 21.55** Verðlaunuð heimildarmynd um einelti í bandarískum skólum í leikstjórn hins margverðlaunaða Lee Hirsch. Fylgst er með fimm fórnarlömbum eineltis og fjölskyldum þeirra yfir eitt skólaár. Auk þess er rætt við tvær fjölskyldur fórnarlamba sem hafa fallið fyrir eigin hendi í kjölfar eineltis.

Rotten Tomatoes 86% IMDb 7,3



### House of Lies

**SKJÁR 1 KL. 22.50** Þættir með Don Cheadle og Kristen Bell í aðalhlutverkum og fjalla um hákarla bandarísks viðskiptalífs. Samvinna Marty Khan og The Rainmaker kemur samrunanum í hættu og þeir enda uppi sem hinir mestu óvinir. Samhliða því þarf Marty að takast á við viðbrögð sonar síns við fréttunum um April.

63/100 IMDb 7,2



### Up All Night

**STÖÐ 2 ,KL. 20.30** Stórskemmtilegir gamanþættir með þeim Christinu Applegate og Will Arnett (Arrested Developement) í hlutverkum nýbakaðra foreldra, með öllu sem því fylgir.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Blái engillinn: Ævi og söngferill Marlene Dietrich **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Nafnlausir vegir **15.25** Ljóðskáld í öndvegi **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Strengir og straumar **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Í lok árs **23.05** Hvað er stjórnun? **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.30 Ævintýri Sharpay** *(Sharpay´s Fabulous Adventure)* Ung stúlka fer til New York og ætlar sér frægð og frama á Broadway en hundurinn hennar verður á undan henni að fá hlutverk. Aðalhlutverk leika Ashley Tisdale, Austin Butler og Cameron Goodman.
**12.00 Undur sólkerfisins – Blái borðinn** *(3:5) (e)*
**13.00 Kingdom lögmaður** *(5:6) (Kingdom III) (e)* Breskur gamanmyndaflokkur með Stephen Fry í hlutverki lögmannsins Peters Kingdom.
**13.50 Tónaflóð** *(e)*
**16.35 Hefnd** *(10:22) (Revenge) (e)*
**17.20 Einu sinni var...lífið** *(21:26) (e)*
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 EM í fótbolta 2012** *(Symphony (The Score))* Svipmyndir frá EM í fótbolta í sumar með tónlist eftir UNKLE.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Læknamiðstöðin** *(21:22)*
**20.50 Jakob - Ástarsaga** *(1:6) (Dr Mama: Jacob - A Love Story)* Dönsk þáttaröð. Jakob hefur aldrei verið í sambandi sem hefur enst lengur en í þrjá mánuði.
**21.05 Gengið um göturnar** *(Þingholtin í Reykjavík)* Egill Helgason skoðar sig um í Þingholtunum í Reykjavík og ræðir við Guðjón Friðriksson sagnfræðing.
**21.55 Grimmd** *(Bully)*
**23.30 Kastljós** *(e)*
**23.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.55 King of California**
**13.25 Ultimate Avengers 2**
**14.40 Make It Happen**
**16.10 King of California**
**17.45 Ultimate Avengers 2**
**19.00 Make It Happen**
**20.30 Four Christmases**
**22.00 The Good Night**
**23.35 The Mist**
**01.40 Four Christmases**
**03.10 The Good Night**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** (20:22)
**08.30 Ellen** (31:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (52:175)
**10.20 60 mínútur**
**11.05 Perfect Couples** (9:13)
**11.35 The No: 1 Ladies' Detective Agency** (6:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 New Girl** (15:24)
**13.25 Gossip Girl** (19:24)
**14.10 Fly Girls** (2:8)
**14.30 Step It up and Dance** (1:10)
**15.30 Big Time Rush**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**16.52 Bold and the Beautiful**
**17.16 Nágrannar**
**17.42 Ellen** (70:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** (17:23)
**19.40 The Middle** (8:24)
**20.05 New Girl** (10:24)
**20.30 Up All Night** (22:24)
**20.50 Drop Dead Diva** (8:13) Önnur þáttaröðin um unga og bráðhuggulega fyrirsætu sem lætur lífið í bílslysi en sál hennar tekur sér bólfestu í ungri konu, bráðsnjöllum lögfræðingi Jane Bingum að nafni.
**21.35 Touch** (10:12) Yfirnáttúrulegir dramaþættir frá höfundi Heroes með Kiefer Sutherland í hlutverki föður sem reynir að ná tengslum við fatlaðan son sinn. Þegar faðirinn uppgötvar að sonurinn getur séð fyrir atburði sem enn hafa ekki átt sér stað breytist líf þeirra svo um munar.
**22.20 American Horror Story** (8:12)
**23.05 NCIS** (3:24)
**23.50 Person of Interest** (10:23)
**00.35 Breaking Bad** (4:13)
**01.20 The Closer** (1:21)
**02.05 Damages** (1:13)
**02.55 Skinwalkers**
**04.25 Drop Dead Diva** (8:13)
**05.10 New Girl** (10:24)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Icelandic Fitness and Health Expó** Skemmtilegur þáttur um Icelandic Fitness and Health Expó.
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Man. City**
**20.10 Sergio Garcia á heimaslóðum** David Feherty heimsækir spænska kylfinginn Sergio Garcia.
**21.00 FA bikarinn - upphitun** Hitað upp fyrir leikina fram undan í ensku bikarkeppninni.
**21.30 KPMG mótið** Úrvalslið Reykjavíkur mætir úrvalsliði landsbyggðarinnar í bráðfjörugu móti í anda Ryder-bikarsins.
**22.30 Herminator Invitational** *(1:2)* Sýnt frá góðgerðagolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stóð fyrir í Vestmannaeyjum.
**23.15 HM 2011: Ísland - Ungverjaland**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Wigan - Man. Utd.**
**14.05 Tottenham - Reading**
**15.45 Southampton - Arsenal**
**17.25 Tottenham - Reading**
**19.05 Football League Show**
**19.35 Liverpool - Sunderland** BEINT
**22.00 Sunnudagsmessan**
**23.15 Chelsea - QPR**
**00.55 Newcastle - Everton**
**02.35 Sunnudagsmessan**
**03.50 WBA - Fulham**

## Stöð 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.25 Svampur Sveinsson**
**08.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Elías**
**09.25 Strumparnir**
**09.45 Latibær** *(9:18)*
**10.10 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.20 Ofurmennið**
**17.45 Njósnaskólinn** *(9:13)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(8:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(16:25)*
**19.00 Friends** *(6:23)* Ross er lítið hrifinn af nýju barnapíunni hennar Rachel sem sjarmörinn Freddie Prinz Jr. leikur. Þá á Phoebe erfitt með að velja milli nýja kærastans Mikes sem Poul Rudd leikur, og gamla kærastans Davids sem Hank Azaria leikur.
**19.25 How I Met Your Mother** *(5:24)*
**19.50 Simpson-fjölskyldan**
**20.15 American Dad** *(1:16)* Stan er útsendari CIA og því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar því að á heimilinu búa m.a. kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur
**20.40 The Cleveland Show** *(20:21)* Skemmtilegir teiknimyndaþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar sem koma fyrir í þeim þáttum.
**21.05 Sons of Anarchy** *(7:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Mótorhjólaklúbburinn þarf að takast á við ógnanir eiturlyfjasala, spilltra lögreglumanna og verktaka til að halda velli. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólöglegur og óvæginn heimur byssuframleiðslu, peninga og ofbeldis.
**21.50 American Dad** *(1:16)*
**22.15 The Cleveland Show** *(20:21)*
**22.40 Sons of Anarchy** *(7:13)*
**23.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** *(104:175)*
**19.00 Ellen** *(70:170)*
**19.45 Two and a Half Men** *(11:24)*
**20.10 Curb Your Enthusiasm** *(10:10)*
**20.40 Entourage** *(11:12)*
**21.10 The Sopranos** *(7:13)*
**22.05 Two and a Half Men** *(11:24)*
**22.30 Curb Your Enthusiasm** *(10:10)*
**23.00 Entourage** *(11:12)*
**23.30 The Sopranos** *(7:13)*
**00.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*.
**09.35 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Minute To Win It** *(e)*
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.20 Obsessive Compulsive Hoarder** *(e)*
**19.10 America's Funniest Home Videos** *(e)*
**19.35 Everybody Loves Raymond** *(e)*
**20.00 Will & Grace** *(1:24) (e)*
**20.25 Top Chef** *(4:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
**21.10 Last Resort** *(6:13)* Hörkuspennandi þættir um áhöfn kjarnorkukafbáts sem þarf að hlýða skipun sem í hugum skipstjórnenda er óhugsandi. Hinn efnilegi leikari Darri Ingólfsson fer með hlutverk í þáttunum.
**22.00 CSI: Miami** *(14:19)* Einn albesti spennuþáttur veraldar þar sem Horatio Caine fer fyrir þrautþjálfaðri rannsóknardeild.
**22.50 House of Lies** *(11:12)*
**23.15 Hawaii Five-0** *(12:24) (e)*
**00.00 Half Ton Killer** Þessi ótrúlega heimildamynd segir sögu Mayra Rosales sem var ákærð fyrir morð á tveggja ára gömlum frænda sínum árið 2008.
**00.50 House of Lies** *(11:12) (e)*
**01.15 Last Resort** *(6:13) (e)*
**02.05 Everybody Loves Raymond** *(e)*
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.15** Ryder Cup Official Film **2002 10.**15 Wells Fargo Championship **2012** *(4:4)* **14.50** Champions Tour Year-in-Review **2012** *(1:1)* **15.45** The Memorial Tournament **2012** *(3:4)* **18.40** PGA TOUR Year-in-Review **2012** *(1:1)* **19.35** Inside the PGA Tour *(1:47)* **20.00** Tyco Golf Skills Challenge *(1:1)* **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason: Bjarni Harðarson fyrsti gestur á nýju ári **20.30** Tölvur tækni og vísindi: Hvað skyldi nýja árið bera í skauti á nýju ári tækninnar **21.00** Fiskikóngurinn; Ný búð, nýjar uppskrifir og glænýr fiskur **21.30** Hrafnaþing: Keppnislögin í Geðveikum jólum

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun






# LAGER-HREINSUN!

## HEFST FÖSTUDAGINN 4. JANÚAR Í ÖLLUM VERSLUNUM BYKO

**ALLT Á AÐ SELJAST**

ÓTRÚLEG VERÐLÆKKUN Á VÖLDUM VÖRUM

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

## NÝÁRSHEITIÐ



„Ég set mér yfirleitt engin nýársheit. En ætli ég reyni ekki að vera duglegri að skipuleggja mig og hætta að fresta hlutunum á nýju ári.“
Þorbjörg Roach Gunnarsdóttir, Retro Stefson

# Leikur unga og velviljaða drengi

Saga Garðarsdóttir fer með nokkur hlutverk í Macbeth í Þjóðleikhúsinu.

„Þetta var brjáluð eldskírn. Allt út í blóði og ógeði,“ segir Saga Garðarsdóttir leikkona um frumsýningu Macbeth í Þjóðleikhúsinu á annan í jólum. Verkið er það fyrsta sem hún frumsýnir í atvinnuleikhúsi en hún útskrifaðist af leikarabraut Listaháskóla Íslands í vor.

„Það var ótrúlegur heiður að fá að frumsýna Macbeth eftir Shakespeare í leikstjórn hins ástralska Benedicts Andrews,“ segir Saga. Hún fer með hlutverk aðalsmannsins Lenoffs. Áður hafði hún stokkið inn í hlutverk elgsins í Dýrunum í Hálsaskógi. Hvernig er að fá aðeins að leika karlkyns eða kynlausar persónur? „Mér finnst það bara skemmtilegt. Ég hef verið að leika unga og velviljaða drengi. Það er orðið svolítið mín týpa. Ég yrði mjög hörundsár ef Pétur Pan væri settur upp án mín,“ segir hún. „Í Dýrunum í Hálsaskógi ætlaði ég að leika kvenkyns elg en þegar ég fór í jakkafötin, setti upp hattinn og gráa hárið varð ég ósjálfrátt að gömlum karlelg með djúpa rödd.“

„Guðjón Pedersen var samt svo hugrakkur að setja mig í kvenhlutverk í næsta verki,“ segir hún og á við leikritið Fyrirheitna landið. „Ég fékk meira að segja að æfa mig í að leika stelpu og kyssa gamla karla um daginn við tökur á þættinum Hæ Gosi.“ Auk hermannsins leikur hún tré í Macbeth. „Við leikum heilan skóg saman og mér finnst það heiður að leika jafn rótgróna leikhúspersónu og tré.“ - hþt



**FYRSTA FRUMSÝNINGIN** „Það var ótrúlegur heiður að fá að frumsýna Macbeth eftir Shakespeare,“ segir Saga en hún leikur aðalsmann og tré. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ENSKUSKÓLI ERLU ARA
Enskuskóli Erlu Ara auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna. Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 40 ára og eldri.
Við bjóðum upp á: 10 getustig með áherslu á tal. Styrkt af starfsmenntasjóðum.
Skráning í síma 8917576 og erlaara@gmail.com
Þú ert velkominn í heimsókn og tekur ákvörðum eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt.


Facebook, vertu vinur
http://www.facebook.com/enskuskolierluara
Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga.




**SAMEINAÐAR Á NÝ** Systurnar Greta Mjöll og Hólmfríður Samúelsdætur halda tónleika í Smáranum þann 4. janúar næstkomandi. MYND / HANNA GESTSSDÓTTIR

# Spila Kanye á úkúlele

Systurnar Greta Mjöll og Hólmfríður Ósk Samúelsdætur skipa dúettinn SamSam.

„Það hefur ekki beint verið þema hjá okkur að hafa lítið að gera,“ segir knattspyrnukonan Greta Mjöll Samúelsdóttir, en Greta og systir hennar, Hólmfríður Ósk, halda tónleika í Smáranum hinn 4. janúar næstkomandi. Systurnar skipa dúettinn SamSam en þær vöktu fyrst athygli fyrir sex árum þegar þær sungu lagið Ó, María í Söngkeppni framhaldsskólanna.

Systurnar hafa nú sameinað krafta sína að nýju, en Greta hefur undanfarin ár lagt stund á fjölmiðlafræði í Boston og þær systur því ekki náð að vinna eins mikið í tónlistinni og þær hefðu vonað. „Við höfum reynt að nýta allan þann tíma þegar við hittumst til að syngja og spila saman en það getur verið erfitt þegar við búum hvor í sinni álfunni,“ segir Greta.

Hún útskýrir að Hólmfríður sjái alfarið um að semja lögin en að þær hafi sent einhverja texta sín á milli. „Ég átti það líka til að spila á úkúlele í Boston, taka það upp og senda Hófí og spyrja hana álits. Svo þegar ég kom heim um páskana fórum við bara beint í stúdíó og tókum upp allt sem ég þurfti að gera og svo fór ég bara aftur út.“ Greta segir þær ætla að spila frumsamið efni á tónleikunum í bland við þekkt lög sem þær klæða í nýjan búning. „Þetta verða mestmegnis lögin okkar en inn á milli tökum við einhver lög sem við fílum og þekkjum og breytum þeim svolítið. Við tökum til dæmis eitt lag með Kanye West á úkúlele og svona.“

Tónleikarnir fara fram í veislusal Breiðabliks í Kópavoginum og er það engin tilviljun. „Við eigum að sjálfsögðu auglýsa tenginguna við Smárann og nýtum öll sambönd sem við höfum,“ segir Greta, en foreldrar þeirra, Ásta B. Gunnlaugsdóttir, fyrrum landsliðskona í knattspyrnu, og Samúel Örn Erlingsson íþróttafréttamaður, eru miklir Blikar. Hólmfríður Ósk er í mastersnámi í lýðheilsufræðum en starfar að auki sem stundakennari í grunnskólanum í Grindavík. Greta Mjöll er útskrifuð úr fjölmiðlafræði og vinnur um þessar mundir að meistaraverkefni sínu í stafrænni fjölmiðlun en samhliða spilar hún knattspyrnu með Breiðabliki og er nú alfarið flutt heim frá Bandaríkjunum. „Núna getum við loksins farið að spila saman á ný. Það eru spennandi tímar fram undan.“

kristjana@frettabladid.is






# Þetta er orðið mjög þreytt

Myndir ljósmyndarans Rebekku Guðleifsdóttur eru ítrekað notaðar í leyfisleysi.

„Ég veit ekkert hvaða síða þetta er og ég tengist henni ekki neitt,“ segir ljósmyndarinn Rebekka Guðleifsdóttir, en mynd eftir hana er notuð í leyfisleysi á vefsíðu Norden Voyager-afsláttarkortsins.

Umrætt afsláttarkort er á vegum Norræna félagsins og á vefsíðunni má sjá margar smámyndir, en ein þeirra er sjálfsmynd ljósmyndarans.

Rebekka segir að líklega hafi myndin verið tekin ófrjálsri hendi af Flickr-ljósmyndavefnum, þar sem hún hýsir myndasafn sitt.

„Ég er búin að lenda ítrekað í þessu og þetta er orðið mjög þreytt,“ segir Rebekka, en hún íhugar að hafa samband við Myndstef, samtök myndhöfundarréttarhafa á Íslandi.

Árið 2007 komst Rebekka í heimsfréttirnar þegar myndir hennar voru teknar af vefsvæði Flickr og fjölfaldaðar ólöglega til endursölu.

„Það skapaðist mikil umræða um höfundarrétt á ljósmyndum á internetinu og ég fór í viðtal hjá BBC, en ég fékk aldrei neinar bætur eða neitt slíkt. Sá sem var að þessu lét sig bara hverfa.“ - hva



**LEITAR RÉTTAR SÍNS** Rebekka íhugar að hafa samband við Myndstef.




**NOTUÐ ÁN LEYFIS** Rebekka prýðir vefsíðu afsláttarkortsins Norden Voyager.




# BETRI VÍNBÚÐ

## VIÐ BREYTUM OG BÆTUM VÍNBÚÐINA Í AUSTURSTRÆTI

Í JANÚAR OG FRAM Í FEBRÚAR STANDA YFIR ENDURBÆTUR Á VÍNBÚÐINNI OKKAR Í AUSTURSTRÆTI.
TAKK FYRIR AÐ SÝNA OKKUR ÞOLINMÆÐI Á MEÐAN Á ÞEIM STENDUR.

HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI YKKUR Í NÝRRI OG BETRI VÍNBÚÐ.



vinbudin.is

VÍNBÚÐIN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Námskeið
*- innifalin í áskrift -*
www.badhusid.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Óvænt brennufjör

Það var ekki ónýt brennuskemmtunin sem Eyjamenn nutu við áramótabrennuna við Hástein í Vestmannaeyjum síðdegis á gamlársdag. **Árni Johnsen** spilaði þar á gítar og söng hástöfum. Hann fékk hjálp úr óvæntri átt því til Eyja var enginn annar en stórsöngvarinn **Kristján Jóhannsson** mættur til að syngja með Árna lög eftir Ása í bæ. Eyjamenn tóku að sjálfsögðu undir og sungu nýja árið inn saman. **- bþh**



### Eyddi áramótunum í Stóru-Mörk

Tónlistarmaðurinn **Sting** hefur verið hér á landi undanfarna daga, eins og Fréttablaðið greindi frá á gamlársdag. Fjölskyldan öll kom saman á Íslandi, Sting og eiginkonan Trudie Styler, ásamt börnunum þeirra fjórum og tveimur börnum Sting úr fyrra hjónabandi. Börnin eru á aldrinum 17 til 36 ára og búa beggja vegna Atlantsála. Fjölskyldan fór í sleðaferð upp á Langjökul og á hestbak og varði klukkustund á dag í jóga. Hópurinn eyddi áramótunum í Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum og hafði ráðið sér þjón og kokk til að veislumaturinn væri sem frambærilegastur. Stórstjarnan og fjölskylda fara af landi brott í dag. **- sh**



## Mest lesið




1. Íþróttafréttamaðurinn Edda Sif bregst við Skaupinu
2. Edda Sif segir að Skaupið hefði mátt vera fyndnara
3. Sérsveitin handtók haglabyssumann
4. Ættu að slökkva á netinu um helgar
5. Tíu fengu fálkaorðuna





